A. Gyürtök [illegible]

[illegible]

[illegible]

1360 4,20

II Gjörðabók Ungmennafjelags Holtshrepps.

II. Útgáfa.

# Fundargjörð 50.

Sunnudaginn 3/1 1926 hjelt Ungmennafjelag Holtshrepps fund að Bjarnagili í fundarstjóri var Hartmann Pálsson er nefndi til ritara Jóhannes Sigurðsson: Þessi mál voru tekin fyrir á fundinum.

1. Kom til umræðu um flutning á husbyggingarefni og var ákveðið að taka það niður á Hraunamöl og keyra því framm á Ketilás.

2. Var ákveðið að hafa útboð á byggingunni, Valgarð Kristjánsson tók að sjer að vita hvort ekki væri hægt að fá keyptann grunn á svokölluðum Ketilás undir húsið. Kom til umræðu hvort ekki ætti að panta við í húsið hjá samvinnu fjelagi Fljótamanna.

3 Valgarð Kristjánsson gat þess að heyfælga Ungmennafjelagsins væri seld Jóni Jóhannesarsyni Siglufirði, fyrir kr 350 (þrjúhundruð og fimtíu kr).

4 Fundurinn samþykti að lána Páli Arngrímssyni Hvammi kr 250 (tvöhundruð og fimtíu kr) gegn 6% vöxtum. Lánið á að vera borgað fyrir Marsbyrjun

Fundarstjóri til næsta fundar Ásvaldur Pálsson.

Ritnefnd sama framsögu nefnd sama

Fundarstjóri þakkaði góðar umræður og sagði fundi slitið.

(Hartmann Pálsson fst. Jóhannes Sigurðsson ritari)

# Fundargjörð 51.

Sunnudaginn 24/1 var fundur haldinn í Ungmennafjelagi Holtshrepps á Brúnastöðum, fundar stjóri Ásvaldur Pálsson nefndi hann fundar ritara Jón Arngrímsson.

Fundar mál voru þessi:

1 Lesin upp fundargjörð frá 22 Nóvember 1925, og samþykt óbreitt

2 Lesið upp álit Byggingar nefndarinnar og urðu litlar umræður út af því, var það síðan borið undir atkvæði og samþykt í einu hljóði Einnig var leytað samskota hjá fjelagsmönnum, að flitja verkefni á byggingarstaðinn (sand og möl) reyndust fjelagsmenn hjer sem fyr úrlæksgóðir fjelagar í framkvæmdum fjelagsins, gaf hver fjelagsmaður frá 10– upp í 50 tunnur rúmar af möl og sandi (komið á staðinn), svo á einum fundi söfnuðust, 200 tunnur þeir sem á fundi voru

3 Ritnefndin Sigríður Jóhannesardóttir gerði fyrir spurn til ritnefndarinnar hvert hún ætlaði að láta blaðið sofna til fuls í höndunum á sjer, hvað hún það ófært að gera ekkert að í því efni meðan væru áhugalausir fyrir því, væri betra en ekki að skrifa uppteknar smásögur og skrítlur í það heldur en að láta það hætta að koma út. Fóru menn nu að ókyrrast

í sölum sínum og gjöra augonum til ritnefndarinnar, hafði hún það út fyrir sig að bera að hún áleit það verk stjórnarinnar að láta blaðið koma út í fyrsta skifti á fjelagsárinu, talaði formaður máli stjórnarinnar og hvað hafa ætlað að láta stjórnina sitja í ritnefnd fyrst eins og að undan förnu en með stjórnendur sínu ~~hefðu~~ ~~heitað~~ neitað á ~~þeim komið út fy~~ og var afleiðandi hefði hann kosið þessa ritnefnd sem ekkert hefði sjeðst eftir.

Svohljóðandi tillaga kom framm í þessu efni frá Jóni Arngrímss.
„Fundurinn samþykkir að fjelagsstjórnin sjái um að blaðið komi út í byrjun hversfjelagsárs, til lagan samþykkt, var málið síðan tekið út af dagskrá.

4 Valgarð Kristjánss lagði spurningu fyrir fundinn hvort menn vildu ekki að kosinn yrði einn fjelagsmaður til að lesa upp til skemtunar á hverjum fundi, og var það samþykkt í einu hljóði, var Valgarð kosinn til að skemta á næsta fundi.

5 Kosið í nefndir, í ritnefnd: Stjórnina, í framsögu nefnd Ástvaldur Pálsson, Jón Arngrímsson Jóhannes Sigurðsson.

Fundarstjóri til næsta fundar Gunnlaugur Kristjánsson.

Fleira kom ekki til umræðu fundi slitið

(Ástvaldur Pálsson fundarst. Jón Arngrímsson fundarritari)

52. Fundargjörð

Sunnudaginn 21 Febrúar 1926 var fundur haldinn í Ungmennafjelagi Holtshrepps að Brúnastöðum. Fundarstjóri var Gunnlaugur Kristjánss og nefndi hann fundarskrifar Svein Jónsson. Þetta gjörðist á fundinum:

1. Lesin upp fundargjörð frá 3 Janúar og samþykt einnig lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþykk.

2 Skemtinefndin skýrði frá að inn hefði komið á síðustu skemtun (sjónleik Happið) kr, 90,00, til frádráttar komu kr. 16,00, og voru krónu 74 afhenda gjaldkjera á fundi. Ennfremur hefði Sveinn á Brúnastöðum sett upp kr 20,00 fyrir húslán. Um borgun fyrir húslánið varða nokkuð rætt, vild skemti nefndina að greiddar væru kr, 10,00 fyrir skemdir sem orðið hefðu á ýmsu á meðan á skemtaninni stóð, en að öðru leiti væri húslánið ekki borgað. Vegna þess að ýmsar upplýsingar vantaði, svo sem hvaða mánaðardag húsamningarinn var undirritaður hvort bókun sett fyrir því að fjelagar hefðu þriðju skemtunina frýja, var engin á kvörðun tekin í ~~því~~ með borgun en málinu vísað til næstafundar til úrskurðar.



3 Sundmál. Samþykt var að sækja um 120,00 kr úr sýslusjóði Skagafjarðarsýslu, til sundkjenslu í Þrepporum til á komandi vori. Sundgjald var ákveðið einsog síðast liðið vor fyrir hvern nemenda Jón Arngrímsson tók að sjer að sjá um laugina á næsta vori ef hann yrði heima, en að öðruleiti var málinu vísað til stjórnarinnar til framkvæmda.

4 Formaður þakkaði fjelögum fyrir góða þátttöku við sand og malar akstur og óskaði eftir álýti fundarins hvernig grjót flutningnum skyldi hagað. Fundurinn taldi æskilegt að fjelagsmenn gætu komið sem flestir saman í einu og skyldi byggingarnefndin hafa forgöngu á málinu.

5 Samvinnu mál, Jón Arngrímsson las upp brjef frá formanni Vonarfjelagsins í Stíflu Steini Jónssyni Hring, óskar hann eftir að samvinna gæti tekist á milli fjelaganna. Til þess að byrja með býður hann einum eða fleiri Ungmennafj að sitja á fundi hjá þeim sem haldinn yrði sunnudaginn seinastann í Góu. Um málið urðu talsverðar umræður, og töldu flestir sem vinnu æski bæta á milli fjelaganna í ýmsum málum, ef í einlægni og hlutdrægnislaust væri unnið. Við umræður kom það í ljós að næsti fundur hjá U.m.f ætti að verða viku fyr en hjá Vonarfjelögum, og var því ákveðið að bjóða einum eða fleirum Vonarfjelögum að sitja fund hjá U.m.f og Jóni Arngrímssyni falið að láta formann Vonarfjelags vita það

6. Jóhannes Sigurðsson hreifði því hvort fjelagar vildu ekki taka upp eitthvert merki sem þeir svo bæru á fundum og öðrum samkomum fjelagsins um málið urðu litlar umræður var það borið undir atkvæði og samþykt Formaður tók að sjer að útvega merkin og ráða gerð þeirra.

7 Úrsögn frá Sigurði Jónssyni og fild með vott orð frá gjaldkjera um að hann væri skuldlaus við fjelagið 8 Gekk í fjelagið Herjólfur Sveinsson

8 Kosið í fram sögu nefnd Ástvaldur Pálsson Jóna Sigurðardóttir Björn Stefánsson.

Fundarstjóri til næsta funda Hartmann Pálsson.

Fleira kom ekki til umræðu fundi slitið.

(Gunnlaugur Kristjánsson fundar st. Sveinn Jónsson fundar skrifari)

## 53. Fundargjörð.

Sunnudaginn 14/3. 1926. var fundur haldinn af Ungmenna fjelagi Holtshrepps að Stóraholti, fundarstjóri var Hartmann Páls. og nefndi hann fundar ritara Jónu Sigurðardóttir.

Dagskrá fundarins var þessi:

1. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi, og var hún samþykt.
2. Lesinn upp Vísir, voru í honum þrjár ritgerðir var gerður góður rómur að þeim og engin athugasemd.
3. Samþykt að borgaðar yrðu [struck through: varu] kr20. fyrir húslán að Brúnastöðum við síðustu skemtun. Hafði það upplýst að úti hefði verið leigutími á húsinu.
4. Sameiningarmál, hafði það mál verið tekið til umræðu áður innan fjelagsins og var það tekið upp aftur á þessum fundi, formaður fjelagsins Von, Stein Jónsson var mættur á fundinum skyrði hann frá afstöði sinni til þessa máls, hvaðst hann vera eindregið með því að fjelögin sameinuðust í eitt Ungmennafjelag og ef það gengi ekki fyrir sig þá að fjelögin hefðu samstörf. urðu um málið miklar umræður og voru flestir með samstarfinu en sárfáir með sameiningunni, engar tillögur komu framm í málinu og var það tekið útaf dagskrá.
5. Heyskapur, framsögumaður Ásvaldur Pálsson, gerði hann fyrirspurn til fjelagsmanna hvort það sýndist ekki ráðlegt að heyað yrði á komandi sumri einsog að undanförnu til að afla fjelaginu tekna, var það samþykt í einu hljóði og var kosin þriggjamanna nefnd til að starfa að því, hlutu kosningu Svein Jónsson, Valgarð Kristjánsson, Jón Arngrímsson.
6. Málefni Björs Stefanssonar var ekki tekið til greina var það álitið heyra undir starfsvið byggingarnefndarinnar.
7. Kosið í nefndir í ritnefnd Jón Arngrimsson Dagbjört Jónsd Sigriður Jóhannesardóttir.

Framsögu nefnd Svein Pálsson Valgarð Kristjáns Guðbjörg Jónsdóttir. Til að skemta með upplestri Gunnlögur Kristjánss. Fundarstjóri til næsta fundar Jón Sigurðar

Fundarstjóri þakkaði góðar umræður og sagði fundi slitið.

Hartmann Pálsson, fundarst. Jóna Sigurðardóttir, ritari.



## 34 Fundargjörð.

Sunnudaginn. 11/4 1926 var fundur haldinn í U.m.f. Holtshrepps að Stóraholti Fundarstjóri Jón Arngrímss. er nefndi til skrifara Valgarð Kristjánsson þessi mál voru tekin fyrir og rædd á fundinum.

1. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþykt óbreitt.
2. Skriflegar gjörðir frá síðast liðnum byggingarnefndar fundi gleymdust heima en munnlegar skíringar gefnar sem ræddar voru og samþyktar óbreittar
3. Blað fjelagsins kom ekki út og var rit nefndin áminnt um að koma því út á næsta fundi, einn ritnefndar maðurinn Jón Arngrímsson lýsti alvarlegri vanþóknun sinni yfir lýsingu á sjálfum sig, sem ritnefndar mann framvegis.
4. Framsögunefnd. Svein Pálsson mætti ekki. Næsti framsögum. V Kristjón bar upp hvort Ungmenna fjelagið vildi ekki gangast fyrir því að halda yðnsýningu á næstkomandi vetri, málið fjekk góðar undirtektir og var vísað til næsta fundar.

Þriðji framsögumaður Guðbjörg Jónsdóttir, bar upp hvort U.m.f vildu ekki skjemta sjer á Sumardaginn fyrsta, málefnið var tölu vert rætt og svo- hljóðandi tillaga borin framm í málinu „ Fundurinn samþykkir að skemti samkoma verði haldinn á sumardaginn fyrsta í fjelagi við málfundafj Von í Stýflu, svo framar lega sem það samþykki það." tillaga samþykt: og var skemtinefndinni falin frekari umsjón með því

6. Gefnar upplýsingar um hina fyrir huguðu skemti með fjelaganna, af skemtinefndinni, nefndin kom sjer ekki saman um hvernig hagað skildi veitingum og skaut máli sínu til fundarins, fundurinn úrskurðaði að engar veitingar yrðu hafðar aðrar en þær sem fjelagsmenn vildu sjerstaklega hafa með sjer.
   Málið falið skemtinefndinni til frekari umsjónar.
7. Gjaldkeri Svein Jónsson bar upp hvort fjelagsmönnum syndist ekki að færa aðalfund fjelagsins [struck through] fyrir áramót, hvað að ástæðu fyrir farsluðni á fundinum þá að reikningar fjelagsins gætu ekki komið út fullklaraðir, eins og honum væri fyrir komið nú. Málið fjekk góðar undirtektir og fundarfærsla talin nauðsinleg. Málinu vísað til næsta fundar til úrskurðar.

Fleira kom ekki til umræðu.

Ritnefnd sú sama.

Framsögu nefnd Svein Pálsson Gunnlaugur Kristjánsson Kristján Sæmundss

Til að lesa upp Jón Arngrímsson. Fundarst til næsta fundar Valgarð Kr.

Fundarst. þakkaði góðar umræður og sagði fundi slitið.

Jón Arngrímss. fundarst. Valgarð Kristjánss fundar ritari

## 55 Fundargjörð

Sunnudaginn 9/5. 1926. hjelt Ungmennafjelag Holtshrepps fund að Stóra-Holti.

Fundarstjóri Valgarð Kristjánsson setti fundinn og tilnefndi ritara Guðfinnu Pálsdóttir. Þessi mál voru tekin fyrir og rædd á fundinum.

1. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþykt óbreitt.

2. Lesið upp blað fjelagsins Vísir

3. Færsla aðalfundar.

Gjaldkjeri fjelagsins taldi nauðsinlegt að færa aðalfund til áramóta og færði til ástæður fyrir því að hann gæti ekki skilað reikningum á aðalfundi ef hann væri haldinn, sunnudaginn fyrstann í vetri.

Við nánari athugun kom það í ljós að ekki var hægt að færa aðalfund nema lögunum væri breitt.

Svohljóðandi tillaga kom í málinu.

„Aðalfundi heldur fjelagið í Januar ár hvert."

Í staðinn fyrir „aðalfundi heldur fjelagið sunnudaginn fyrstann í vetri:" Tillaga samþykt með öllum greiddum atkvæðum

Fundurinn taldi nauðsinlegt að lögin væru athuguð og endurbætt og var stjórninni falið á hendur að gera það fyrir næsta aðal fund.

4 Formaður skyrði frá því að sýslunefnd hefði viljað breita sund nema gjaldi og hafa það kr 2. fyrir nemanda í eitt skipti fyrir öll. Skyrði hann einnig frá því að ráðinn væri sundkjennari Páll Jónsson frá Illugastöðum, kjendu hinn og kaupið um samið.

5 Heyskapar mál lítillega rætt vísað algerlega til heyskaparnefndar

6. Íðnsyning, framsögumaður Valgarð Kristjánsson, taldi bæði gagn og gaman ef Ungmennafjelagið gæti haldið iðnsyningu á næstkomandi árum. Málið fjekk góðar undirtektir.

7. Fjelagslíf framsögumaður Kristján Sæmundsen málið lítillega rætt.

8 Glímur framsögumaður Gunnlaugur Kristjánsson, taldi æskilegt að fjelagsmenn gætu komið saman og æft glímur á næstkomandi vetri. málið fjekk góðar undirtektir og var tekið út af dagskrá eftir góðar umræður

9 Formaður þakkaði hjónonum í Stór-holti Svanfríði Jónsdóttir og Guðmundi Olafssyni fyrir gefið húslán og ýms þægindi veitt fjelaginu á liðnum árum. Fleira kom ekki til umræðu. Fundi slitið

Valgarður Kristjánsson fundarstj. } Guðfinna Pálsdóttir, fundar ritari }



## 56. Fundargjörð

Sunnudaginn 24 Oktober 1926. hjelt U. M. F. Holtshrepps fund í húsi fjelagsins á Ketilás, formaður fjelagsins Valgarð Kristjánsson, setti fundinn og stjórnaði honum og tilnefndi hann fundar ritara Jón Arngrímsson.

Dagskrá fundarins var þessi.

1. Lesin upp fundar-gjörð frá síðasta fundi og samþykt.

2 Húsbyggingar mál. Húsbyggingarnefnd fjelagsins skýrði frá gjörðum sínum, hvað byggingin væri komin uppá mikla krónu upphæð, var það um næst 3,300, krónur, í sambandi við það skýrði gjaldkjeri frá fjárhags ástæðum fjelagsins, upplistist það að mundi vanta 8 sem næst 8,00,00 krónur fyrir það sem búið væri að gjöra, einnig skýrði form. öðru sem að húsbyggingunni tilheyrði, og hvaða leiðir hann hafði hugsað sjer til að greiða núverandi lánardrotnum fjelagsins og var það að fjelagið tæki lán svo framarlega það fengist við einhverja lánsstofnun bað hann fundar menn að láta skoðanir sínar í ljósi um það og eins hvort þeir sæu aðrar leiðir, urðu nokkrar umræður um málið og höfðu fundar menn ekki fundið neina aðra leið, samþykti því fundurinn að heimila, stjórninni að taka alt að 1000,00 eitt þúsund kr. lán á ábyrgð fjelagsins var málið síðan tekið út af dagskrá.

3 Jón Arngrímsson bar það undir fundinn hvort hagkvæmara væri ekki að skipað væri í skemti nefnd og aðrar nefndir sem starfaðu alt árið á þessum fundi eins og að undanförnu, en geyma það ekki til aðalfundar urðu all langar umræður um það og skiptar skoðanir var að lokum gengið til atkvæða um það. og samþykt. með meirihluta að nefndin starfaði aðalfunda í milli. og var málið tekið út af dagskrá.

4 Sala á heyi því sem aflaðist fjelaginu á liðnu sumri framsögum. Sveinn Jónsson, hvað hann það ekki vera í verkahring heyskaparnefndar að koma heyinu í verð, var rætt um söluna og upplýsingar gefnar um heyið af þessum sem seinast lögðu hönd að því,

kom fundar mönnum saman um að koma því sem fyrst í verð.

kom framm munnleg tillaga frá Valgarð Kristjánssyni um að fela Jóni Arngrímssyni Sveini Jónssyni að selja heyið fyrir það verð er þeim kæmi saman um. Málið tekið út af dag skrá.

5 Þessir gengu í fjelagið. Olafur D. Jóhannesson María Kristjánsd. Sigurlaug Bogad. Þuríður Þorsteinsdóttir. Bauð formaður þá velkomna og óskaði að þeim mætti auðnast að starfa vel og lengi innan vjebanda þessa fjelags.

6 Úrsögn frá Jónu Sigurðardóttir og fylgdi með vottorð frá gjaldkjera

7 Skipað í nefndir. Ritnefnd Hartmann Pálss. Olafur Jóhanness. Jóhannes Sigurðss. Framsögunefnd Björn Stefánss Sigurbjörn Bogas. Sveinn Jónss. Fundarst. til næsta fundar Jón Arngríms. Fundarst. þakkaði góðar umræður og sagði fundi slitið.

) Valgarð Kristjánsson fundarst. } Jón Arngrímsson fundar ritari }

## 57.

### Fundargjörð

Sunnudaginn 28. November. 1926. Hjelt U. m. f. Holtshrepps fund í húsi sínu á Ketilás. Fundarstjóri Jón Arngrímsson, setti fundinn og nefndi til ritara Hartmann Pálsson.

Þetta gjördist á fundinum

1 Lesin upp fundargjörð frá sídasta fundi og samþykt óbreytt.

2 Jón Arngrímsson skyrdi frá því að hey U. m. f. frá lidnu sumri væri selt Einari B Gudmundssyni á Hraunum fyrir kr 150. (eitt hundrad og fimmtíu Kr)

3 Lesið upp blað fjelagsins Vísir í því voru 5 greinar.

4. Framsögumál. Björn Stefanss. og Sigurbjörn Bogass. komu ekki með málefni, en Sveinn Jónss. kom með svohljóðandi málefni: „Hvad er naudsynlegast ad gjöra fyrir sveitina okkar í framtídinni". Nokkrir menn töludu í málinu og töldu vegagjördir einna naudsynlegastar, þó margt annad væri ógjört af því sem gjöra þyrfti. svo sem. gardrækt bathúsa kinni og. fl. Framsögumadur taladi seinast í málinu og taldi einnig vegagjördir naudsynlegasta málid þótt hitt væri einnig naudsynlegt er ádur var talid, málid tekid út af dagskrá.

5. Skemtinefndar mál. Gunnlaugur Kristjánss. skyrdi frá gjördum skjemtinefndarinnar. hún hafði hugsað sjer ad hafa skjemtun næsta Laugardagskvöld og selja að gang Kr 0,50 fyrir fullordna en kr 0,25 fyrir börn, fundurinn samþykti þettad. Einnig hafði hún hugsad sjer ad hafa Alfadans milli Jóla og Nýárs, og leita álits hjá fjelagsmönnum hvort þeir sæu sjer fært ad hafa líka körfu uppbod Nokkrar stúlkur tóku þá til máls og hvádust skilda gefa körfur ef enginn Alfadan irdi haldinn var þá skorad á þær ad gangast fyrir körfu söfnuninni og ábyrgjas ad nóu margar körfur fengjust svo hægt væri ad hafa körfu upp bod, en þad vildu þær ekki og hvádu þad vera í verkahring skjemtinefndarinnar. svo fjelagsmenn sáu sjer ekki fært ad sinna því og var því ákvedid ad hafa Alfadans

6 Gjaldkeri skyrdi frá því að skuld U. m. f. vid Samvinnufj. Fljótamanna væri fullum 2,00, kr hærri en getid hefdi verid um á sídastafundi

7. Skipad í nefndir. Í framsögu nefnd Gunnlaugur Kristjánss Gudfinna Pálsdóttir Gudbjörg Jónsdóttir. Í framsögunefnd Hartm. Páls Sveinn Jónss Sigrídur Jóhannesardóttir. Til ad lesa upp á næstafundi Hartmann Páls. Fundar st til næstafundar Jóhann Sigurdsson. Fleira kom ekki til umrædu fundarst þakkadi gódar umrædur og sagdi fundi slitid.

(Jón Arngrímss fundar. st.) Hartmann Pálsson fundarritari



## 58. Fundargjörð

Sunnudaginn 9. Janúar 1927. Hjelt U. m. f. Holtshrepps fund í húsi sínu á Ketilási. Fundarstjóri Valgarð Kristjánsson setti fundinn og nefndi til skrifara Sigurbjörn Bogasson. Þessi mál voru rædd á fundinum

1. Lesin upp fundar gjörð frá sídasta fundi og samþykt óbreitt.

2 Framsögumál. Gudfinna Pálsdóttir gjördi fyrirspurn til fundarins: „Hvernig hafa fjelagsmenn hugsad sjer ád afla fjelaginu tekna á næstkomandi ári?" Taldi hún þad heppilegustu leidina ad allir fjelagsmenn gæfu fjelaginu einhverja hluti sem þeir hefdu búið til, og þad gæti svo selt þá á uppbodi eda opinberri skemtun. Næst tók til máls Valgardur Kristjánsson, kvadst hann ekki finna ádrabed sem sjer fyndist betri en þessa til ád afla fjelaginu tekna Þá tók til máls Jón Arngrímsson var hann mótfallinn þeirri leid; vildi hann ád fjelags menn lánudu fjelaginu peninga ef þeir gætu þangad til ád fjárhagsástædur þess bötnudu.

Rætt var talsvert um málid hjuggust flestir vid ád geta ekki lánad fjelaginu peninga en lofudu hinsvegar ad gefa einhverja ~~hlut~~ muni.

Vegna þess ád margir fjelags menn voru ekki mættir á fundinum var málinu vísad til næsta fundar.

3 Formadur fjelagsins skýrdi frá ád adalfundur fjelagsins væri ákvedinn næsta sunnu-dag og las hann upp tillögu frá stjórninni ~~ad~~ um, ad hver fjelagsmadur bidi með sjer einum eda tveimur mönnum á fundinn og hefdi hún gert rád til þess ad fjelagsmenn gætu fengid veitingar keyftar á stadnum, handa sjer og sínum gestum. Bad hann fundar menn ad láta vilja sinn í ljósi í málinu.

Tillagan var mikjid rædd og ad sídustu samþykkt óbreitt.

4. Í fjarveru Kristjánss Sæmundssonar, var kosinn Jón Arngrímsson til ad endurskoda reikninga fjelagsins.

5 Í framsögunefnd og ritnefnd þeir sömu og á sídasta fundi voru kostnir.

Fundarstjóri þakkadi gódar umrædur og sagdi fundi slitid.

(Valgard Kristjánsson fundarst. Sigurbjörn Bogasson fundarritari)

59.

# Fundargjörð Aðalfundar.

Sunnudaginn 16 Janúar 1927 hjelt U.m.f. Holtshrepps aðalfund í húsi sínu.

Formaður fjelagsins setti fundinn og bauð alla velkomna. Ritari var Guðfinna Pálsdóttir.

## Dagskrá fundarins var þessi.

I Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþykt óbreitt

II Formaður gaf yfirlit yfir síðastliðið starfsár fjelagsins og viðskifti þess útá við sem voru um 4,000 kr.

III Gjaldkeri lagði framm endurskoðaða reikninga fjelagsins og skýrði frá fjárhagsástæðum þess á síðastliðnu ári.

eftir farandi athugasemd kom við 2 lið reikningana frá endurskoðend.

### Athugasemd.

Samkvæmt fylgiskjali um mismun á akkorði Guðmundar Jóakimss. við hús U.m.f. hefur gjaldkeri borgað 10 kr. meira en reikningurinn vísa til. Fleira fannst ekki athugavert við reikningana. Jón Arngrímss. Hartm. Pálsson.

Svar reikningshaldara.

„ Þegar jeg borgaði Guðmundi Jóakimssyni hafði jeg ekki sjeð hennann reikning, en vissi hinnsvegar hvað upphæðin var há, sem eftir stóð óborgað yfir. Fór jeg reikninginn hjá Guðmundi og bar upp hæðunum alveg saman. Eg taldi því ekki þörf á reikningi frá honum en tók að eins kvittun fyrir greiðslunni. Þegar jeg fjekk svo reikninginn sem athugasemdin getur um tók jeg eftir þessum mismun, en færði samt upphæðina sem jeg borgaði inn á aðal reikninginn, af þessum ástæðum

1. Jeg gat ekki aflað mjer upplýsingu hvernig á mismuninum stóð áður en fjelagsreikningurinn var gjörður.

2 Hafi Guðmundi Jóakimss. verið ofborgaðar Kr 10 farast þær fjelaginu til tekna á næstaárs reikningi Sveinn Jónsson.

Fleira fannst ekki athugavert við reikningana og voru þeir því samþyktir með öllum greiddum atkvæðum.

IIII. Lesin upp lög fjelagsins

V Lesin upp lög fjelagin og endurskoðuð og rædd grein fyrir grein. 4 grein breitt þannig „ Ársgjald er 2 kr fyrir eldri en 14 ára en 1 kr fyrir yngri, sem greiðist fyrir 10 Október ár hvert. enn fremur 5 gr. breitt þannig „ þeir sem segja sig úr fjelaginu frá áramótum til 1. Mars sjeu fríjir við árs gjöld.

Lögin borin undir atkvæði og samþykt.

VI Gjaldkeri ber upp hvort fjelagsmenn vildu veita inngöngu í fjelagið Sigurjóni Guðmundssyni eldri en 30 ára var það borið undir atkv. og samþykt.

VII Í fjelagið gengu 4 sem skrifuðu nöfn sín undir lögin og heita þeir Sigurjón Guðmundss, Sigurjón G Guðbrandsson. Hjalti Kristjánsson og Sigurður Pálsson. Bauð formaður þá velkomna í fjelagið.

VIII Stjórnar kostning. Formaður kosin Valgarð Kristjánsson með 16 atkv. Ritari Guðfinna Pálsdóttir með 12 atkv. Gjaldkeri Sveinn Jónsson með 12 atkv. Enn fremur kosið í varastjórn Hartm. Pálsson varaf. Gunnlaugur Kristjánss vara ritari Sigurjón G Guðbrandsson vara gjaldkeri

IX Skemti nefndar kostning. Kostningu hlutu þessir Björn Stefánss með 11 at. S. G. Guðbrandsson með 11 at. Jón Arngrímsson með 10 at. Sigurbjörn Bogass með 10 Hartmann Pálsson með 11 atkv.

X Jón Arngrímsson bar upp hvort fjelagsmenn vildu ekki breita tillögunni skemti nefndar kostningarinnar, skrifaði hann svohljóðandi tillögu í málinu „ Fundurinn samþykkir að sú breiting verði gjörð viðvíkjandi skemtinefndar kostningu að 3 menn verði kostnir að nýju í hana en 2 sitji eftir og það haft þannig framvegis." tillagan borin undir atkvæði og urðu jafn mörg at kvæði með henni og mót. Fundarstjóri skar úr málum með því að greiða atkvæði móti tillögunni, og var hún þannig feld

Jón Arngrímsson lýsti því yfir að hann hefði ekki góðar ástæður til að starfa í skemti nefnd framvegis, fundar stjóri bar undir fundinn hvort menn vildu ekki gefa honum lausn, var gengið til atkvæða og greiddu allir móti nema 2 sem greiddu með því.

XI Framtíðarstarfsemi fjelagsins V.K talaði fyrst og taldi áframhald á húsbyggingunni næsta framtíðarstarfsemi fjelagsins, næst talaði Jón Arn- og taldi hann þetta óheppilegt málefni að koma fram á aðalfundi. taldi hann heppilegra að koma með eitt hvert málefni sem fjöltara væri að tala um og sem öllum er á fundinum sætu væri leifilegt að taka til málsí, eins utanfjelagsmönnum.

Næst tóku til máls V. K og H P og hvaddust þeir því samþykki að öllum sem sætu á fundinum væri leifilegt að taka til máls ef þeir vildu. en þar sem engin tók til máls var það tekið út af dag skrá.

XII. Kosið í fram sögu nefnd Sigurjón Guðmundss Jón Arngrímss Ólafur Jóhann

XIII Lesin upp nafna skrá fjelags og voru þeir 29.

Fundar st. til næsta fundar Björn Stefánss

Fleira kom ekki til umræðu fleira kom ekki til umræðu

fundar st. þakkaði góðar umræður og sagði fundi slitið

( Valgarð Kristjánss. fundarst. ) Guðfinna Pálsdóttir ritar.)

## 60. Fundargjörð

Sunnudaginn 13. Febrúar 1927. hjelt Ungmennafjelag-Holtshrepps fund í húsi sínu á Ketilás. Fundarstjóri var Valgarð Kristjánsson form. (í fjarveru setts fundarstjóra Björns Stefanssonar) og til nefndi hann fundarritara Gudm. Gudbrandsson.

Dagskrá fundarins var þessi

I Lesin upp fundargjörð frá sídasta fundi (aðalfundi) og samþykt óbreytt.

II Lesið upp blað fjelagsins „Vísir“ (voru í því 5 greinar 3 stökur)

III Lesin upp ursögn frá Dagbjörtu Jónsdóttur.

IIII Framsögumál. Hvernig getum við best sameinað saungkrafta okkar? Frummælandi Sigurjón Gudmundsson. Málið var talsvert rætt og að lokum ákveðið að þeir sem vildu nema saung skildu koma saman næsta sunnudag þar á eftir og lofaði Sigurjón að kjenna

IIIII V Tillaga kom um að stitta millibilið á milli funda í fjelaginu úr einum mánuði í þrjár vikur.
Frummælandi var Jón Arngrímsson
Eftir talsverðar umræður var tillagan borin upp og samþykt, en af því um lagabreytingu var að ræða var málinu vísað til næsta fundar (sem ákveðinn var eftir þrjár vikur) til fullnaðar samþyktar

VI Hvað getum við gert, til að koma íþróttum í sem best horf Frummælandi Ólafur D Jóhannesson Fundurinn taldi vænlegast til umbóta og framfara í íþróttum að kjósa 3ja manna Íþróttanefnd sem hefði málið til meðferðar framvegis
Skrifleg kosning fór fram og hlutu kosningu: Hartmann Pálsson með 7 atkvæðum Gunnl. Kristjánsson 7 atk. Jón Arngrímsson 6 atkv.

VII Sundmál. Formaður gat þess að fundurinn þyrfti að ákveða hvað sækja ætti um háan styrk úr sýslusjóði Skagafjarðarsýslu til sundkenslu vorið 1927. Sökum vöntunar á ýmsum áhöldum til sundsins og þar af leiðandi aukins kostnaðar, ákvað fundurinn að sækja um 150.00 Kr að þessu sinni.

VIII Kosið í nefndir. Ritnefnd. Gudm Gudbrandss. Sigurjón Gudmundss. Guðbjörg Jónsdóttir. Framsögum. Þóra Pálsd. Sigurl. Bogad. Sveinn Pálss. Fundarstjóri næsta fundar Sigurjón Gudmundss. Lesa upp. Jóhannes Sigurðsson
Fleyra ekki rætt fundi slitið. Fundarst. V. K. ritari G. G.

## 61. Fundargjörð

1927

Sunnudaginn 6/3 hjelt Ungmennafjelag Holtshrepps fund í húsi sínu Fundarstjóri Sigurjón Gudmundsson, setti fundinn og tilnefndi fundarritar Hartm. Pálsson.

Dagskrá fundarins var þessi

I Lesin upp fundargjörð frá sídasta fundi og samþykt óbreytt.

II Lesið upp blað fjelagsins Vísir með 5 ritgerðum.

III Fundarfarsluma sem átti að ráða til likta á þessum fundi. Um það urðu nokkrar umræður og að lokum samþykti fundurinn að stitta millibilið, á milli funda um eina viku og láta það verða að lögum nú þegar

IIII Gjaldkeri gerði grein fyrir því hvernig á misvísuninni stæði er var í síðustu ársreikningum fjelagsins, við vitandi sakkarði það sem Gudmundur Jóakimsson tók að gera við
U.m.f húsið á reikningnum stóð mis munur á sjettulofti og hefðu vera Kr 10 en átti að vera Kr 20.

V Framsögumál Sigurlaug Bogadóttir, kom með svohljóðandi mál efni. „Hvort er skemtilegra að vera í sveit eða kaupstað“.
Taldi hún sveitalífið skemtilegra: Þessir töluðu í málinu: Sigurbjörn Bogason Jóhannes Sigurdsson Ólafur D Jóhannes Hartm. Páls. Valg. Kristjáns. Sveinn Jónsson S G Gudbrandsson

VI Framsögumál Sveins Pálssonar hljóðaði þannig.
„Hvernig getur fjelagið best hagnýtt sjer lóðina í kringum húsið sitt“
Málið var talsvert rætt og að lokum tekið út af dagskrá og vísað til næsta fundar.
Þriðji framsögumaður var ekki mættur

VI Skipað í nefndir Ritnefnd voru til nefndir Jóhannes Sigurdss. Hartm. Páls. Gunnlaugur Kristjánsson.
Framsögu nefnd Sveinn Jónsson Hjalti Kristjánsson Sigurb. Bogas.
Fundarstjóri til næsta fundar Jóhannes Sigurdsson
Til að lesa upp á næsta fundi Gudm S Gudbrandss.
Fundarst. þakkaði góðar umræður og sagði fundi slitið

(Sigurjón Gudmundss. fundarst.) Hartm Páls. fundarritari)

# 62. Fundargjörð

Sunnudaginn 27 mar 1927. hjelt Ungmennafjelag Holtshrepp fund í húsi sínu á Ketilás. Fundinn setti Jóhannes Sigurðsson og nefndi hann til fundarskrifara Svein Jónsson.

Á fundinum voru mættir 20 fjelagsmenn og 1 utanfjelagsm. Ólafur Arngrímss. Þetta gjörðist á fundinum.

I Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþykt.

II Tekið var fyrir til umræðu mál sem vísað var frá næsta fundi á undan til þessa fundar, viðvíkjandi ræktunar tilrauni á kartöflum á lóð Ungmennafjelagsins á vori komandi.
Undir umræðunum kom það í ljós að flestir gi töldu enga þörf á að gjöra þrufu í þá átt á næsta vori, af því synilegt væri vegna fjárskorts fjelagsin gæti ekki orðiðum neina framkvæmd að ráða á þessu sviði í nánni framtíð.
að loknum umræðum var málið borið upp til atkvæða og feltað þessu sinni með 19 atkv gegn 1.

III Formaður vakti máls á því hvort Ungmennafj: syndist ekki að heya á næsta sumri, eins og að undanförnu, og voru allir því fylgjandi, lagði formaður þá til að kosin yrði 3ja manna nefnd til að starfa að undirbúningi málsins á næsta sumri
Kosningu hlutu þessir Valgarð Kristjánss Hartm. Pálsson Sveinn Jónsson

IIII Framsögumál (vísuhelmingur) „Engum trúa ekki er gott, öllum hálfu verra." Framsögum. Gunnlaugur Kristjánss.
Olafur Arngrímsson bætti við. „Ero nú mölgin öll á brott hjá ungrionej og herra." Umræður urðu engar um vísu partana

V Tveir úr framsögunefndinni voru ekki mættir á fundinum og fleiri framsögu-mál því ekki rædd.

VI Formaður skýrði frá því að Ungmennafj. hefði verið veittur sund styrkur úr Sýslusjóði að þessu sinni kr 80, sem er ~~sem~~ 1/3 lægri styrkur en fjelaginu hefur verið veittur síðustu 2. árin
Stafar lækkunin af fjárhagsörðugleikum Sýslusjóð samhliða fjölgandi styrksumsækendum í ár

VII Formaður mynti fjelagsmenn á að þeir sem ætluðu að gefa fjelaginu muni ættu að hafa þá til fyrir Sumardaginn fyrsta.

VIII Skipað í nefndir. Ritnefnd Jón Arngrímss. María Kristjánsd Gunnlaugur Kristjánss. Í framsögu nefnd Sveinn Jónsson Guðfinna Pálsdóttir Sigríður Jóhannesd; til að lesa upp á næsta fundi Gunnlaugur Kristjánss. fundarst til næsta fundar S G Guðbrands
Fleira kom ekki til umræðu

Jóhannes Sigurðsson fundarst) Sveinn Jónsson fundarskrifari)



# 63 Fundargjörð

1927

Sunnudaginn 24 april hjelt Ungmennafjelag Holtshrepps fund í húsi sínu á Ketilási. með 20 fjelagsmönnum mættum. Fundinn setti formaður fjelagsins Valgarður Kristjánsson og til nefndi hann skrifara Guðmund Guðbrandsson.

Þetta gjörðist á fundinum.

1. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi, og samþigt óbreitt.
2. Lesið upp blað fjelagsins (Vesir) í því voru 4 ritgjörðir.
3. Framsögu mál. Sveinn Jónsson bar það undir fundinn hvort að mönnum sýndist það ekki ráðlegt að reina irði að fá hreppinn til þess að sækja um stirk úr Ríkissjóði Íslands, gegn því að fjelagið lánaði hús sitt til barnakjenslu framvegis álitið var að stirkur þessi mundi nema 1/3 virdingarverds hússins. Málið var mikið rætt og að lokum kosin 3. manna nefnd í það, kosningin fór skriflega fram og hlutu þessir kosningu. Valgarð Kristjánsson með 13 atkv. Jón Arngrímsson með 13 og Hartmann Pálsson með 10 atkv. nefnd þessi átti að vinna í samlögum við samskonar nefnd í málfundar fjelaginu "Von" í Stiflu og hreppsnefnd Holtshrepps.
4. Hartmann Pálsson gjörði fyrir spurn til fundarinns um það hvernig honum syndist heppilegast að hafa skjemtiferim á næsta sumri, um þetta urðu litlar umræður og að lokum falið skemti nefndinni til frekari framkvæmda.
5. Lesin upp saga ~~a~~ sem heytir "Norst álit á nútímamenningu" af Jóni Arngrímssyni. Fleira kom ekki til umræðu og því næst skipað í nefndir. Framsöga nefnd Jón Arngríms. Guðmundur Guðbrands. og Hartmann Páls. ritnefnd sú sama sem áður var. Fundar stjóri til næsta fundar Ólafur D. Jóhannesson til að lesa upp á næsta fundi Guðm. Guðbrandsson.

fundi slitið með þökk til fjelagsmanna fyrir góðar umræður.

(Valgarður Kristjánsson fundarstj. Guðmundur Guðbrandsson skrifari)

## 64. Fundargjörð

1927

Sunnudaginn 7 Mai hjelt Ungmennafjelag Holtshrepps fund í húsi sínu á Kjetilási Fundinn setti Ólafur Jóhannesson og nefndi hann fundarskrifara Gunnlaug Kristjánsson.

Á fundinum mættir 21 fjelagsmaður. Dagskrá fundarins var þessi
I Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþykt.
II Lesið upp blað Ungmennafjelagsins Vísir með þremur greinum
III Stirkveitingar mál, mál þettað var búið að ræða á næst síðasta fundi og þá kosin 5 manna nefnd til þess að ræða það og koma framm með nákvæmar upplísingar um málið. Svo var mál þettað tekjið til umræðu á fundi þessum 7 Mai á fundinum vóru tveir menn úr málfundar fjel. von í Stiflu Guðlaugur Jónsson Melbr. Steinn Jónsson Hring. Lás hann upp brjef frá Kristini Stefánssini til heirandi Stirkveitingarmálinu. Gaf hann fundarmönnum nákvæmar upplísingar um stirkveitingar málið. Taldi hann það ekki gjörlegt að sótt yrði um stirk af þeirri ástæðu að hreppurinn þirfti að teljast eigandi að húsum. Fjelaganna þar næst var málið borið upp og felt með öllum greiddum atkvæðum.
IIII Íþrótta mál. Formaður fjelagsins bar það upp fyrir fundinn hvort Ungmennafjel. og Málfundarfjel. von í Stiflu sæu nokkra leið efna hags vegna að ráða til sín kjennara til þess að kjenna íþróttir hjer í hrepp á næstkomandi vetri. Hafði hann talað við formann Ungmennafjel sýslusambands fengið hjá honum upplísingar um málið. Málið var mikið rætt og að síðustu borin upp í því svo hljóðandi tillaga frá Hartmann Pálssini.
Fundurinn samþikki að fela formanni fjel. og íþróttanefnd mál þetta til þekori framkvæmda tillagan samþikt.
V Framsögumál Hartmann Pálsson bar það upp fyrir fundinn hvort Ungm. fjelagar vildu ekki taka upp nó á næstkomandi vori máli þessu var misjafn orðrómur gefinn, var það mikið rætt og komu fundarmenn sér saman um að hver fjelags maður skjildi gjefa svarðarþokka og var það borið upp og samþikt með meiri hluta atkvæða
VI. 3. Fjelagsmenn sögðu sig úr fjelaginu og vóru það þessir
Guðfinna Pálsdóttir Ástvaldur Pálsson Kristján Sæmundsson fildu úrsögnum þessum vottorð frá gjaldkjera að úrsegendur væru skuldlausir við Fjelagið
VII Skjemtinefndar mál. Skjemtinefnd bar upp álit sitt tilheirandi sameiginlegum skjemti túr sem fjelögin hugsa sér að hafa í sameiningu á næstkomandi sumri las formaður skemtinefndar Steinn Jónsson Hring álit nefndarinnar gaf hann fundarmönnum góðar upplísingar og lísti því yfir hvernig sk. nefndin hugsaði sér að haga skemti túr þessum ~~og hvað hún huxaði~~ og hvað hún huxaði sér að hafa til skemtunar vóru fundarmenn skemtinefnd mjög samála. Þótti þeim hennar frammistaða svo góð sem hún gat verið til heirandi skemti ~~skemti~~ túr þessum fleira ekki rætt á fundinum fundi slitið

Ólafur D Jóhannesson fundarstj. Gunnl. Kristjánsson Ritari



## 65 Fundargjörð

Sunnudaginn 17 júlí 1927, hjelt Ungmennafjelag Holtshrepps fund á Kjetilásnum, fundarstjóri var Valgarður Kristjánsson og til nefndi hann ritara Hartmann Pálsson. Dagskrá fundarins var þessi.
1 Lesið upp álit heyskapar nefndar um niðurröðun dagsverka í heiskapinn á komandi sumri, og hafði hún ákveðið byrjunar dag Sunnudaginn í 17. vikunni og var það samþikt óbreytt.
II Formaður fjelagsins gjörði fyrir spurn til fjelagsmanna hvort þeir vildu eða sæu sjer fært að taka í íþróttakjennara á næstkomandi vetri eins og komið hafði til umræðu á síðast liðnum fundi. Málið var mikið rætt og fjelu Vonar fjelagar þeir er þarna vóru mættir það í ljósi að þeir mindu að öllum líkindum ekki taka þátt í því með íþróttakjennarann, sökum þess að þeir hefðu í higgu að taka þátt í íþróttakjenslu Jóns Þorsteinssonar (heimakjenslunni). var svo málið tekjið útaf dagskrá án þess að nokkur föst ákvörðun væri vari tekin í því fleira kom ekki til umræðu. Fundi slitið.

Valgarður Kristjánsson fundarstj. Hartmann. Pálsson Ritari.

## 66 Fundargjörð

Sunnudaginn 23 október 1927 hjelt Ungmennafjelag Holtshrepps fund í húsi sínu. Fundinn setti formaður fjelagsins. Valgarð. Kristjánsson til nefndi hann fundar skrifara Guðmund Guðbrandsson.
Dagskrá fundarins var þessi
1 lesnar vóru upp 2 fundargjörðir frá 2 síðustu fundum og samþiktar óbreittar.
II Fundarstjóri gjörði fyrir spurn til fundarmanna hvernig þeir hugsuðu sér skifti á ágóðanum af síðast liðinni sumar skemtun, málið var mikið rætt, og síðast borinn upp svohljóðandi tillaga. "Að körfur frá fjelagsstúlkum gengu óskiftar til Ungmennafjelagsins, en frá utanfjelags stúlkum skyldu körfur og merki skiftast í tvo jafna hluti milli fjelaganna, tillagan samþigt, með meiri hluta atkvæða. Og formanni fjelagsins falið að annast skiftin á tillögunnar grund velli.
III Hvort ætti að stofna sameigin legann íþróttasjóð milli fjelaganna eða ekki. Málið mikið rætt frá ímsum hliðum og að síðustu borið til atkvæða og fjellu þau þannig 7 með 7 móti, og var því málinu vísað til næsta fundar. IIII Nýjir fjelagsmenn Sóley Jóhannsdóttir Anna Bogadóttir Sigurbjörg Pálsdóttir fundarstj. til næsta fundar. María Kristjánsdóttir. [illegible]
framkvæmda nefnd Guðm G. Sig. J. Sigurbj. B. Fundi slitið V. K. fundarstj. Guðm G. ritari

## 67. Fundargjörð.

Sunnudaginn 11-12 — "27. Hjelt Ungmennafjelag. Holtshr. fund á „Ketilás" Fundarstjóri var María Kristjánsdóttir er nefndi til skrifara. Valgarð Kristjónsson, á fundinum váru mættir 14 fjelagsmenn. Þá var tekið til starfa á þessa leið.

I. Lesin upp og samþikt fundargjörð frá síðasta fundi svo lesið upp blað fjelagsins „Vísir" því næst tekin þau mál sem að lágu fyrir frá síðasta fundi, svo sem talað um að stofnaður yrði sam eigin legur íþrótta sjóður á milli fjelaganna, úr því fje sem kom inn á hinni sameinuðu sumar skemtun fjelaganna. málið var mikið rætt og látið til atkvæða ganga, en var felt með 8 gegn 6 atkvæðum, en hinsvegar samþikt að skifta fjenu samkvæmt áður samþiktri til lögu, á milli fjelaganna.

II. Formaður skýrði frá því að fjelagið ætti kost á að fá íþrótta kennara í 3 vikur. Stefán Runólfsson að nafni, gegn því að greiða honum 150,00 krónur um mánuðinn og frítt fæði, eða að öðrum kosti senda mann frá fjelaginu upp að Reykjum í Tungu sveit til þess að nema þar íþróttir í 6 vikur. mál þetta var mikið rætt, og upp lístist þá að fjelagið gæti ekki átt við íþrótta kenslu að sinni vegna fjár hags örðug leika, og var með öllu hætt við það í þetta skifti.

III. Formaður skýrði frá því að fjelaginu væri gjört til boð um að kaupa ofn í hið nibigða hús þess, og mælti hann með því að ofn þessi yrði keiftur þar eð hann mindi reynast hentugur fyrir þetta hús, ofn þessi á að kosta 100,00 krónur. Fjelags menn váru allir að deya úr kulda og hugsuðu gott til glóðarinnar, það var því samþikt í einu hljóði að ofn þessi irði keiftur

IIII Gjaldkeri fjelagsins skýrði frá sölu á fjelagsheiskapnum þeim í firra og þar með að kaupandinn að því heyi Einar B. Guðmundsson á Hraunum neitaði að greiða 22. kr. af heyverðinu mál þetta var endað með því að Jóni Arngrímssyni var falið með aðstoð gjaldkera að ná þessu hjá Einari.

V. Gert til boð í hey U.M.F. af þeim Páli Jónsyni á Illugastöðum og Sveini Jónsyni Bjarnargili í sinn helminginn hver, 26 h. hest á 125,00 kr. til boðin váru samþikt og alt heyið selt fyrir 250,00 krónur

VI. Skemtinefndar mál. Sigurbjörn Bogason bar það upp hvort að fjelags mönnum sýndist ekki að halda skemtun nú um næstu helgi, og benti á að haldin yrði tombóla fjelaginu til ágóða



þetta var samþikt og skemti nefndinni falið málið til frekari fram kvæmda.

VII. Kosið í nefndir skíringar nefnd. Anna Bogadóttir María Kristjánsdóttir Gunnlaugur Kristjánsson. Rit nefnd Þuríður Þorsteinsdóttir Hjalti Kristjónsson Herjólfur Sveinsson. Framsögu nefnd var sú sama og áður fundar stjóri til næsta Björn Stefánsson í fjelagið gekk. Axel Pétursson fleira gjörðist ekki á fundinum og honum þar með slitið.

María Kristjánsdóttir fundarstj. Valgarð. Kristjónsson ritari

## 68 Fundargjörð.

Sunnudaginn 4 des. 1927 hjelt Ungmenna fjelag Holtshrepps fund, á Kjetilási þar váru mættir 15 fjelagsmenn. Fundarstjóri var kosinn Jóhannes Sigurðsson í fjarveru setts fundarstjóra Björns Stefánssonar og nefndi hann sem fundar ritara Sigurjón Guðmundsson.

Dagskrá fundarins var sem nú skal greina

I Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþikt óbreitt

II Lesin upp grein eftir Þuríði Þorsteinsdóttir sem hún sendi blaðinu Vísir ásamt kvæði eftir Jakob Thórarensen. Um það urðu nokkrar umræður hvort kvæðið skyldi ynnfært í blaðið sumir óskuðu eftir að það yrði ekki ynnfært vegna þess að það var ekki frumsamið en aðrir hjeldu því fram að það kjæmi ekki rétt í bága við lög fjelagsins þó ekki væri alt frum samið sem í blaðið væri ritað síðast var það samþykt að kvæðið skyldi innfært í blaðið.

III Páll Sigurðsson kom með það málefni að mikil þörf væri á því að væri skipuð málhreinsunar nefnd, hann taldi að væru svo mörg orð notuð í daglegu tali sem vafasamt væri að ættu heima í Íslensku, og hvað væri mikil þörf að laga þetta, Málið rætt og samþikt með meiri hluta atkvæða; en vísað til næsta fundar.

IIII Guðm. Guðbrandsson kom með það málefni, að viðeigandi væri að Ungmenna fjelögin bæru fjelags merki, um það urðu skiftar skoðanir Sumir töldu það fáfengi legt prjál, en aftur aðrir sjálfsagðan hlut. Síðast var skipuð nefnd til að íhuga málið skipaðir váru: Guðm. Guðbrandsson Hartmann Pálsson Valgarður Kristjónsson.

V Ólafur Jóhannesson kom með það málefni, hvort Ungmenna fjelögum sýndist ekki rétt að fara iðka Tafl íþrótt og fjelagið keipti í framtíðinni einhvern góðann grip (sem verðlauna grip) og hann yrði svo altaf í eigu besta taflmannsins í fjelaginu. Málið rætt, síðann skipuð nefnd til að íhuga það þessir váru skipaðir. Ólafur Jóhannesson. Gunnl. Kristjónsson. Sigurbjörn Bogason.

VI Skipað í nefndir. Í ritnefnd. Sigurjón Guðmundsson Páll Sigurðsson Guðmundur Guðbrandsson. Í fransögu nefnd: Jón Arngrímsson Axel Pjetursson. Sveinn Jónsson Fundarstjóri á næsta fundi Sveinn Pálsson.

VII Fundarstjóri þakkaði góðar umræður og sagði fundi slitið.

Jóhannes Sigurðsson fundarstj. Sigurjón Guðmundsson ritari.

## 69 Fundargjörð.

2 Janúar 1928 hjelt Ungmennafélag Holtshrepps fund í húsi sínu á Ketilás Fundarstjóri var Valgarður Kristjánsson og nefndi hann til fundar skrifara Svein Jónsson mættir vóru 18 fjelagsmenn

Þetta gjörðist á fundinum.

I Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi 14 Des.) og samþykt.

II Lesið upp blað Ungmenna fjelagsins „Vísir" var í því ein grein með fyrir, sögn. Vakið og vinnið, eftir Gunnl. Kristjánsson.

III Formaður las upp brjef frá málfundar fjelaginu „Von" í stíflu, þess efnis að það býður Ungmenna fjelagið að sitja. Aðalfund þess 8 janúar n. k.

IV Málhyta nefnd. Á síðasta fundi hafði það mál komið fram og verið samþykt að kjósa þriggja manna nefnd til þess að taka einstök orð hjá ræðumönnum á fundum sem ekki eiga heima í íslensku máli skrifa þau upp og jafn framt benda á önnur viðeigandi orð í þeirra stað. Málinu hafði verið vísað til þessar fundar til fullnaðar samþyktar. Var það eftir nokkrar umræður borið upp til atkvæða og samþykt.

V Aðalfundar mál. Þá var talað um til högun á Aðalfundi fjelagsins var mikið um það rætt og að síðustu gjörðar þessar samþyktir í málinu a. Ákveðið var að bjóða Málfundarfjelaginu „Von" í stíflu að sitja Aðalfund Ungmenna fjelagsins sem gert var ráð fyrir að verði haldinn 15 Janúar n. k.

b. Stjórn fjelagsins var falið ásamt skjemti nefndinni að sjá um allan undir búning fyrir fundinn og til högun á skemtun í sambandi við hann.

c. Páll Sigurðsson Lundi tók að sér að koma með málefni á fundinn til skemtunar og tilbreitingar, sem flestir bæði felagsmenn og gestir þeirra myndu ræða um

VI Kosið í ritnefnd. Jón Arngrímsson Páll Sigurðsson Ólafur D Jóhannsson Fleira var ekki fyrir tekjið. Fundi slitið. (Valgarð. Kristjánsson fundarstj.)

(Sveinn Jónsson ritari)



## 70 Fundargjörð. Aðalfundar. 22 janúar 1928.

Sunnudaginn 22 janúar 1928. Var. Aðalfundur. Ungmenna felags Holtshrepps haldinn í húsi felagsins á „Ketilás" að viðstöddum 28- felags mönnum og 60 utanfélags mönnum. Fundinn setti formaður félagsins Valgarður Kristjánsson, bauð hann alla velkomna. Einnig las hann upp dagskrá fundarins. Fundar ritari var vararitari felagsins. Gunnl. Kristjánsson.

Dagskrá fundarins var þessi.

I. Lesin upp fundgjörð frá síðasta fundi og samþykt

II. Lesið upp blað felagsins „Vísir" af Gunnlaugi Kristjánsini vóru í því 4 greinar.

III. Gefið yfirlit yfir starfsárið af formanni felagsins

IV. Lesnir upp endur skoðaðir. Reykningar felagsins af gjaldkera og samþyktir

V. Lesin upp lög félagsins (grein fyrir grein) og samþykt.

VI. Í felagið gengu 2 menn sem skrifuðu nöfn sín undir lögin og heita þeir Stefán Guðmundsson. Pétur Stefánsson.

VII. Kosið í stjórn, kosnir vóru þessir formaður Valgarður Kristjánsson 22 atk. ritari Hartmann Pálsson 10 atk. gjaldkeri Sveinn Jónsson 13 atk. En fremur kosið í varastjórn kosnir voru þessir formaður Jón Arngrímsson ritari Gunnlaugur Kristjánsson gjaldkeri Ólafur Jóhannesson.

a. Gjaldkeri felagsins Sveinn Jónsson bar það upp hvort fundurinn væri því ekki samþykkur að vara maður sinn sem kosinn hafi verið. Ólafur Jóhannesson takji við gjaldkera starfi nú þegar á þessum fundi, hvað at hann geta losað sig frá því starfi með því að segja sig úr felaginu, ef það næði ekki fram að ganga með öðrum ráðum.

b. Stóð þá upp Ólafur Jóhannesson hvaðst hann ekki vera fær til, að taka það að sér, að vera gjaldkeri yrði hann því að beita sömu ráðum og Sveinn, og segja sig úr felaginu ef það næði fram að ganga málið rætt og komu fundar menn sér saman um að Sveinn yrði gjaldkeri næsta ár eins og kosningar hefðu fallið.

VIII. Kosnir vóru 2 menn til að endur skoða, næsta árs, reykninga felagsins kosnir vóru þessir Jón Arngrímsson. Páll Sigurðsson.

IX Kosið í skjemti nefnd. Jón Arngrímsson bar upp svo hljóðandi tillögu. Fundurinn samþykki að 2 menn séu dregnir úr skemti nefndinni er nú starfar, og aðrir 2 kosnir í stað þeirra er úr verða dregnir, og hinir gangu svo úr næsta ár, og þannig haft fram vegis. Tillagan rædd og samþykt.

þessir 2 menn voru dregnir úr skemti nefndinni
Björn Stefánsson. Sigurbjörn Bogason í stað þeirra voru
kosnir 2 menn. kosin voru þessi Sigríður Jóhannesdóttir
með 10. atkv. Gunnlaugur Kristjánsson með 10. atkv.
X. kosin máltíða nefnd. kosnir voru þessir. Páll Sigurðsson.
Hartmann Pálsson. Guðmundur Guðbrandsson.
XI. kosin fornsögu nefnd. þessir voru kosnir. Hjalti Kristjánsson
Björn Stefánsson. Sigurjón Guðmundsson.
XII. Mál. Tilboð frá Siglfirðingum um sameiginlegar
íþróttir. Málið var aðeins borið upp en lítið rætt. málinu
var vísað til næsta fundar.
XIII. Formaður sagði fundi slitið, og þakkaði mönnum
fyrir ágætt hljóð og framkomu meðan á fundinum stóð.

Valgarður Kristjánsson. fundarstj. Gunnlaugur Kristjánsson
(ritari.)

## 71 Fundargjörð.

1928.

Sunnudaginn 12 febr hjelt Ungmennafélag. Holtshr.
fund í húsi sínu á „Ketilás" Fundarstjóri var
Jón Arngrímsson til nefndi hann ritara
Guðmund Guðbrandsson. 21. félagsmaður var mættur
Dagskrá fundarins var þessi.
I Gunnlaugur Kristjánsson lasupp fundargjörð frá
síðasta. Aðalfundi Sveinn Jónsson hafði við hana
að athuga þessi orð að hann gæti sagt sig úr félaginu
en hann sagðist hafa sagt, að hann hefði ekki annað
ráð til að losast við kosninguna ef hann endilega vildi
II Lesið upp blaðið af Gunnl. Kristjánssini voru í því 2 gr.
III Gunnl. Kristjánsson gjörði fyrir spurn hvort fundur-
inn væri því samþykkur að nafnlausar greinar sem
blaðinu væru sendar skyldu færast inn í það ef ritari
fær ekki nöfn með og veit ekki hvort þær eru frá
félags eða utan félags mönnum. Sveinn Jónsson gjörði
fyrir spurn til frummælanda. Hvort þetta væri í
fyrsta sinn sem blaðinu borist nafnlausar greinar.
Frummælandi Gunnl. Kr. svaraði og sagðist geta
gjört grein fyrir hverjir væru höfundar, að greinum
blaðsins síðan hann tók við ritara störfum félagsins



Málið var mikið rætt og síðan komu fram tvær tillögur
og var tillaga Ólafs Jóhannessonar samþykt með meiri hluta
atkvæða. Hún hljóðar þannig: Fundurinn samþykkir
að inn í Ungmenna félagsblaðið „Vísir" megi ekki færast
greinar sem ritari veit ekki hver hefir ritað.
IV Sveinn Jónsson bar upp að fundurinn yrði að taka á kvöldum
um hvernig deila ætti niður kostnaði af aðalfundarskemt-
uninni, síðast. Málið mikið rætt og samþykt að félagssjóður
borgi frá U.M.F. „Von" En hver einstaklingur fyrir sína boðsgesti.
V Borið upp hvort félagsmenn hefðu greitt 11 með 9 móti. samþykt.
VI Borið upp hvort skemtinefndin skyldi ekki skifta niður
kostnaðinum kom það fram eins og víða annarstaðar að
sumir félagsmenn vilja að engir skuli gjöra neitt fyrir
félagið nema skemtinefnd, en svo voru ekki félagsmenn
blindaðir af ójafnaðar hug, að stjórninni voru falin skiftin
VII Leitað samskota að borga eldivið er til bagsturs eiddist og
gekk það fljótt
VIII Sveinn Jónsson bar upp hvort ekki ætti að sækja um
sund styrk eins og að undan förnu og hvað háann. Málið
talsvert rætt og samþykt að sækja um 150,00 kr. Gjaldkjera falið
það til frekari framkvæmda.
IX Fyrir fundinum lá að ræða um sameiginlega íþrótta mótið
fyrir hugaða en vegna þess að þeir sem mest voru málinu
kunnir voru ekki mættir var lítið rætt um það en kosin
nefnd til að fara til Vonar félags og ræða við þá til undir-
búnings. Sveini Jónssyni var falið að nefna mennina því
þá var svo dregið af mörgum fundarmönnum að þeir
máttu eigi mæla nefndi hann þessa. Jón Arngrímsson
Valgarð. Kristjánsson. Sigurbjörn Bogason Guðm. Guðbrandsson
Ólafur Jóhannesson (varam.) Björn Stefánsson
X. Samþykt að hafa mánaðar gjaldfrest á brauðinu. Allar nefndir
þær sömu. Fundarstjóri til næsta fundar Sveinn Pálsson
Fleira kom ekki til umræðu fundi slitið

[illegible]

Jón Arngrímsson fundarstj.
Guðm. Guðbrandsson ritari

# 72 Fundargjörð.

Sunnudaginn 4/3 1928 hjelt Ungmennafélag Holtshrepps
fund í húsi sínu á „Kétilás" Fundarstjóri var.
Valgarð Kristjánsson ritari Hartmann Pálsson.
Þetta gjörðist á fundinum:

I Rætt um sameiginlegt íþrótta mót. Siglfirðinga og
Fljót verja á komandi sumri. Valgarð. Kristjánsson hafði
framsögu á málinu og skírði frá samtali þeirra.
Jóhans F Guðmundssonar og hans viðvíkjandi íþrótta-
mótinu í sumar. Gerðu þeir ráð fyrir að þessar íþróttir
yrðu hafðar: 1 Hlaup, stökk, sund, knattspirna, og jafnvel
kappreiðar ef menn sæju sér það fært. Sökum þess að fáir
félagsmenn vóru mættir á fundinum og ekki hægt að
taka neina ákvörðun nema í samráði við. Vonar félaga
þá urðu litlar umræður um málið, og var því svo vísað
til íþrótta nefndarinnar, og henni falið að grenslast eftir þátt-
töku manna í þessum íþróttum. Málið var síðann
tekið út af dagskrá.

II Formaður, félagsins gat þess að félagið ætlaði að fara að
leika og þirftu félagsmenn því að létta undir með skemti-
nefndinni eins mikið og ástæð leifðu. Félagar brugðust vel
við þeirri kvöð og hjelu að þvo gólfið í húsinu ásamt fleyru.

III Samþykt var að hafa fund eftir hálfann mánuð,
fundar stjóri sagði fundi slitið.

Valgarð. Kristjánsson fundarstjóri
Hartmann Pálsson ritari.



# 73 Fundargjörð.

Sunnudaginn 1/4 1928 hjelt U:M.F. Holtshrepps fund,
í húsi sínu á „Kétilás" 16 félagsm. vóru mættir auk 3 menn
úr U.M.F. „Von" sem þar vóru staddir. Jón Arngrímsson setti
fundinn, og tilnefndi skrifara Pál Sigurðsson frá Lundi.
Gjörðir fundarins.

I Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþikt. Blaðið „Vísir"
kom ekki út vegna einhverra orsaka. Í fundargjörðinni var
ekki tekið fram hverjir væru í framsögu nefnd; aðeins tekið
fram að sú sama sæti kyr. Þá upplýstist hverjir hefðu verið skipaðir
í hana þegar hún hefði verið skipuð síðast. En nefnd þessi
neitaði að koma með málefni nú. Báru ýmsu við, ss. því að
svo lángt væri liðið frá því að þeir hefðu verið kosnir, að þeir
væru ekki skyldir að koma með málefni og fleira sem þeir töldu
máli sínu til stuðnings.

II Þá vóru lesin upp lög Sambands U.m.f. Skagafjarðar" og var
ætlunin að fundar menn ræddu um það, hvort U.m.f. H. ætti
að ganga í sambandið. En samband þettað er stofnað til þess,
að nánari kynni, og sameinaðir starfskraftar U.m.f. í Skagafj-
arðarsýslu, ýtti betur, og skypurlega unnið að þeim málum
sem eru sameiginleg áhuga mál allra U.m.f. og efst á stefnu
skrá þeirra, og yfir leitt bygð á þeim heilbrigða grundvelli
sem annar félagsskapur er bygður á. Sameinaðir stöndum
vér en sundraðir föllum vér. Málið var fremur lítið rætt, sem von
var því þótt fundar menn heirðu lögin lesin einu sinni upp
þá gátu þeir eðlilega ekki rætt þau svo að þeir gætu ákveðið sig
strags enda ekki ætlunin, að taka ákvörðun á þessum fundi.
Þeir sem töluðu í málinu vóru því fylgjandi að félagið gengi
í sambandið. Málinu vísað til næsta fundar, til frekari (aðgerða)

III Fjórir menn gengu úr félaginu, og vóru lesnar upp
úrsagnir þeirra, ásamt, vottorði frá féhyrði félagsins, að þeir
væru skuld lausir við félagið. Mennirnir vóru. Guðm. Gulbrands
Herjólfur Sveinsson Jón Sigurðsson Jóhannes Sigurðsson.

IV Kosið í framsögu nefnd til næsta fundar. Páll Sigurðsson.
Sigurbjörn Bogason og Guðbjörg Jónsdóttir. Ritnefnd hin sama
Fundarstjóri Sveinn Pálsson. (Athugasemd.)
Á undan fundi, var dálítið rætt um fyrir hugað íþrótta
mót, milli Siglfirðinga og Fljótam. Var kosin þriggja manna
nefnd, af hálfu félaganna U.m.f. „Von" og U.m.f. Holtshr.
þessir vóru kosnir. Steinn Jónsson frá U.m.f. „Von"

Valgarð Kristjánsson f.m. U.m.f. Höfðstr. og Páll Sigurðsson Störf þessara nefndar er að ákveða, með foriggja manna nefnd frá U.m.f. Siglufjarðar ýmislegt tilheyrandi íþrótta mótinu; er búist við að nefndin fari til Siglufjarðar hið fyrsta.
Fleira ekki bókað, sem rætt var fundi slitið.

Jón Arngrímsson fundarstj. Páll Sigurðsson fundarritari.

## 74 Fundargjörð.

Sunnudaginn 6 maí 1928. Var fundur haldinn í U.M.F.H. í húsi þess á „Kitilás" Fundarstjóri Valgarð Kristjánsson. setti fundinn og stirði honum nefndi hann skrifara. Jón Arngrímsson. **Dagskrá fundarins var.**

I Lesin upp fundargjörð frá 4/3 '28 og samþykkt.
II Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþykkt.
III Lesið upp blaðið „Vísir" vóru það tvær ritgerðir vóru engar athuga semdir gjörðar við það.
IV Íþrótta mót Siglfirðinga og Fljóta manna Valgarð Kristjánsson skýrði frá gjörðum nefndar þeirra er kosin var af hálfu U.m.f.H. og U.m.f. „Von" til að starfa að væntanlegu íþrótta móti í samráði við U.m.f.S. mæltist U.m.f.S. til að mótið irði haft í Siglufirði í ár þar sem það mindi eftil vill verða til þess að flíta fyrir íþrótta málum þeirra urðu nokkrar umræður um málið töluðu þeir á móti því að það irði þar Valgarð Kr. og Páll Sigurðsson einnig gjörði Hartmann Pálsson þá athugasemd að irði ekki gjörð bindandi samþykkt um þetta mót, til fleiri ára að eins til eins árs í senn með því að mótið irði haft þar talaði Jón Arngrímsson þá var gengið til atkvæða og samþykkt með meiri hluta, að hafa það (mótið) hér. Þá fór U.m.f. S fram á að arður af mótinu rinni óskiftur til þeirra er mótið irði hjá og þannig haft framvegis. Lýsti fundurinn sig andvígann því, kom fram svohljóðandi tillaga frá Jóni Arngrímssini. Fundurinn felur nefnd þeirri er starfar að íþrótta mótinu að fara fram á að skift verði í 3 jafna hluti þeim ágóða sem verður af mótinu, var hún borin undir atkvæði og samþykkt í einu hljóði, frekari gjörðir í þessu máli falið forsjá nefndarinnar.
V. Sundmál. Formaður skýrði frá því að styrkur til sundkenslu á þessu ári frá sýslusjóði væri veittur, 120,00 kr. sagðist



hann vera búinn að ráða sund kennara Pál Jónsson minst 14 daga á þessu vori.
VI Tekjur í félagsjóð. Tilboð kom frá Þorsteini Helgasyni Stórholti um að kaupa 8 stunda vinnu af hverjum félagsmanni við heyskap á komandi sumri var það borið undir atkvæði og féll með öllum greiddum atkvæðum aftur á móti var samþykkt að heyja eins og að undan förnu til að afla félagsjóði tekna var kosin nefnd til að starfa að því, þeir Valgarð Kristjánsson Sveinn Jónsson Hartmann Pálsson
VII Lesin upp sýslusambands lögin og rætt um að félagið gengi í sambandið voru fremur daufar undirtektir í því máli og vísað til næsta fundar,
VIII Leitað var þess hjá félagsmönnum hvort þeir vildu taka upp nú til upphitunar á húsinu voru því allir mót-fallnir kvóðust heldur munda gefa í þoka eldivið
IX Kosinn maður í skemtinefnd í stað Guðmundar Gutbrandssonar var stungið uppá Maríu Kristjánsdóttir og samþykt.
X. Úrsögn kom frá Hallfríði Pálsdóttir og með fylgjandi tollorð frá fjehirðir þakkaði formaður úrsegjanda góða starf semi og áhuga meðan hún hefði verið í félaginu. Fleyra kom ekki til umræðu þakkaði fundarstjóri gótar umræður og sagi fundi slitið.

Valgarð. Kristjánsson. — Jón Arngrímsson.
(fundarstjóri) (fundarritari)

75 **Fundargjörð.**

Sunnudaginn 9/12 – 1928 hjelt Ungmennafjelag Holtshrepps fund í húsi sínu á „Kjelitás“: Mættir vóru 15 fjelagsmenn. Fundarstjóri var Valgarð. Kristjánsson ritari Hartmann Pálsson

Dagskrá fundarins var þessi:

I Lesin upp fundargjörð frá sidasta fundi (6 Maí) og samþykt.

II Valgarð Kristjánsson skýrdi frá því að blaðið „Vísir“ gæti ekki komið út sökum þess að svo lítið hefði verið ritað í það, einnig hvatti hann fjelagsmenn til að senda blaðinu greinar fyrir næsta fund.

III Formaður fjelagsins las upp lögin og 4 ir nýir meðlimir undir rituðu þau. Þeir hjetu Guðmundur Guðbrandsson Guðberg Kristinsson. Sigurhjörtur Pjetursson Jón Pjeturss Formaður bauð þá velkomna í fjelagið, og kvaðst vona að þeir ættu eftir að verða nýtir fjelagsmenn.

IV Gjaldkjeri fjelagsins Sveinn Jónsson skírdi frá því að stjórn fjelagsins þ.á.s. form. og gjaldkjeri hefðu tekið sjöhundruð króna lán úr Sparisjóði Fljótamanna til þess að borga ýmsar útistandandi skuldir er hvíldu á fjelaginu, og bað hann fjelagsmenn að láta álit sin í ljósi um það hvort þeir væru því samþykkir. Einnig gjörði hann fyrir spurn til fjelagsm. hvort þeir vildu ekki að tekið yrði 300,oo kr. lán þar að auki, til þess að kaupa járnþak á fjelagshúsið, þar sem sjáanlegt væri að húsið lægi undir stór skjemdum eins og það væri. Fyrst var rætt um hið tekna lán og vóru fjelagsm. þakk látir stjórninni fyrir framkvæmdir hennar til hinsonk þessari lántöku og sáu að stjórnin hafði gildar ástæður til þess að taka lánið jafn vel þótt hún hefði ekki lagalega heimild til þess að taka lán nema með áður fengnu ~~hafi~~ samþykki meiri hluta fjelagsmanna á löglegum fundi, eins og 2 af fjelagsm. hjeldu fram. Að lokum var svo hljóðandi til-laga samþykt frá Jóni Arngrímssyni: Fundurinn lýsir sig meðmæltan láni því kr. 700,oo er stjórn fjelagsins hafði tekið við sparisjóð Fljótam Þá var rætt um síðari lántökuna og var hún samþykt með svohljóðandi tillögu frá Jóni Arngrímssyni Fundurinn ~~fundurinn~~ heimilar stjórn fjelagsins



að taka alt að 300,oo krónu lán nú þegar til þess að kaupa járn þak á hús fjelagsins.

V Rætt um að ganga í Sýslusamband Ungmennafjelaga í Skagafjarðarsýslu. Það mál var rætt á sidasta fundi þar á undan og hafði verið vísað til þessa fundar. Málið var talsvert rætt og komu fram þær upplýsingar í málinu að nú sem stæði, væri sýslusambandið ekki sem traustast, vegna flokkadrátta innan sambandsins, út af því að sýslusambandið gengi í samband U. M. F. Í. vegna þessara þessara upplýsinga fanst fjelagsmönnum ekki ráðlegt að ganga í sambandið nú sem stæði, og var málið siðan tekið út af dagskrá:

VI Skjemtinefndin skírdi frá því að hún hefði hugsað sjer að haldin yrðin skjemti samkoma í fjelagshúsinu á milli Jóla og Nýárs og þar yrdi körfu uppboð fyrir lestur og fleira til skjemtunar. Tillögur skjemtinefndarinnar vóru samþyktar. Guðberg Kristinsson gjörði fyrirspurn til fjelagsmanna hvort þeir sæju sjer ekki fært að leika eftir Nýárið fjelagar tóku því dauflega en kváðust munda hugsa um það seinna.

VII Formaður vakti máls á því hvort ekki væri heppilegt að sameina aðalfundinn og afmæli fjelagsins. En það þótti ekki fært vegna þess að aðalfundur mætti ekki haldast svo seint samkvæmt lögunum:

VIII Fundarstjóri skipaði í nefndir. Í ritnefnd. Guðberg Kristinsson Jón Pjetursson Gunnlaugur Kristjánsson
Í málefna nefnd Jón Arngrímsson Sigurbjörn Bogason Stefán Guðmundsson kosinn fundarstjóri til næsta fundar Björn Stefánsson

IX Fundarstjóri þakkaði góðar umræður og sagði fundi slitið:

Valgarður Kristjánsson fundarstjóri.

Hartmann Pálsson ritari.

# 76. Fundargjörð. Aðalfundar 30. janúar. 1929.

30 januar 1929 hjelt U.m.f. Holtshrepps, aðalfund sinn á „Kjetiláshum". Mættir vóru 14 fjelagsmenn. Fundinn setti þá verandi formaður fjelagsins. Valgarð Kristjánsson og las hann upp dagskrá fundarins, en fundarritari var vararitari fjelagsins Gunnlaugur Kristjánsson, sökum þess að aðalritari fjelagsins Hartmann Pálsson var ekki mættur.

## Dagskrá fundarins var þessi.

I Þess var getið að fundargjörð frá síðasta fundi væri hjá Hartmann Pálssyni, var því ekki hægt að lesa hana upp á þessum fundi.

II Formaður fjelagsins gaf yfirlit yfir starfsemi fjelagsins á liðna árinu. Hafði fjelagið starfrækt sund eins og að undanförnu, einnig hefði það heyað. 5 menn höfðu gengið úr fjelaginu á árinu, en 6 gengið í það.

III Gunnlaugur Kristjánsson las upp blað fjelagsins „Vísir" og vóru í því 4 ar greinar.

IV Lesin upp lög fjelagsins og samþykt óbreytt.

V Gjaldkeri lagði fram endur skoðaða reikninga fjelagsins og vóru þeir samþyktir óbreyttir.

VI Hannes Hannesson gjörði fyrirspurn um það hversvegna sýslu sjóðsgjald. Ungmenna fjelagsins sæjist ekki á reikningum þess. Gjaldkeri skírði frá því að það gjald væri óborgað enn, og þess vegna hefði hann ekki innfært það á reikninga, en annars bað hann formann að gefa nánari skíringar um það atriði Formaður skírði frá því að hann hefði verið að leita sjer upplýsinga um það hvort fjelagið væri skilduglt að greiða þennan skatt og hvaðst hann ekki vera búinn að fá vissu fyrir því ennþá. Fundurinn fól stjórn. U.m.f. þetta mál til frekari úrlausnar.

VII Rætt um skuld Einars B Guðmundssonar á Hraunum Stjórn U.m.f. var falið að leita samkomulags við Einar B Guðmundsson um það hvort hann vildi ekki borga skuldina, eða eitthvað í henni, að öðrum kosti var fundurinn samþykkur því að sleppa henni ef hún fengist ekki greidd með góðu móti



VIII Rætt um 10 ára afmæli U.m.fjelagsins af miklum áhuga. Petrea Stefánsdóttir sem stödd var á fundinum var beðin að selja veitingar á afmælinu og gjörði hún fjelaginu tilboð að selja þær fyrir kr. 250 fyrir manninn með því skjilirði að þar sjeu veittar hjer í stofunni. Fundurinn gekk að því. Einnig kom fundurinn sjer saman um að hafa þetta boðsskjemtun. Stjórninni og skjemtinefnd falið að hafa framkvæmdir í málinu

IX. Ólafur Arngrímsson undirritaði lögin.

X Stjórnarkosningar. Formaður kosinn. Ólafur. Arngrímss með 10 atkv. Ritari Gunnlaugur Kristjánsson með 6 atkv. Gjaldkeri Guðmundur Guðbrandsson með 4 atkv. Enn fremur kosið í varastjórn kosnir vóru þessir. Valgarð Kristjánsson form. Páll Sigurðsson ritari Sigurbjörn Bogason gjaldkeri.

XI Skjemtinefndarkosning þessir vóru kosnir Sigurbjörn Bogason Sigurður Pálsson. Guðberg Kristinsson.

XII Framsögu nefnd var kosin þessir vóru kosnir. Guðmundur Guðbrandsson María Kristjánsdóttir Sigurður Pálsson.

XIII. Kosnir 2 menn til að endur skoða reykninga fjelagsins þessir vóru kosnir Páll Sigurðsson Sveinn Jónsson.

XIV Framtíðar starfsemi fjelagsins. Formaður fjelagsins Ólafur. Arngrímsson. bar undir fundinn hvort hann væri því ekki samþykkur, að vísa því til stjórnarinnar og hún hefði það með höndum. Samþykt.

XV Fyrirspurn kom frá Hannesi Hannessyni. Hvort fjelagið væri búið að fá afmælda lóð. Var það mikið rætt, og stjórn fjelagsins falið að fá eignarheimild fyrir lóðinni á næst komandi vori.

XVI Kosinn fundarstjóri til næsta fundar. Sveinn Pálsson. Sagði formaður þar næst fundi slitið.

Valgarð. Kristjánsson. — Gunnlaugur. Kristjánsson.
(: fundarstjóri:) (: ritari:)

# 77 Fundargjörð.

Sunnudaginn 17/2, árið 1929. hjelt U. m. f. Holtshreppinga, fund í húsi sínu á „Kjelilás." Formaður fjelagsins. Ólafur Arngrímsson setti fundinn og stýrði honum. Fundarskrifara skipaði hann. Pál Sigurðsson. Verkefni fundarins

I. Lesin upp fundargjörð frá 9/12 1928, af Gunnlaugi Kristjánssyni. Ritari fundargjörðarinnar sem var Hartmann Pálsson, var fjarverandi. Fundargjörðin var, samþykt óbreitt.

II. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi, sem var aðal fundar fjelagsins. Ritari fjelagsins Gunnl. Kristjánsson las upp fundargjörðina. Við 8 lið fundargjörðarinnar, sem hljóðaði uppá veitingar, á afmælis skjemtun fjelagsins, var gjörð örlítil breyting, af Guðbjörgu Jónsdóttir Saurba. Þótti henni eigi nægilega skýrt frá því tilboði, og þeim skylyrðum, sem sölu maður veitinganna setti, ef hún ætti að taka að sér veitinga söluna. En skylyrðið var, að veitt yrði í stofunni, en ekki í salnum, eins og flestir fjelagsmenn þá ætlu. Þetta skylyrði vantaði í fyrnefnda fundargjörð, og var hún síðan borin upp og samþykt, með þessari breytingu

III. Lesið upp blað fjelagsins „Vísir"

IV. Hús fjelagsins í framtíðinni. Framsögu maður Ólafur Arngrímsson. Það sem framsögu m. lagði til grundvalla máli sínu, var þetta. Eins og allir fjelagsm. vita. Var lagður all þungur skattur á húseign fjelagsins, en þar sem nokkur vafi ljek á, að húsið, væri rjett metið til skatts, en hinsvegar þá víst, að það væri ekki nægileg ástæða til þess að afnema skattinn. Benti frummælandi á tvær leiðir. Var önnur leiðin sú, að heimta yfir virðing á húsið, í þeirri von að skatturinn lækkaði. Hin leiðin, að fá húsið viðurkent sem barnaskóla hús, en þá var það um leið undan skylið öllum sköttum og skyldum. En sá hængur á, að húsið yrði að vera talið eign hreppsins. Um málið urðu miklar, og tölu vert heitar umræður. Skiftust ræðu menn í flokka.



Var annar flokkurinn meðmæltur því, að sótt yrði um styrk í nafni hreppsins, og húsið fengið viðurkent sem skóla hús. Hinn flokkurinn, var því algerlega mótfallinn, þeir vildu als ekki afsala sjer eignarrjetti á húsinu. Verður vart hægt að neita því, að út í öfgar fór, í umræðum um málið eins og stundum vill verða, þegar um hita mál er að ræða skal og viðurkent, að báðir höfðu all mikið til síns máls. Þar sem fundurinn var ekki vel sáttur, var málinu vísað til næsta fundar.

V Íþrótta mál. Frummælandi Ólafur Arngrímsson. Rætt var um sameiginlegt íþrótta mót, milli Siglfirðinga og Fljótamanna á næstkomandi vori. Einnig var minst á að nauðsynlegt væri, að fjelögin hefðu íþrótta mót, eða skjemti samkomu, eins og aðundan förnu. Því eftir umtali milli Siglfirðinga og Fljóta manna, bjuggust fundarmenn við, að hið sameiginlega mót yrði háð úti Siglufirði. Um málið urðu all miklar umræður og voru allir á eitt sáttir um, að nauðsyn bæri til, að viðhalda íþróttar lífi sveitarinnar og var málinu síðan vísað til næsta fundar. Eða sameiginlegs, fundar þar sem þillað er fjelagsmál fjelaganna.

VI Lesið upp brjef frá kjennurum og nemendum Hvítárbakka skóla, þess efnis, að Ungmenna fjelagið sendi áskorun til hins háa alþingis, um að, flitja alþingá „Þingvöll", hinn forna þingstað Íslendinga, fyrir 1930. Brjefinu fylgdi fyrirlestur, þar sem þessi áskorun var rökstudd, en þar sem enginn tími var til að lesa þennan fyrirlestur upp, og fundar menn málinu algerlega ókunnir, var þetta ekkert rætt, og enginn ákvörðun tekin.

VII Lesin upp úrsögn Sveins Jónssonar Bjarnargili þakkaði fyrverandi formaður honum ágæta samvinnu, á liðnum tímum. Og nú verandi formaður þakkaði honum, ágætlega vel unnið starf í þágu fjelagsins. Sjálfur óskaði Sveinn fjelaginu til heilla og hamingju í framtíðinni.

VIII. Einn maður gekk í fjelagið. Jón Jónsson Stóraholti bauð form. hann velkominn í hópinn.

IX Skipaði nefndir. Verkefna nefnd sú sama, og skipuð hafði verið á síðasta fundi. Í ritnefnd Jón Arngrímsson Sigurður Pálsson, og Páll Sigurðsson. Fundarstj til næsta fundar Sveinn Pálsson. Fleira ekki bókað fundi slitið. Páll Sigurðsson

(Ólafur Arngrímsson fundarstjóri) (Fundar ritari)

# 78. Fundargjörð.

1929.

Sunnudaginn þann 4 mars var fundur settur og haldinn í Ungmenna fjelagi Holtshrepps. í húsi þess á „Kjetilás", 15 fjelagsmenn mættir. Fundinum stjórnaði Sveinn Pálsson og kaustil skrifara Ólaf Arngrímsson.

Þettað kom til umræðu.

I Talað um að Ungmenna fjelagið, hefði skjemtun bráðlega, miklar umræður vóru um málið og mæltu allir einum munni með henni, og vóru allir á einu bandi með að styðja hana að meira eða minna leiti. Til skjemtunar. Var svo ákveðið að leika Maurapúkann sjónleik í 4um þáttum. Talað var um að selja mjólk og brauð. Skjemti nefndinni faldar framkvæmdirnar.

II Talað um að sækja um styrk til að endur bæta. Sundlaugina hjá Gili. Var um það aði mikið talað, og vóru flestir fjelagsmenn því meðmæltir, kom aðeins úr einni átt mótvindur en þá svo kraft lítill að hann hamlaði ekkert áætlun frummælanda. Kom svo framm tillaga frá Ólafi Arngrímssyni. svo hljóðandi. Fundurinn samþykkir að sótt verði um fjárstirk til að byggja upp sundlaugina hjá Gili. Samþykt með öllum greiddum atkvæðum.

III Mál. Drepið var á að Ungmenna fjelagið gengist fyrir að stofnaður yrði. Sjúkra sjóður. Frummælandi Guðberg Kristinsson. Málið ekkert rætt vísað til næsta fundar. Fundi slitið.

Sveinn. Pálsson. (fundarstjóri)

Ólafur. Arngrímsson (fundarritari)



# 79 Fundargjörð.

Sunnudaginn 10/3 '29 hjelt Ungmennafjelag Holtshreppinga fund að „Kjetilás" 14 fjelagsmenn vóru mættir. Fundinn setti Björn Stefánsson. og nefndi hann til fundarritara Valgarð. Kristjánsson

Það gjörðist sem hjer segir.

I Lesin upp fundargjörð frá 17/2 af Páli Sigurðsyni fundargjörðin samþykt óbreitt.

II Önnur fundargjörð frá 4 mars lesin upp af formanni Fjelagsins Ólafi Arngrímssyni sú fundargjörð einnig samþykt óbreitt.

III Lesið upp blað fjelagsins „Vísir" af Gunnlaug. Kristjánssyni ritara

IV Húsmálið, kom framm á fundi 17/2. og var vísað til þessa fundar. Um málið urðu heitar og töluvert snarpar umræður og að lokum svohljóðandi tillögur bornar upp í því 1 tl. frá formanni fjelagsins Ólafi Arngríms. Fundurinn samþikkir að málið verði tekið út af dagskrá og látið ganga til næsta fundar og þá gengið til atkvæða greiðslu. Breitingar tillaga frá Valgarð. Kristjánssyni. Fundurinn samþikkir, að málið verði látið ganga til atkvæða greiðslu nú þegar, og fullnaðar atkvæðagreiðsla á næsta fundi s. Breitingar tillaga frá Gunnl. Kristjánssyni. Fundurinn Samþikkir að húsmálið verði borið upp nú þegar á þessum fundi, til fullnaðar samþiktar tillaga þessi var samþikt, og með henni feldar hinar tillögurnar. Til umræðu kom hvernig atkvæða greiðsla skildi fram fara í þessu máli, og urðu skiftar skoðanir um það. Þessi tillaga kom frá Guðberg. Kristinssyni. Fundurinn samþykkir að viðhafa nafnakall við atkvæða greiðslu um málið, tillagan var feld. með 8 gegn 4 atkvæðum. Því næst var málið borið upp að gömlum sið til fullnaðar úrslita og var felt með 11. gegn 3 atkvæðum. Þess skal getið að Ólafur. Arngrímsson var með málinu.

V. Íþrótta málið, það mál lá fyrir síðast liðnum fundi og var vísað til þessa fundar til fullnaðar úrslita. Um málið urðu miklar umræður og var gleði legt að heira að íþrótta viðleitni fjelagsmanna var ekki alveg út dauð, þar sem þeir vildu senda flokk manna til Siglufjarðar, til þess að taka þátt í íþróttar —.

kappmóti í vor. Því næst var kosin 3ggja manna
nefnd til þess að hafa framkvæmdir í málinu,
kosið var skriflega og hlutu þessir kosningu.
Ólafur Angrímsson með 13 atkvæðum. Valgarð.
Kristjánsson með 9 atkvæðum og Páll Sigurðsson
með 9 atkv. og málið því næst út kljáð.

VI. Mál. Vorskjemtun. Fjelagsmönnum kom saman um
það að nauðsinlegt væri að haldin yrði skjemti
samkoma á „Kjetilásnum". í vor eins og að undan-
förnu. Svohljóðandi tillaga var borinn upp frá
Gudberg Kristinssyni. Fundurinn samþykkir að
fjelagið hafi vorskjemtun hjer á ásnum í vor (eins
og að undanförnu) í samráði við U. M. F vor í
Stiflu og að íþrótta nefndinni yrði falið að sjá
um framkvæmdir í þá átt. Tillagan (tillagan) samþ.

VII. Mál. Um færslu alþingis til Þingvalla. Borist hafði
Valgarð. Kristjánssyni brjef frá kjennurum og
Skólastjóra Hvítárbakkaskóla þess efnis að leyta
samþykki fjelagsmanna með eftir farandi tillögu
„Fundurinn skorar á alþingi að láta á næsta sumri
fara fram þjóðar atkvæða greiðslu um flutning
Alþingis á Þingvöll". Máli þessu var skotið fram
á næst síðastliðnum fundi, en vegna þess hve seint
það kom á fundinn og svo að fjelagsmönnum þótti
það of háfleigt, var málið lítið rætt, en vísað til þessa
fundar. Um málið urðu all góðar umræður og
tillagan samþykt með öllum greiddum atkvæðum
og Valgarð falið að senda hana símleiðis til alþingis.

VIII. Sjúkra-samlags, málið. Flutnings maður Gudberg
Kristinsson. Mál þetta lá fyrir síðastliðnum
fundi, en komst ekki að sökum tímaleysis og var
vísað til næsta fundar. Því næst var skipað í
nefndir, í ritnefnd. Gudberg Kristinsson.
Valgarð. Kristjánsson Sigurjón Gudmundsson.
Framsögu nefnd sú sama sem áður var. Fundarstj.
til næsta fundar. Hjalti Kristjánsson. Þá sagði
fundar-stjóri upp fundi og þakkaði fjelagsmönnum
góðar umræður.

Björn. Stefánsson.
(fundarstjóri)

Valgarð. Kristjánsson
(fundaritari)



# 80 Fundargjörð.

Þann 14/4. 1929. hjelt U. m. f. Holtshrepps fund
á „Ketilás". Fundarstjóri Hjalti Kristjánsson
setti fundinn og nefndi til skrifara Hannes
Hannesson

## Þetta var tekið fyrir.

I. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþykt
II Sambandsmál framsögu m. Ólafur Angrímsson.
Framsögumaður gat þess að formaður. U. m. f. Hólahrepps
hefði farið í tal við sig. hvort. U. m. f. Holtshrepps
mundi ekki vilja verða með í væntan fyrirhugaða samb-
andi sem U. m. f. austan vatna mundu stofna með
sjer. Um málið urðu langar og fjörugar umræður, að
síðustu var samþykt svohljóðandi tillaga frá
Valgarð. Kristjánssyni. Fundurinn samþykkir að
senda fulltrúa á væntan legan stofn fund sýslu-
sambands austan vatna og að fulltrúinn hafi ekki
vald til þess að skrifa U m. f. Holtshrepps sem meðlim
sambandsins, tillagan rædd og samþykt þá með þeim
breytingum að fulltrúarnir skyldu verða 2. Var þá
Var þá gengið til kosninga á fulltrúunum og hlutu
þessir kosningu. Ólafur Angrímsson með 15 atkvæðum
og Páll Sigurðsson með 11 atkvæðum vara maður var
kosinn Valgarður Kristjánsson með 6 atkvæðum

III Sundmál. Formaður hreifði málið lítillega fyrst en
gat þess að Sýslunefndar maður hreppsins Jón G.
Jónsson sem staddur var á fundinum mundi skýra
málið fyrir fundinum. Tók þá sýslunefndar maður
til máls, gekk ræða hans aðallega útá að skýra frá hvað
gerst hefði á sýslu fundi við víkjandi sundkenslu og
Sundlaugum í Sýslunni – gat hann þess ennfremur
að Sýslufundur hefði veitt 150,00 kr. til sundkenslu í
báða hreppana. Holts og Haganeshrepp en yrði ekki kjent
í Haganeshrepp þá skyldi öll upphæðin renna til Holtshr.
Hann gat þess líka að Sýslufundur hefði ákveðið að veita
ekki fje eftir leiðis nema til þriggja sundstaða í Sýslunni
yrði því aðeins kjent á 3 stöðum á komandi árum
sem styrks nyti af sýslu fje. Enn fremur gat
hann þess að styrk beiðni U. m. f. til stjórnar-
innar, sem send var sýslufundi til meðmælingar.

hefdi ekki átt að sendast þangað, og höfdu skjöl
þau því aldrei verið lögð fram í Sýslufund. Um
málið urdu miklar og langar umræður frá ýmsum
hlidum. að sídustu kom fram svohljóðandi
tillaga. Fundurinn samþykkir að sundlaugar
málið verði tekið útaf dagskrá nú en rætt
aftur síðar, tillagan borinn upp og samþykt.
Í sambandi við þetta mál kom fram tillaga
frá Gudberg Kristinssyni svohljóðandi.
Fundurinn samþykkir að ganga útfrá því að
kjent verði við Gilslaug í vor. tillagan samþy[kt]

IV. Heiskapar mál. Mál þetta var ekkert rætt,
heldur vísað til stjórnarinnar til framkvæmda.

V. Stofnun Sjúkrasjóðs: Frummælandi Gudberg
Kristinsson. Mál þetta hafdi verið áður til umr-
æðu en tekið þá útaf dagskrá. Frummælandi
hreifdi málið og gat um nauðsyn þá sem bæri
til að stofna slíkann sjóð, gat þess enfremur að
Ríkið veitti einhverja fjárhæð til slíkra stofnana
en hverju skylirdi sá styrkur var bundinn
upp lýstist ekki á fundinum. Um málið urdu
nokkrar umræður og vóru allir fundarmenn með
einum hug um það, að þetta væri bædi þarft
og gagnlegt mál og stórt framfara mál.
En sökum þess að sjóðstofnun þessi ætti
líf sitt og tilveru rétt að sækja undir bænd[ur]
að miklu leyti þótti rjett að bera það upp á
hreppsfundi. Kom þá svohljóðandi tillaga frá
Hannesi Hannessyni. Fundurinn samþykkir
að fela framsögu manni að bera þetta mál upp
við hreppsbúa á næsta hreppsfundi - geti framsög[u]
maður ekki komið þá hreifir formaður fjelagsins
málið. Tillagan borin upp og samþykt. Málið
tekið útaf dagskrá.

VI. Nefndar kosning.. Ritnefnd sú sama Pjetur
Stefánsson Stefán Gudmundsson Jón Pjetursson.
Fundarstjóri til næsta fundar Sigurbjörn Bogason
Fleira ekki fyrir tekið. Fundarstjóri þakkadi góðar
umræður og sagdi fundi slitið.

Hjalti Kristjánsson. Hannes Hannes[son]
(. fundarstjóri .) (. fundarritari .)



# 81 Fundargjörð.

Sunnudaginn 20/10. '29 Hjelt Ungmennafjelag Holtsh[repps]
fund að "Kjetilás" þar vóru mættir 14 fjelagsmenn
og 1 utanfjelagsmaður Pjetur Jónsson Brúnastödum:
Fundinn setti form. fjelagsins Ólafur Arngrímsson
og nefndi hann til fundarskrifara Valgarð Kristjóns[son]
Fundargjörð sídasta fundar kom ekki til upplesturs.

Þessi mál vóru rædd.

I. Skóla nefnd Holtshrepps hafdi beidst þess að fá
hús fjelagsins til barna kjenslu næstkomandi vetur
og bar formaður upp beidni frá henni. sem fulltrúi
skóla nefndar mætti á fundinum Pjetur Jónsson
á Brúnastödum. Hvadst hann alsgáðs vænta
af fjelaginu við þessari beidni, um málið urdu
umræður nokkrar og vóru allir fjelagsmenn með
því að húsið yrdi lánað og svohljóðandi tillaga
samþykt. Fundurinn samþykkir að kosinn verði
nefnd til samninga gjörða við frædslu nefnd
Holtshrepps. kosið var skriflega og hlutu þessir kosn.
Ólafur Arngrímsson með 8 atkvæðum Valgardur Kristjóns[son]
með 8 atkv. Gunnlaugur Kristjánsson með 7 atkv.
áskilið var að nefndin hefdi alræðis vald til þessarastarfa

II. mál. Formaður las upp ~~álit~~ stoff heyskapar ~~nefndar~~ flokksins og vóru
þau ódi niðstekinn sem hafdi heyjast um 32 hestar
sem seldust fyrir kr 150,00 hundrað og fimmtíu krónur
ákvedið var að dagsverk fjelagsmanna væru að þessu
sinni. kr. 7 fyrir karlmenn og kr 4 fyrir kvennfólk.
Stefán Jónsson Sljettu gjördist medlimur fjelagsins
Fleyra gjördist ekki fundi slitið.

Ólafur Arngrímsson. Valgard. Kristjóns.
(. fundarstjóri .) (. fundarritari .)

## 82. Fundargjörð.

Hinn 20. 1 1930 var fundur haldinn í U.M.F.H. í húsi fjelagsins á Hjeltalar. fundinn setti og stýrði Ól. Arngrímsson og nefndi skrifara Jón Arngrímsson

### Dagskrá fundarins var.

I. Lesin upp fundargjörð frá 14-4. 1929 og fundargjörð frá síðasta fundi 20-10. sama ár.

II. Lesið upp blaðið „Vísir“ voru í því þrjár ritgjörðir.

III. Lesin upp lög Ungmenna fjelags sambands Austur-skagfirðinga hafði það komið til umræðu innan fjelagsins að það yrði þátttakandi í stofnun þessa U.M.F.S. en af sjerstökum ástæðum hafði fjel. ekki verið til kvatt fundarins og þar af leiðandi enginn fulltrúi frá þessu fjelagi en nú voru fjelaginu send lög sambandsins sem voru svo lesin upp til umræðu urðu litlar umræður um lögin og var umræðum frestað til næsta fundar.

IV. Þá var ákveðið að hafa Aðalfund föstud. 31-janúar og í sambandi við hann halda gleðilega veislu sem svo settist eins og nokkurs konar minningarstimpill á góða afkomu ársins fjelaginu til handa. Skyldi fjel. bjóða Ungmenna fjelögum í „Von“ í Stíflu einnig ~~var~~ fjelags mönnum heimilað að hafa svo marga boðsgesti er þeim sýndist. Stjórn og skemtinefnd var falið að undirbúa fundinn og hefðu þeir heimild að kveðja fjelaga sjer til aðstoðar eftir þeirra þörfum.

V. Samþykt var að fjelagið kostaði jóla trjeskemtun fyrir börn.

VI. Kosnir 2 menn að endurskoða reikninga fjelagsins í stað fyrverandi endurskoðara. Var samþykt að fundarstjóri stingi uppá þeim stakk hann uppá Jóni Arngrímssyni og Valgarð. Kristjánssyni og voru þeir samþyktir og varamaður Sveinn Pálsson

VII. Kosið í ritnefnd. þeir Gunnl. Kristjánsson Jón Jónsson Jón Arngrímsson



VIII. Lesin upp úrsögn Guðbergs Kristinssonar. fleira kom ekki til umræðu þakkaði fundarstjóri góðar umræður og sagði fundi slitið.

Ólafur Arngrímsson (fundarstjóri)   Jón Arngrímsson (fundarritari)

## 83 Fundargjörð Aðalfundar 31 janúar 1930

31 janúar 1930 hjelt Ungmenna fjelag Holtshrepps aðalfund sinn á „Hjeltalarnum“ fundinn setti formaður fjelagsins Ólafur Arngrímsson. og las hann upp dagskrá fundarins. Sem fundarritari var ritari fjelagsins. Gunnlaugur Kristjánsson.

### Dagskrá fundarins var þessi.

I. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi 20-1 og samþ.

II. Lesið upp blað Ungmenna fjelagsins „Vísir“ af Gunnlaug Kristjánssyni. Voru í því 3 greinar ásamt smælki.

III. Lesnir upp endur-skoðaðir reikningar fjelagsins af vara Gjaldkjera fjelagsins Sigurbirni Bogasyni og samþ.

IV. Lesin upp lög fjelagsins af formanni Ólafi Arngrímssyni var 6 grein laganna tekin lítið eitt til athugunar af Valgarð. Kristjánssyni. Í greininni stendur.

B. Fundi sína heldur fjelagið á 3ja vikna fresti og á Sunnudögum skulu þeir byrja rjett vísandi kl 1 eftir hádegi osfrv.

C. Fanst Valgarð það ekki heppi legt að fundir byrjuðu kl. 1. þar sem það gæti komið í bága við kirkjuna.

D. Tók þarnæst til máls Jón Arngrímsson. Gat hann þess, meðal annars, að það væri ekki vel hægt að átta sig á lögunum í fljótu bragði. Fleyri töluðu ekki um greinina, og var hún því tekin út af dagskrá og umræðum vísað til næsta fundar.

Voru lögin þarnæst borin upp og samþykt með öllum greiddum atkvæðum.

V. Mál. Ólafur Arngrímsson bar upp fyrir fundinum hvort hann væri því ekki samþykkur að leifa Petreu Stefánsdóttur inngöngu í fjelagið, og var það samþykt í einu hljóði með öllum greiddum atkvæðum. Gengu 3 nýjir meðlimir í fjelagið ...

nöfn þeirra þessi Petrea Stefánsdóttir
Skarphjeðinn Pjetursson og Benedikt Stefánsson
bauð formaður þessa nýju meðlimi velkomna
í fjelagið.

VI. Stjórnarkosning. Kosið var skriflega og hlutu
kosninga þessir. Ólafur Arngrímsson kosinn
formaður með 21. atkv. Kosinn var ritari
Gunnlaugur Kristjánsson með 12 atkv. Gjaldkjeri
Sigurbjörn Bogason með 12 atkv. En fremur
kosið í vara-stjórn þessir voru kosnir formaður
Björn Stefánsson ritari Jón Pjetursson gjaldkjeri
Hannes Hannesson.

VII. Skjemtinefndarkosning. Kosið var í skjemti-
nefnd í stað þessara þriggja Guðbergs Kristins
Gunnlaugs Kristjánssonar og Sigríðar Jóhannesd.
er voru búin að starfa ákveðið tímabil í skjemti-
nefnd og höfðu heimild til að neita kosningu
kosið var skriflega og hlutu kosningu þessi
Petrea Stefánsdóttir með 15 atkv. Jón Pjetursson
með 8 atkv. og Jón Arngrímsson með 6. atkv.

VIII. Mál Frumvarp til laga um fyrirhugaða Stofn-
un Sjúkrasambands Austan vatna í Skaga-
firði. Las formaður fjelagsins Ólafur Arngríms.
lagafrumvarpið upp fyrir fundinum. Var það
lítið rætt sökum þess að tillaga kom frá Jóni
Arngrímsyni svohljóðandi.
Fundurinn samþykkir að þessu máli verði
frestað sökum tímaleysis til næsta fundar.
Tillagan borin upp og samþykt og þar af leiðandi
engar umræður gjörðar að málinu

IX. Mál. Framtíðar Starfsemi fjelagsins. málið lítið
rætt, en svohljóðandi tillaga borin upp í því
frá Hannesi Hannessyni.
Fundurinn samþykkir að vísa því til
Stjórnarinnar og hún hafi það með höndum.
Tillagan samþykt með öllum greiddum atkv.

X. Kosnir tveir menn til að endurskoða næsta árs
reykninga fjelagsins. Þessir hlutu kosningu.
Jón Arngrímsson Valgarð Kristjánsson
kosinn varamaður Sveinn Pálsson.

XI. Kosið í framsögu nefnd. Þessir voru kosnir



Jón Pjetursson Stefán Jónsson Pjetur Stefánsson

XII. Kosinn fundarstjóri til næsta fundar Björn Stefánsson
formaður þakkaði fjelagsmönnum fyrir góða þátt-
töku í umræðum. Einnig þakkaði hann utan
fjelagsmönnum fyrir ágætt hljóð og sagði þar
með fundi slitið.

Ólafur Arngrímsson. Gunnlaugur Kristjánsson
(fundarstjóri) (ritari U.m.f. H.)

## 84 Fundargjörð. 16-2'30

Hinn 16 Febrúar 1930 hjelt U.M.F. H. fund í húsi
fjelagsins „Hjeltilás" Fundinn setti Ólafur Arngrímsson
og nefndi til fundarstjóra Valgarð Kristjánsson. Þar
kosinn fundarstjóri Björn Stefánsson var ekki mættur.
Dagskrá fundarins var.

I. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþykt
II. Lesið upp blaðið Vísir.
III. Úrslita umræður um sambandsmálið. Urðu um það
all snarpar umræður. Töluðu þessir í málinu með því
Ólafur Arngrímsson Valgarð. Kristjánsson en á móti því
að fjelagið gengi í sambandið töluðu Jón Arngrímsson
Sigurbjörn Bogason. Var svo gengið til atkvæða um málið
og fjell þannig að 8 gegn 4 á móti því að fjel. gerðist
meðlimur sambandsins
IV. Formaður fjel. bar það undir fundinn hvort hann væri
því ekki samþykkur að Hartmanni Pálssyni yrði veitt
undanþága frá skyldum og skattum við fjel. að
undan skildu árstillagi þar hann væri alfluttur af
fjelagssvæðinu en langaði til að vera meðlimur fjel.
eftir allmiklar umræður kom tillaga frá Ólafi Arngríms.
svohljóðandi. Fundurinn samþykkir að Hartmann Pálssyni
sje veitt undanþága frá að greiða til fjelagsins þau auka
gjöld er fjelagið leggur á meðlimi sína, tillagan feld.
V Sigurbjörn Bogason gat þess að kostnaður við aðal fundinn
hefði orðið 90 eyrir á mann, óskaði eftir að það yrði borgað
það fyrsta VI Þá var kosið í nefndir í Ritnefnd Hjörtur
Pjetursson Guðm. Guðbrandsson Sig. Pálsson. Framsögunefnd
sú sama fundarstj. til næsta fundar Sigb. Bogason Fleira kom

ekki til umræðu fundi slitið.

Valgarð. Kristjánsson (fundarstjóri)  Jón Arngrímsson (fundarritari)

## 85. Fundargjörð.

Þann 27 Nóvember 1930 hjelt Ungmennafjelag Holtshrepps fund í húsi fjelagsins að „Kjellás" Fundinn setti formaður fjelagsins Ólafur Arngrímsson og kaus hann fundarstjóra Jón Arngrímsson en fundarritari var kosinn Gunnlaugur Kristjánsson.

### Dagskrá fundarins var þessi.

I. Sala á heyi fjelagsins. Frummælandi var Sigurbjörn Bogason gjaldkeri: Gat hann þess að hann hefði selt Jóni Þ Jónssyni Tungu heyfúlgu fjelagsins fyrir krónur 5 hestinn. Gat hann þess enfremur að fjelagsmönnum myndi kanski ekki líka vel þessi sala sýn á heyinu þó hann áliti það vel selt. Tók þar næst til máls Ólafur Arngrímsson gat hann þess meðal annars að salan á heyinu væri algjörðlega á ábyrgð gjaldkjera. Næstur honum talaði Jón Arngrímsson. Gat hann þess að ekki sjerstaklega til eftir breitni, að fundurinn gerði einhverja sampykt um að yrði ekki gengið fram hjá fjelagsmönnum með sölu á heyinu þó það væri gjört í þetta sinn. Einnig tóku fleiri til máls og og enduðu þar næst umræður með svohljóðandi fundarsampykt. Fundurinn sampykkir að selja Jóni Þ Jónsyni heyfúlgu fjelagsins sem er 49 hestar fyrir krónur 5- hestinn, og skal Jón sitja með bótalaust allar þær skjemdir er framm kunna koma í tjeðri fúlgu. Og skal andvirði hennar sem er að upphæð 245,00 kr. vera að fullu greitt fyrir áramót 1930.

II. Mál. Endurbætur á húsi fjelagsins. Formaður fjelagsins Ólafur Arngrímsson, bar það upp fyrir fundinum. Hvað honum sýndist með að reina ymmrjetta salinn á húsinu í vetur. Málið mikið rætt og að síðustu sampykti fundurinn að kaupa skyldi efni og til að ymmrjetta



sal hússins með, og stjórn fjelagsins falið að sjá um framkvæmd

III. Endurbætur á lögum fjelagsins. Var mál þetta mikið rætt og að endingu sampykti fundurinn að kjósa skyldi 2 menn til að endurskoða lög fjelagsins og gera lagabreitingar og skyldu þær vera lagðar fyrir næstu fundi ef einhverjar yrðu kosið var skriflega og hlutu kosningu þessir.
Jón Arngrímsson með 7 atkv. Gunnlaugur Kristjánsson með 8 atkv.

IV. Formaður skýrði frá því að Skarphjeðinn á Mósfelli hefði greitt of dagsverki sínu kr 5 og þar máli sínu til gildis að hann taki ekki fullkomið kaup fundurinn sampykti að Skarphjeðinn skyldi slept með það. Einnig kom fram svohljóðandi tillaga. Fundurinn sem sampykkir að únglingar innann 18. ára greiði dagsverk jafnt kvennfólki.

V. Kosið í nefndir. Ritnefnd. Sigurhjörtur Pjetursson Gunnlaugur Kristjánsson María Kristjánsdóttir. Frammsögunefnd. Jón Jónsson Björn Stefánsson Hjalti Kristjánsson kosinn fundarstjóri til næsta fundar Sigurbjörn Bogason. Fleira ekki rætt fundi slitið.

Jón Arngrímsson (fundarstjóri)  Gunnlaugur Kristjánsson (ritari)

# 86. Fundargjørð.

Sunnudagin 25 januar 1931. Hafði U. m. F. H. fund á „Kjetilás“. Fundarstjóri var Sigurbjörn Bogason og til nefndi hann skrifara Ólaf Arngrímsson.

Þetta gerðist á fundinum.

I. Formaður fjelagsins lýsti því yfir að nú væri komið að þeim tíma sem venja væri til að hafa aðalfund og sagðist hann vilja leita álits fjelagsmanna hvort það væri eindreginn vilji þeirra að hafa hann í svipuðu formi eins og síðasta aðalfund nefnilega með gleði-koffidrykkju og alt uppá fullkomnasta veislu máta ellegar bara óbreittann og án alls tilhalds hann sagðist skula láta sitt álit uppi í því efni og það væri það að fyrir sitt leiti vildi hann ekkert tilhald hafa og væri það af fleiri en einni ástæðu first og fremst að hann sagðist ekki ganga þess dulinn að boðsgestirnir hefðu enga skjemtun af að sitja fundinn og hlíða á það stagl sem þar færi framm frekar að því leiddist það. annað það að fundurinn þyrfti að ganga af í þeim kvelli að það væri valla hægt að afgreiða nauðsinlegustu málin sem lægu fyrir fundinum og í þriðja lagi væri það svo mikið verk að undir búa þess háttar veislur að hann gæti ekki gefið sig við því eins og síðast og þar með lauk hann máli sínu. Við þessari þrumu settu fundar menn hljóða og var nú löng þögn og mátti sjá vonbryggðisdrætti í kringum munninn á sumum sjerstaklega þeim sem fastar veislurnar hefðu hlotið. Alt í einu heirðist rödd allir litu upp hún kom úr sæti fundarstjórans, var hann á sama máli og síðasti ræðumaður færði það til gyldis máli sínu að fjelagsmenn veigruðu sjer við að tala álit sitt í ljósi þegar fult hús væri með utan fjelags fólk og mart fleira sagði hann. Vóru nú hugsanirnar búnar að brjóta sig í flestum fundarmönnum og stóðu nú upp hver af öðrum og ljetu álit sitt uppi. Urðu all-skiftar skoðanir um breitinguna sumir álitu að það það væri hægt að hafa veislu en aðrir ekki og var nú að verða mikill kliður í fundarsalnum og menn að verða ókyrrir og endaði loks málið með þeim endalokum að hafa enga veislu um aðalfund, en tala um hana þá höfðu þá allir talað í málinu nema María og Þura.

II <u>Formaður</u> bendi til skjemtinefndar manna sem mættir vóru



á fundinum, hvort að mundi ekki vera möguleikar á að hafa skjemtun fljótlega, til hagsmuna fyrir fjelagið fljótlega helst fyrir aðalfund. Aðeins 2 skjemtinefndarmenn vóru mættir á fundinum og tóku þeir því frekar dauflega í firstu en þegar þeir fóru að athuga málið þá komust þeir á þá niðurstöðu að hafa skjemtun eftir hálfann mánuð og þá að fá leik flokkinn úr Stíflu að sína fólsku Tóntu og var að þeim enda lokum Gefinn góður rómmur og málið þar með tekið út af dagskrá. Fleyra gerðist ekki var fundi því slitið og var skrifari hálf óánægður, því honum heirðist málefni vera að brjótast um í einum fjelagsmanni en það gat aldrei brotist út.

„Kjetilás“ 25/1–'31.

Sigurbjörn Bogason. (fundarstjóri)

Ólafur Arngrímsson. (fundarritari)

# 87 Fundargjörð. Aðalfundar. 11. Febrúar. 1931.

Hinn 11. Febrúar 1931. Var aðalfundur Ungmenna-
fjelags Holtshrepps haldinn að „Kjetilási" Fundinn sátu
22. fjelagsmenn. Fyrverandi formaður fjelagsins
Ólafur Ingrímsson setti fundinn, einnig las hann
upp. Dagskrána. En gjörðir fundarins ritaði.
Gunnlaugur. Kristjánsson.

Dagskrá fundarins var þessi.

I. Lesnar, lesnar vóru upp fundargjörðir frá 2 síðast-
liðnum fundum, var önnur frá 27. Nóvember en hin
dag-sett 25. Janúar og vóru þar báðar samþyktar.

II. Lesið var upp blað Ungmenna fjelagsins „Vísir"
af Gunnlaugi Kristjánsyni.

III. Lesin vóru upp lög Ungmenna fjelagsins af fyrver-
andi formanni Ólafi Ingrímssyni. Höfðu þau
verið endur-skoðuð af Jóni Ingrímssyni og Gunnl.
Kristjánssyni sem kosnir vóru til þess. Gjörðu þeir
lagabreitingar, sömdu viðauka við 3.4.10 Grein
laganna sem til heyra-B lið Greinanna. Enn fremur
7–11-grein laganna samdar að nýju og hinar gömlu
feldar burtu. Einnig var bætt við lögin 18 greini-
nni sem var ný grein en hin gamla sem fyrir var
höfð fyrir síðustu grein. Vóru lögin fyrst lesin upp
eins og þau höfðu verið frá fyrri árum, en síðar grein
fyrir grein ásamt meðfilgandi lagabreitingum. Var
B- liður 3 greinar tekjinn til umræðu af Páli Sigurðssyni
er hann svohljóðandi. Atkvæðis-rjett hafa allir fjelags-
menn yfir 14 ára. o.s.frv. Gat Páll þess að sjer þætti
það bindandi að úllingar innann 14 ára skjildu ekki
hafa kosningar rjett í fjelagsmálum en 12 ára mættu
þeir ganga í Fjelagið all snarpar umræður vóru gjörðar
gagnvart þessu aldurs takmarki um kosningar rjett
unglinganna. Var þetta aldurs takmark búið að vera
í lögunum frá því þau vóru samin í fyrstu
Fanst því sumum fundarmönnum að úllingum
ekkert órjett gjört þó þettað væri takmarkað í lögunum
með kosningar rjettinn þar sem þeir álitu að þroska
skjeið þeirra væri mest á þeim árunum frá 12- til
14 ára aldurs. En aftur á móti fanst hinum fundar-
mönnum að aldurs takmark ætti ekki að eiga sjer stað



innann vjebanda Ungmennafjelaga, fanst þeim heilbrigðast
að þeir hefðu kosninga rjett um leið og þeir gjerðust meðlim
ir fjelagsins. Enduðu þar næst umræður með svohljóðandi
tillögu frá Páli Sigurðssyni. Fundurinn samþykkir, að
fella skuli úr 3ju Grein laganna því ákvæði sem banna
það, að meðlimir fjelagsins innann 14 ára aldurs hafi
atkvæðis-rjett, tillagan borin upp og samþykt og B liður
þriðju greinar jafnframt samþyktur með 14 gegn 3
atkvæðum. Athuga semnd við 6 grein laganna
kom frá Sigurjóni Guðmundssyni. gat hann þess
að hann vissi til þess að ekki væri leifi legt, að fundir
væru látnir byrja klukkan 1 á Sunnudögum óskaði
hann eftir breitingu og þeir væru ekki látnir byrja
fyr en kl. 2. Var breyting þessi um færslu fundar-
tímans lítið rædd sökum þess að tillaga kom frá
Sigurjóni Guðmundssyni svo hljóðandi.
Fundurinn samþykkir að, sje gert að laga ákvæði að
fundir í Ungmennafjelagi Holtshrepps byrji ekki
fyr en kl. 2 á Sunnudögum. Tillagan samþykt með
öllum greiddum atkvæðum. Einnig kom athuga
semd frá Páli Sigurðssyni við – A lið 14 greinar
laganna, sem hljóðar svo. Ekki meiga fjelagsmenn
um hönd hafa neinar þær nautnir er spilla heilsu
svo sem neita áfengra drykkja eða taka upp tóbaks-
neislu. Gat Páll þess að þessi liður greinarinnar væri
þrá faldlega brotinn og hann vildi helst fyrir sitt leiti
að hann yrði alveg feldur burtu úr greininni.
Miklar umræður urðu um – A lið greinarinnar, gátu
fundarmenn þess að lögin væru þráfaldlega brotin
Þýddi því ekki að taka eina sjerstaka grein fyrir til
umræðu fremur annari og taldi meiri hluti fundarmanna
að stór gloppa yrði gerð í lögin með því að fella þennann
lið greinarinnar burtu úr lögunum, því að það hefðu
flest Ungmenna fjelög þettað í lögum sínum og væri
það aldrei svo að það dragji ekki úr nautn tobaks eða
áfengra drykkja að einhverju leiti innan vjebanda þessa
fjelags. Vóru þar næst að dofna umræður fundarmanna
og samþykti fundurinn með meiri hluta atkvæða að
Greinin skjildi standa óbreitt í lögum Fjelagsins eins
og hún hefði verið. Fleiri athugasemndir vóru ekki gerðar
við lögin og vóru þau þarnæst samþykt með þessum

lagabreitingum sem fyrir fundinn vóru lagðar með öllum greiddum atkvæðum fundarmanna.

IV. Lesnir vóru upp endurskoðaðir reykningar fjelagsins af. Sigurbyrni Bogasyni þáverandi gjaldkjera fyldi þeim vottorð frá endurskoðendum, vóru reykningarnir samþyktir eins og þeir láu fyrir með öllum greiddum atkvæðum

V. Stjórnarkosning. kosið var skriflega og hlutu kosningu þessir. Valgarður Kristjánsson kosinn formaður með 14. atkvæðum ritari kosinn Jón Arngrímsson með 7. atkv. gjaldkjeri kosinn Sveinn Pálsson með 12 atkvæðum En fremur kosið á varastjórn þessir vóru kosnir. Björn Stefánsson formaður Gunnlaugur Kristjánsson ritari Ólafur Arngrímsson Gjaldkjeri.

VI. Kosnir vóru tveir menn til að endurskoða næsta árs-reykninga fjelagsins þessir hlutu kosningu. Hannes. Hannesson. Gunnlaugur. Kristjánsson.

VII. Skjemtinefndarkosning. Kosið var skriflega og hlutu kosningu þessir Jón Jónsson kosinn með 10 atkvæðum. Gunnlaugur Kristjánsson með 10 atkvæðum. Einnig var kosinn skjemtinefndar maður til næsta árs í stað Jóns Pjeturssonar sem er fjærverandi og getur því ekki fylst með störfum nefndarinnar hlutu jöfn atkvæði tvö Ólafur Arngrímsson og María Kristjánsdóttir, varð Ólafur sterkari á vígvellinum feldi hann Maríu og hlaut því embættið.

VIII. Mál. Framtíðarstarfsemi fjelagsins. Var því máli vísað til stjórnarinnar, og hún hefði það með höndum.

IX. Fyrirspurn kom frá Hannesi Hannessyni, um hvort fjelagið væri búið að fá afmælda lóð. Fyrverandi formaður svaraði spurningunni. Sagðist hann hafa álitið að það gæti ekki gengið sökum þess að jörðin Stórholt væri í veðböndum, var fyrirspurn þessi mikið rædd en engin sjerstök fundarsamþykt gerð, var hún því tekin út af dagskrá að þessu sinni.

X. Mál. Um fyrirhugaða hesthúsbyggingu í Haganesvík. Frummælandi var. Valgarð. Kristjánsson. Var þetta mikla nauðsynja mál mikið rætt frá ýmsum hliðum vóru fundarmenn fremur fráhverfir því að taka að sjer að sjá um framkvæmdir verksins því þeir álitu það, meira en orðin tóm að taka að sjer að sjá um bygg-ingu á húsinu en töldu nóan tíma til að tala um það þegar



það að kæmi. Aftur á móti var fundurinn því fylgjandi að fjelagið gengist fyrir fjársöfnun. Sat formaður U.m.f. „Von" í Stíflu fundinn. Gat hann þess að fjelag þeirra mundi fúslega taka að sjer fjársöfnun, en taldi mikinn vafa að það taki að sjer að sjá um framkvæmdir verksins. Var málið þarnæst borið upp til atkvæða og samþykt að fjelagið gengist fyrir fjársöfnuninni með öllum greiddum atkvæðum fundarmanna.

XI. Mál. Um fyrirhugaða boðsskjemtun. Frummælandi var Ólafur Arngrímsson. Gat hann þess að, hann teldi sig velvið eins og þeir hefðu haft það í U.m.f. „Von" að bjóða aðeins fjelagsmönnum en utanfjelagsmenn mættu koma ef þeir vildu en þeir kjeiptu sjer veitingar. Var veislu mál þettað rætt af miklum áhuga og kappi því flesta fundarmenn langaði í veislu, skárust fundarmenn í flokka vildu aðrir að þettað yrði opin ber-skemtun og aðeins fjelaginu boðið framanað, en aftur vildi hinn flokkurinn, að þettað yrði boðsskjemtun og hún höfð svo fljótt sem hægt væri fóru fundarmenn að kjing mun-vatni sínu hver af öðrum var það sem þeim fyndist bragðið af hinum góðu veislukökum sem þeir áttu von á vera komið -strags í munninn á sjer, var svo rætt hvernig haga skyldi boðinu frá ýmsum sjónarmiðum, þar til svohljóðandi tillaga kom frá Hannesi Hannessyni. Fundurinn samþykkir að eftirleiðis fundarskjemtuninni verði hagað eins og verið hefur að það verði ekki opinberskjemtun, tillagan borin upp og samþykt og gjeði hún algjörðlega úrslitum málsins. Fleira var ekki rætt, þakkaði fundarstjóri fyrir góðar umræður og sjerstaklega þakkaði hann fundarmönnum fyrir góðar fundar reglur og sagði þar með fundi slitið.

„Kjetilás" 11. Febrúar. 1931.

Ólafur Arngrímsson.
(. fundarstjóri .)

Gunnlaugur Kristjánsson.
(. fundarritari .)

# 88 Fundargjörð

Fimtud. 4 Febrúar 1932. var fundur settur og haldinn í U.M.F.K. á „Ketilás“ Formaður fjelagsins setti fundinn og stirði honum nefndi hann fundarskrifara Jón Arngrimsson.

Þetta gjörðist.

I Formaður átaldi fjelagsmenn fyrir hirðuleisi að mæta á fundi er þeir væru boðaðir sagðist hann ekki sjá að fjel. irði haldið uppi ef það breittist ekki. Lagði hann spurningu fyrir fundinn hvert tiltækilekt mundi að halda fjelaginu starfandi eða það irði leist upp. Sagðist hann hafa hugsað sjer ef fjel. starfaði áfram að breita fundarstarfseminni að tími til málefna irði stittur en irði aftur á móti leitast við að lesa upp fræðandi fyrirlestra og annað það er gæti frætt og ~~gof~~ gövgað meðlimi fjelagsins. Ól. Arngrimsson kvað sjer ekki koma það á óvart þó þessi spurning væri lögð framm hjer sagðist hann einmitt hafa hugsað sjer að leggja þessa spurningu fyrir fundinn. Þá talaði hann um starfsemi fjelagsins sem hann taldi hefði þó lítil verið. Taldi hann „Stjórn“ fjel. hafa gengið slælega fram í því að afla fjelaginu tekna síðan hún tók við stjórn fjel. Kvaðst hann þó hallast að því að reint irði að halda fjel. vakandi í þeirri von að lifnaði yfir starfseminni. Valgarð. kvaðst þurlega skula játa það að það lægi lítið eftir stjórnina um framkvæmmdir en það væri bein afleiðing þess að svo illa hefði gengið að ná saman fundum starfsemi fjelagsins bygðist aðallega á því að fjelagsmenn væru vakandi fyrir því að sækja fundi. Töluðu allir fjelagsmenn er á fundir voru og kváðust undir öllum kringumstæðum vilja að ~~fjelið~~ fjelagið irði lifgað við og neita allra ráða að láta það starfa með meiri krafti á næsta ári en það hefði gjört þetta síðasta. Tekið út af dagskrá

II Sigurður Pálsson lagði þá spurningu fyrir fundinn hverjum bæri að greiða þær skemdir er Laufaness ~~Reykja~~-hundurinn hefði gjört á gluggum í husi fjel. er hann hefði verið lokaður inni af mönnum er hefðu ~~sótt~~ ~~fund~~. Færði hann rök ~~fyrir~~ því að ~~bæði~~ frá laggalegu sjónarmiði séð þá bæri þeim að greiða þessar skemdir er hundurinn hefði verið í fylgd með og gæti það aldrei komið til greina að aðrir ættu þar hlut að máli. Olafur A. taldi að það tæpast ~~no~~ mundi vera hægt að sak~~a~~ ~~Jón~~ ~~einan~~ ~~um~~ þó hundur-



inn hefði verið með honum eða dæma hann skyldann að greiða þær skemdir er ~~hann~~ hundurinn hafði gjört, fyndist sjer rjettast að allir þeir er þarna voru bættu þetta í ör sameiningu, en að öðrum kosti fjelagið. Valgarður sagði að sjer fyndist hjer vera gjörður úlfaldi úr mýflugu Sigurður hefði verið að þetta mundi kosta frá 70–100 krónur að göra við þetta það næði ekki neinni átt það gæti aldrei farið fram úr 15–20 kr. bauðst hann til að göra þetta með öðrum manni ekki fyrir neitt. Var því tekið fegins samlega.

III Spurning kom frá Pétri Stefánsd. hvert Jóni í Tungu bæri ekki að greiða vexti af heyverði því er hefði staðið inni hjá honum fram yfir Nýár frá því firra 1930 var þeim Ól. A. og S.B. falið að ganga fram í því að ná því hjá honum.

IV Samþykt tillaga frá Pétri að fjelagsmenn legðu til eldivið til upphitunar á fundum

V Ákveðið að hafa aðalfund 14. n.m.

Fundi slitið

Valgarð Kristjánsson.
(fundarstjóri)

Jón Arngrimsson
(fundarskrifari)

## 89 Fundargjörð

Sunnudaginn 14–2–32 var aðalfundur settur og haldinn að „Ketilás" formaður Valg. Kr. setti fundinn og stýrði honum og var ritari fjel. Jón Arngrímsson Þórum fundarritari.

Dagskrá fundarins var.

1 a Lesin upp fundargjörð frá fundi 31–1–1931 af Ólafi Arngrímssyni voru um hana engar umræður og skoðaðist samþykkt.

B. Lesin upp fundargjörð frá fundi 4–2–32 af Jóni Arngrímssyni ekkert athuga vert við hana.

II Lesin upp lög fjel. borin undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkv.

III a Dreginn úr stjórninni gjaldkeri Sveinn Pálsson og tók hann endurkosningu vara stjórn Ó. A. form. S. P. r. S. B. g.

B. Kosin skemtinefnd var farið fram á að þeir tækju endurkosningu er gengu úr og neituðu þeir því og hlutu kosningu þessir Sigurbj. B. með 13 Sigmundur Pálsson 9 Pjetur Stefánsson 8. til næsta Aðalf. er Þorbj. Hvammi varam. Jóns í Helgustöðum

IV Framtaksstarfsemi fjelagsins.

a Formaður bar þá undir fundinn hvert fjel.menn vildu breyta starfsemi fjel. og hvert menn vildu taka þátt í Útskurðarnámskeiði Fél. frá Jóni A.

B Spurning kom frá Jóni Arngrímssyni hvert fjel.menn vildu ekki leggja fram eitthvað af heyi til ágóða fyrir fjel. Ólafur A. taldi það ekki koma vel við fyrir alla fjel.menn, var það borið undir atkvæði og felt með meirihluta Guðmundur Jónsson Málastöðum gekk í fjel.

V Kosið í málefnanefnd Sigurjón Brindli Steingr. Holti Pjetur M. Bredlu fundarstjóri til næsta fundar Ólafur Arngrímsson

Fundarstj. þakkaði góðar umræður og þakkaði úrsegendum gott starf í fjel. en þeir voru Gunnl. Kr. Ól. Jóhannesson Páll Sigurðsson Reikningar komu ekki



fram hjá gjaldkera.

fundi slitið.

Valg. Kr. fundarstj.

Jón Arngrímsson fundarritari

## 90 Fundargjörð

Fimtud. 9–2–1933 hjelt Ungmannafjel. Holtshrepps fund í húsi sínu á „Ketilás" fundarstj. var Valg. Kristj. og nefndi til fundarritara J. Jónsson á fundinum voru mættir 10 fjelm. Þessi mál voru rædd

1 Hvenær halda skyldi Aðalf. fjel. Framsm. Valg. Kr. samþ. var að Aðalf. fjel. skyldi haldinn að forfalla lausu 26 febr.

2 Heysala fjel. Frams. Valgarð Kr. skýrði frá því að búið væri að selja hey fjel. sem eru 50 hestar fyrir 150,00 Kr. eitthundrað og fimmtíu krónur þeim Herm. J. Hamri og Birni S. Stóru-Þv. og heyið væri þegar greitt að fullu.

3 Form. skýrði frá því að hann hefði samið við Guðbjörn J. Reykjarhóli um að greiða honum Kr. 50,00 fyrir engjalán árið 1931 og 32 og ætti það að greiðast svo fljótt sem hægt væri talsverðar umræður urðu ~~um~~ mál þetta en að því búnu var það tekið af dagskrá

4 Sambandsmál

Framsögum. Magnús Bjarnason Kennari. Hann fór þess á leit við fjel. hvert það hugsaði sjer að ganga í Sýslu~~fjel.~~sambandið, hann skýrði vel fyrir fundinum afstöðu fjel. gagnvart samb. og einig hvers það mætti vænta af starfi sambandsins kennur að tiltölulum notum sjerstaklega tók hann fram íþróttakenslu og fyrirlestra sem við gætum notið meira en annars; málið var lítið rætt en átti því nætt að koma fyrir Aðalfund og ræðast þar.

5 Framtíðarstarf fjel. Framsögum. Valg. Kr. hann áminti fjel. um að hafa vakandi áhuga fyrir fjelagsskapnum svo starfsemi þess gæti haldið áfram með vaxandi framkvæmdum, umræður urðu litlar og var málinu vísað til næsta fundar

6 Sigríður Jóhannesdóttir Brúnastöðum sagði sig úr fjl. og þar með fylgdi vottorð frá gjaldkera um að hún væri skuldlaus við fjl.
Folíen var ekki gjört á fundinum
Fundi slitið og þakkaðar umræður

Valgarð Kristjánsson fundarstjóri
Jón Jónsson ritari

~~Sunn~~ 91 Fundargjörð
Sunnudaginn 26/2. 1933. var Aðalfundur U. M. F. H. settur og haldinn að „Ketilás" Formaður fjl. V.K. setti fundinn og stýrði honum. Minntist hann látins fjelagsmanns O.A. og bað fundarmenn að minnast hans með því að standa upp.
Skrifari fundarins var ritari J.A. þessi mál voru tekin fyrir. 1 Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþykkt.
2 Lesnir upp reikningar fjel. tveggja síðustu ára frá 1931—33. voru þeir endurskoðaðir komu þessar athugasemdir fram frá endurskoðendum.
a. Að strika eftir talda menn út af meðlimaskrá fjel. þar sem þeir ekki hefðu innt neinar kvaðir fjl. af hendi og ekki líkur til að þeir gerðu það. Hartmann Pálsson Axel Pétursson, Sigurhjörtur Pjetursson Sigurjón Guðmundsson St. Jónsson.
b. Að innheimta ekki dagsverk hjá Maríu Kristjánsdóttir og ársgjald hjá Þorbjörgu Pálsdóttir
c Undir þessum umræðum kom tillaga frá J. A. að fjl. legði engar kvaðir á H. Hansen aðrar en Ársgjald. Voru allar þessar tillögur bornar undir atkvæði, samþyktar.
d. Að skuldir allar þessar útskrifuðust við fjl. manna yrðu færðar út af eignareikningi fjl. að svo miklu leiti sem þær innheimtuðust ekki á næsta ári.
e. Að skuld frá gömlu körfu uppboði yrði afskrifuð.
3. Lesin upp lög fjl. Komu þessar athugasemdir fram við 16 grein að komi irði breitt í ákveðnara horf, en hún nú er í. Þá kom fram frá H. H. svohljóðandi tillaga. Fundurinn samþykkirað kjósa þriggja manna nefnd til yfirfara ~~lögunum~~ lög fjl. og leggja fram tillögur sínar fyrir næsta aðalfund, var hún borin undir atkvæði og samþykt.
4. Sambandsmál (mál frá síðasta fundi)



Umræður hóf Magnús Bjarnason Rakti hann fyrirkomulag starfsemi sambandsins og að skilirði fyrir því að það gæti starfað. væri það að sambandið fengi sem flesta meðlimi. Dálitlar umræður urðu um málið og tóku þessir til máls. Hjalti Kristjánsson Jón Jónsson Jón Arngrímsson. Valg. Kristjánsson síðan var málið látið gánga til atkvæða ~~hvort~~ hvort fjelagið gengi í sambandið eða ekki og var samþykt með 8:6 atkvæðum.
5 Þá voru kosnir 2 menn í stjórn fjl. Þeir 2 menn sem fyrir voru í stjórninni en það voru þeir V.K. J.A. neituðu að taka kosningu aftur. Þá voru kosnir í stjórnina form. Jón Jónsson með 7 atkvæðum ritari Guðm. Jónsson með 4 atk. í vara stjórn V.K. frm. J.A. rit.
6 Kosnir 2 menn í skemtinefnd en þref nokkurt varð um það er endaði með því að Petra Stefánsd. neitaði að taka kosningu og hlutu þá kosninguna María í Brekku og Valgarð Kristjánsson.
a. Ennfremur kosnir 2 menn til þess að endurskoða reykninga fjl. kosningu hlutu Hannes H. og J. A.
b Enn fremur 3 menn til þessað yfirfara lög fjl. Kosnir voru þeir Jón Jónsson Guðm. Jónsson og H. H.
7 Samþykt var að leggja það í vald stjórnarinnar ~~hvort~~ hvort fjelagið beiddist upptöku í sýslusambandið eða ekki og sendi fulltrúa á næsta sambandsfund.
8 Kosið í framsögunefnd. H. H. Björn L. og Hjalti K.
9 Rætt um framtíðar starfsemi fjelagsins þessir tóku til máls Jón A. H. H. töluðu þeir á dreift um málið og óskuðu nýju stjórninni farsælla framkvæmda Hannes beiddist þess í lok ræðu sinnar að hrópað yrði 3falt húrra fyrir Hjörðinni. Þá þakkaði fundarstjóri fyrir góðar umræður og sagði fundi slitið. 2 menn gengu í fjelagið Jónas Stefánsson Sigríður Þorsteinsdóttir

Jón Arngrímsson

92 Fundargjörd

Sunnudaginn 19. mars 1933. Hjelt Ungmf. Holtshrepps fund í húsi sínu á Ketilási. Fundarstjóri var Sigurður Pálsson, og fundarritari Jón Jónsson.

1. Mál. Framtíðarstarfur fjelagsins. Rætt var um fyrir hugað störf á komandi sumri. Meðal annars það, hvort ekki ætti að vinna til ræktunar, það land sem fjelagið á í kringum húsið og girða af ef ástæður ~~leyf~~ leifðu það. Var gefin mikil vinna til þessa fyrir hugaða starfs. Málið var rætt fram og aftur og síðan vísað til næsta fundar.

2 Mál. Skemtinefndin bar fram tillögu um hvort ekki skildi skemtun haldin þá fljótlega og var það samþikkt í einu hljóði. Málið ~~var~~ síðan tekið út af dagskrá.

3 M. Framsögum. Guðm. Jónsson bar það fram hvort menn gætu ekki sótt fundi á rjettum tíma, um það var talsvert rætt og urðu menn ekki sammála um neinn ~~rett~~ vissann tíma, var því ekkert afráðið um neinar breitingar og málið tekið útaf dagskrá.

Fundarstjóri til næsta fundar Guðm. Jónsson. fleira var ekki rætt. Fundi slitið.

(Sigurður Pálsson Fundarst.
Jón Jónsson Fundarr.)

93. Fundargjörð.

Sunnudaginn 10/12. 1933. Hélt Ungmannafélag Holtshrepps fund á Ketilási. Fundinn setti Hjalti Kristjánsson og stýrði honum, nefndi hann til fundarritara Jón Jónsson. Als voru 14 félagsmenn mættir á fundinum.

1. m. Framsögumaður María Kristjánsdóttir. Hún talaði fyrir því hvort ungmannafélagið gæti haldið jólatré fyrir öll börn á félagssvæðinu og kostað öllu þar til. Gjaldkeri félagsins Sveinn Pálsson bjóst ekki við að félagið gæti kostað þar nokkru til. Þá var málið rætt á þeim grundvelli að félagsmenn gæfu peninga til þessa fyrirtækis. Urðu þá skiftar skoðanir og miklar umræður. Að lokum



varð það úr að skotið var saman talsverðri upphæð. Þá var kosin nefnd til þess, kvenna í málinu og hlutu kosningu þessi María Krist. P. Sd. J. J. Að því búnu var málið tekið út af dagskrá.

2 M. Framsögumaður Skarphéðinn Pétursson. Hvað eigum við að gjöra til þess að efla félagsskapinn sem best. Frummælandi lét þá skoðun sína í ljósi að félagið þyrfti að hafa með höndum eitthvert það verklegt starf sem menn í sameiningu og með áhuga beittust fyrir að koma í framkvæmd. Þetta taldi hann fyrsta skilyrði fyrir því að félagið starfaði á heilbrigðum grundvelli og hefur ~~att~~ verulega þar við mikið að stríða. Jón H. benti á í ræðu sinni um þetta mál að stefnumarkið væri þegar sett svo sem að greiða skuldir félagsins sem fyrst svo það yrði sjálfstætt. Eftir nokkrar umræður var málið tekið út af dagskrá

3 M. Á næstliðnum fundi var stjórn félagsins falið að innheimta hjá Holtshreppi 60.00 kr. fyrir húslán til skólahalds fyrir næstliðið ár og í dag skýrir stjórnin frá því að þessi peningaupphæð sé greidd og þar með útrætt um þetta mál.

4 M. Pétur S. spurði hvort ekki skyldi haldin skemmtun um jólin og samþikkti það allir og var skemmtinefnd falið að annast um það mál að öllu leiti.

5 M. Samþikt var að auglýsa hey félagsins til sölu, útá Siglufirði með tækifæris verði.

6 m. 3 menn gengu í félagið eftir að hafa heyrt lög þess upplesin og nöfn þeirra eru þessi. Steinþór Helgason Svanberg Pálsson Jón Hermansson.

6 M. Í framsögunefnd kosnir. Guðm. Jónsson Guðlaugur Pálsson Jónas Stefánsson.

7 M. Í ritnefnd kosnir þessir. Jón Arngrímsson Pétur Stefánsson Benedikt Stefánsson. Fundarstjóri til næsta fundar Sigurður Pálsson. Fundi slitið.

(Fundarstjóri Hjalti Kristjánsson
Jón Jónsson fundarritari)

## 94. Fundargjörd.

Sunnudaginn 7/4 1934.

Hélt Ungmennafélag Holtshrepps fund í húsi sínu á Ketilás.
Fundarstjóri var Björn Stefánsson og skipaði hann til fundarritara, Jón Jónsson.
Þetta gjördist á fundinum.

1. Fundargjörd frá sídasta fundi sögd vera glötud.
2. Blad félagsins kom ekki út vegna þess ad enginn skrifadi í það.
3. Málefni um verklegar framkvæmdir fél.
Ákvedid var ad gjöra vid húsid það sem hægt er med því til ad farda því frá skemdum og var kosin nefnd til ad sjá um framkvæmd á verkinu og hlutu kosningu þessir.
Björn Stefánsson Gudm. Jónsson
Valgard Kristjánsson. málid ekki meira rætt.

4. M. Fundurinn samþykkti ad fél. legi Gudm. Jóns peninga sem þyrfti til ad greida Harmóniku sem hann fer nú fljótlega lánsheimi ekki ákv
5. Nefnd kosin til ad sjá um veitingar á komandi sumri. Kosnir voru Sveinn Pálsson Sigurdur Pálsson Hjalti Kristjánsson.

6. Nokkrir menn tóku ad sér ad koma sandi svo miklum sem þyrfti heim á Ketilás svo hægt væri ad steypa það sem eftir er af húsinu og einnig átti ad ræda um skemmtiferd á komandi sumri, en var ekki hægt vegna þess ad Valgard hann er fram ... var víst á fjöllum uppi svo hátt ad enginn gat heyrt hans raust.
Málefna nefnd var engin kosin og var ~~Þjóð~~ Stjórninni falid ad koma út bladi fél. á næsta fundi fundarstjóri næst Pétur ad þessu búnu þakkadi fundarstjóri fyrir gódar umrædur og sagdi fundi slitid.

(Björn Stefánsson fundarstj.)
(Jón Jónsson fundarr.)



## 95. Fundargjörd.

Sunnudaginn þann 9/12. 1934
Hélt U.M.F. Holtshrepps fund ad húsi sínu á Ketilás.
Formadur félagsins Jón Jónsson setti fundinn og stjórdi honum fundarr. Gudm. Jónsson

1. Lesin upp fundargjörd frá sídasta fundi af formanni fél. og var hún samþykkt.
2. Formadur fél. bar það undir fundinn hvort ekki ætti ad hafa jólatré og voru gódar undirtektir med það og gáfu flestir fél. m. eitthvad af peningum til þess.
Sídan var kosin nefnd til ad sjá um það og voru þessir kosnir.

Maria Kristjánsdóttir Sigurdur Pálsson
(Jón Jónsson)

Var þetta mál sídan tekid út af dagskrá.

3. Skemmtinefndin talaði um ad hafa skemmtun um jólin.
Það voru ekki allir sammála um hvernig sú skemmtun ætti ad vera.
Sumir vildu hafa böggla uppbod en það var talid ómögulegt.
En þá tók Maria í Brekku til máls og med sinni snild frá madd. tókst henni ad vala menn til þess ad halda álfadans um jólin og var það rætt töluvert af ýmsum enn sídan falid skemmtinefnd ad sjá um það ad öllu leiti.

4. Kosid í framsóknarnefnd.
Jón Hermannsson
Steingrímur Þorsteinsson.
Pétur Stefánsson
Fundarstjóri til næsta fundar Maria Kristjánsd.
fundi slitid
Fundarstjóri Jón Jónsson
(fundarr. Gudm. Jónsson)

96. Fundargjörð.

Sunnudaginn 20/1. 1935. Hélt Ungmennafélagið í Holtshreppi fund.

Fundarstjóri var María Kristjónsdóttir og ~~hún setti~~ hún fundinn setti hún Benedikt Stefánsson fyrir fundarritara. Hún lýsti því yfir að það væri það fyrsta að lesa upp fundargjörð síðasta fundar, en sá sem hana skrifaði var ekki á fundinum og þá var það málefnafundin sem átti að koma með málefni og dæmdist það á Pétur Stefánsson.

1. Girðingar mál. Hann spurði félagsmenn hvort þeir vildu ekki reyna að fá blett hjá Þorsteini H. í Holti til að girða hann af og hafa hann fyrir hesta í vorkennmótunum því að það hefði komið mikkill peningur inn fyrir hesta í þar, vegna þessað girðingin hefði verið. Steinþór á Sléttu sagði ~~álita sitt~~ sagðist álíta að það væri mjög gott fyrir fél. og sama sagði Hjalti í Brekku.
En Jón Jónsson taldi það heppilegra að fél. reyndi að byggja blettinn sem það átti í kringum húsið og girða hann af.
Og að gjöra við húsið sjálft sem lægi undir stórskemmdum og sagði að það hefði verið kosin nefnd í það sjá um að gjört yrði við húsið.
Björn á Stóruþverá sagðist hafa verið einn í þeirri nefnd en ekkert ákveðað frekar enn með-bráðum sinn.
Svo var þetta mál rætt aftur og fram og síðast vísað til af aðalfundar.

2. Matarmál. Jón Jónsson Stóraholti spurði fél. m. hvað þeim fyndist best að gjöra við brauð sem fél. átti. Hann sagðist helst vilja að seldar yrðu veitingar hér á ~~Stórt~~ Ketilás hinum á kaupfélagsfundinum sem átti að verða hér á morgun. Það var samþykkt í einu hljóði ef að einhver fengist til að framreiða það og varð nú hálfgerð tregða á því en einast fékst þær það að ví að sjá um veitingarnar María og Petra og var það útrætt mál.

3. mál. Björn á Stóruþverá gjörði fyrir spurn á fundinum



hver Guðm. á Melstöðum lánaði peningar sem hann fékk í vor ~~vantalaun~~ vextalaust og var því játað.
Þá gengdi Björn aftur og sagðist einungis hafa fengið lánaða peninga hjá félaginu og orðið að fá tvo ábirgðarmenn og líka að borga fulla vexti af þessari upphæð og sagði að ví hefði fundist það rétt.
En Jón í Holti sagði að sér fyndist best að tala um það þegar Guðm. gæti sjálfur svarað fyrir sig svo var það mál látið falla niður.

4. Jón í Holti las upp úrsögn Jónasar Stefánssonar og vottorð frá Gjaldkera að úrsegjandi væri skuldlaus.

5. Aðalfundur. Það var samþykkt að halda aðalfundinn eftir hálfan mánuð og að félagsmenn hefðu með sér kaffi og að þeir mættu bjóða með sér ef þeir vildu og svo yrði dansað alt látlaust og skildi fundurinn byrja kl. 12. á h.d.

6. Salgólf. Jón á Hamri var einn í framsögunefnd og sagðist ekkert málefni hafa en það var lagt fast að þeim að koma með eitthvert málefni. Þeir sögðu einhverjir að það gerði ekki til þó yrði bleyð að því. Þá gengdi einhver að ekki voru það sama fíflin sem tala hér.
En þá datt Jóni á Hamri í hug Salgólfs hann sagði að það væri nauðsinlegt að fernissera gólfið og það hefði átt að vera búið á því fyrir því það mundi skemmast. Og gengdi Petra á Hamri að það hefði átt að gjöra það í vor sem leið og hefði Valgerður í Hamarsseli lofað að gjöra það. Svo var það samþykkt að gólfið skildi verða fernisserað svo var fundi slitið en ekki þakkað fundarstjóri fyrir góða fundarreglur.

Fundarstjóri María Kristjónsdóttir
Fundaritari Benedikt Stefánsson.

97. Fundargjörð.

Sunnudaginn 3/2. 1936 Hélt U.m.f. H. ~~Aðal~~fund í húsi sínu að ~~K~~ Ketilási.
Fundinn setti Valgarð Kristjánsson varaformaður fél. vegna þess að aðal formaðurinn var ekki mættur. Fundarritari var ritari fél. Guðm Jónsson.

1. mál. Lesin upp fundargjörð frá fyrsta fundi af Guðm Jóns og var hún ekkert rædd.

2. mál. Lesið upp blað fél. af ritara og var þar margt skemmtilegt að heira.

3. mál. Framsögumaður Steinþór H. bar það fram á fundinum að það yrði að gjöra við húsið það allra fyrsta, ~~að~~ sem hægt væri svo það skemdist ekki meira en ~~en~~ búið er og var það rætt mikið, sumir vildu láta kjósa nefnd til þess að sjá um þetta en það var bent niður vegna þess að búið var að kjósa nefnd í fyrra til að koma þessu í fram-kvæmd, ~~þá~~ þá fanst þeim það eiga betur við að hún kæmi þessu í lag með sínum fádæma dugnaði.

4. mál. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi af Benedikt S. og rætt töluvert mikið um ims mál sem í henni voru og var vísað til þessa fundar.

5. Girðingarmál. Talað var um að bjóða blettinn sem fél. á í kringum húsið og girða hann svo af með öflugri girðingu, en mjög voru skoðanir manna ólíkar, sumir vildu svo hafa besta hann sem var mesta heimska en þá ~~Þo~~ tók Hjalti í Brekku til máls hann taldi það nauðsynlegra að girða með góðri girðingu í kringum húsið sem enginn maður kæmist yfir og hafa svo mann í hliðinu og láta hann taka þar inngang af fólki og það var hreinasta afbragðið ~~eftir~~ á móti ~~þ~~ að fá blettinn fyrir neðan ásinn til að ~~g~~ geyma í hrossin.

6. mál. Tillaga frá Valgarði í Lambanesi kom fram á fundinum, hún hljóðar svona.
Fundurinn samþikkir að fela stjórninni að fá leigðan blett fyrir hestagirðinga fyrir neðan Ásinn. Og einnig að girða af lóð fél. í kringum húsið með vírneti. Og þetta yrði gjört nú á næsta vori ef hún sér sér það fært fjárhagsins vegna. Tillagan samþikkt með öllum greiddum atkvæðum.

7. ~~fjár~~mál fél. Gjaldkeri lagði ekki fram reikninga fél. en las ~~upp~~ ofur lítið ~~upp kast~~ uppkast af þeim upp á fundinum og virtust mönn þeir í meira óreiðu og urðu miklar umræður ~~utaf~~ útaf þeim og töluverður hiti í sumum.
Björn á Stórubverá lagði spurningu fyrir fundinn Eru þeir peningar ~~vestur~~ ráðstafaðir sem Guðm á Málastöðum voru lánaðir. Svar frá gjaldkera ekkert um það sama.

8. mál. Stjórn! Ekki var kosið í stjórn á þessum fundi fyrir þessa óreiðu sem á öllu var, og var því vísað til næsta fundar ef svo færi að betur tækist til á þeim fundi. Fundi slitið ég man ekki hvort fundar-stjóri þakkaði góðar umræður en ég ætlaði að hugsa mér að hann hafi gjört það.

(Fundarstjóri V. K.)
(Fundarritari G. J.)
(~~Annar~~)

## 98. Fundargjörð. Aðalfundar 1935

Árið 1935 hinn 19/2 var Aðalfundur ungmenna félags Holtshrepps, settur og haldinn að „Kelilasi", setti formaður félagsins fundinn og stírði honum. Las hann dagskrá fundarins og tilnefndi fundarritara Jón Arngrímsson í forföllum aðalritara félagsins

Þetta var tekið fyrir.

1. Lesinn upp Aðalreikningar félagsins, fyrir síðast liðið ár, af Sveini Pálssini féhirði félagsins ásamt athugasemdum endurskoðanda Jóns Arngrímssonar. Annar endurskoðandi gerði enga grein fyrir reikningnum, (Hannes Hannesson.)

Björn Stefánsson gerði fyrirspurn til Jóns Arngrímssonar, hvers vegna Hannes Hannesson gerði ekki grein fyrir reikningunum. Svaraði Jón Arngr. því að þeir hefðu legið frammi fyrir honum á sama tíma og sér, en annars gæti hann ekki gefið neinar upplýsingar um það.

Steinþór Helgason lýsti því yfir, að reikningurinn ~~arnir~~ væri allur „vitlaus" bæði að formi og tölum.

Fór hann fram á það, að reikningurinn yrði yfirskoðaður, aftur á sinn kostnað.

Jón Arngrímsson benti honum á að það lægi nær að gera athugasemdir við reikninginn áður en því væri slegið fram að hann væri allur „vitlaus" bað Jón Arngrímsson hann að gjöra athugasemdir við þá liði í reikningnum er honum findist athuga verðir.

Steinþór Helgason kvaðst munda lýsa vantrausti á endurskoðanda Jón Arngrímsson og krefjast þess að fá reikningana til yfirskoðunar, annars yrðu kosnir nýir endurskoðendur og kvaðst hann þá skilda sína að þeir (reikningarnir) væru allir „vitlausir". Jón Arngrímsson fór fram á að vantraustið yrði borið undir atkvæði, var það gert, greiddi enginn ~~á~~ atkvæði með vantraustinu en 1 á móti, (Steinþór Helgason).

Hjalti Kristjánsson gerði fyrirspurn til gjaldkera hvert skemtun, sem var haldin í Janúar 1934. væri ekki á reikningnum. ~~Gerði~~



Gerði gjaldkeri, þá grein fyrir henni, að hún ~~ætti~~ myndi hafa verið sett á fyrra árs reikning, væri það ekki hefði hann óviljandi yfir séð hana. En sá reikningur væri ekki hér á staðnum, en hann hefði hann heima.

Hjalti Kristjánsson taldi það ekki rétt að færa til tekna á reikning félagsins, sem kæmi ekki inn fyr en eftir áramót, þar sem reiknings ár félagsins, væri almanaksár.

Jón Arngrímsson taldi svoleiðis tilfærslur geta átt sér stað því það gæti oft komið fyrir að þar tekjur gætu komið, sem greiðslur fyrir áramót til dæmis í við skifta reikning félagsins, við Samvinnu félag ~~Fljót~~ Fljóta manna.

Vantrausts yfirlýsing á féhirði félagsins ~~Sv~~ Sv Pálsson frá Steinþóri Helgasyni, var, hún borin undir atkvæði og feld með 10, gegn 6. atk.

Svofeld tillaga kom frá Steingrími Þorsteinssyni

Fundurinn samþikkir að Hannes Hannesson endurskoði reikninga félagsins og skrifi nafn sitt undir og séu þeir lagðir fram til samþykkis á næsta fundi. Tillagan samþykt í einu hljóði.

2. Jón Arngrímsson bar upp fyrir fundin hvort hann væri því ekki samþykkur að leifa Sigurjóni Guðmundssyni inngöngu í félagið og var það samþykt með flestum greiddum atkvæðum.

Gengu 2 nýir meðlimir í félagið, eru nöfn þeirra þessi. Sigurjón Guðmundsson Einar Hallgrímsson bauð formaður þá velkomna í félagið. Þeir skrifuðu nöfn sín undir lög félagsins.

3. Þá voru lesin upp log félagsins.

Tillaga kom fram um að fella í burt úr annari grein 6. lið, sem er svohljóðandi.

Þá skulu nýir félagar ekki ~~f~~ hafa kjörgengi né kosningar rétt á fyrsta fundi er þeir sitja i félaginu, var það samþykt í einu hljóði.

Þá kom úr sögn Sig Þuríði Þorsteinsdóttur, óskaði hún félaginu allra heilla í framtíðinni, var hún tekin gild.

4. Þá fór fram kosning í stjórn félagsins, á 2 mönnum Jóni Jónssyni, formanns og Guðm Jónssyni ritara, var J.J. endur kosin með 15 at,

sem formaður, og Jón Hermannsson ritari með 7. atkvæðum.

5. Kosið í skemtinefnd.
Petra Stefánsdóttir lýsti því yfir að hún gæti ekki unnið með Pétri Stefánssyni í skemtinefnd og krafðist þess að annað þeirra gengi úr skemtinefndinni, var varpað um það hlut kesti og kom hlutur Péturs upp.
Fór þá fram kosning á 3 mönnum í nefndina og hlutu þessir kosningu.
Sigurður Pálsson með 8 atkv. Björn Stefánsson með 6. atkv og Sigurjón Guðmundsson með 6 atkv.

6. Lesin upp úrsögn frá Maríu Kristjánsdóttur óskaði hún félaginu allra heilla, var hún tekin gild.

7. Kosið var í aðrar nefndir. Í framsögunefnd þessir Sigurður Pálsson Hjalti Kristjánsson og Steingrímur Þorsteinsson.
Fundarstjóri til næsta fundar Benedikt Stefánsson. Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið.

Jón Jónsson (fundarstjóri) Jón Arngrímsson (ritari)



99. Fundargjörð.

Sunnudaginn 10 mars 1935 hélt Ungmenna félag holtshrepps fund á Ketilasi. Fundarstjóri Benedikt Stefánsson setti fundinn og skipaði fundarritara Jón Jónsson.
Fund þennann mætti kalla framhalds af Aðalfundi, því þar komu fram ýms mál sem þar eiga að ræðast.
Fundurinn var fjölmennur, en þefði mátt fara betur fram en hann fór.

Gjörðir fundarins voru sem hér segir.

1. mál Lesin upp fundargjörð frá fundi 3 febrúar 1935 af Guðmundi Jónssyni. Samþykt óbreitt.

2. mál Lesin upp fundargjörð frá fundi 19 febrúar 1935 af Jóni Arngrímssyni var hún einnig samþykt óbreitt.

3. mál Lagðir voru fram reikningar félagsins og lesnir upp af Hannesi Hannessyni endurskoðanda, áður voru þeir lagðir fram af Jóni Arngrímssyni öðrum endurskoðanda, sjá aðalfundargjörð til skýringar.
Aðal-lega snerust umræðurnar um þá reikninga sem fyr voru lagðir fram, en hér skal ekki mikið um það sagt. Umræður voru skarpar og endaði með tillögu frá Hannesi Hannessyni hún er svo hljóðandi
Fundurinn samþykkir að taka þetta mál út af dagskrá og taka næsta mál til umræðu. Tillagan var samþykt og málið tekið út af dagskrá.
Þá voru Reikningarnir bornir upp til samþiktar eins og þeir lán fyrir. Voru þeir samþiktir með því skilirði að Hannes Hannesson færði þá inn í Reikningsbók félagsins í sama formi og hann lagði þá fyrir fundinn.

4 mál Lesin upp viðurkenning frá Þorsteini Helgasyni svo hljóðandi.

Viðurkenning.

Eg undirritaður gef Ungmenna felagi Holtshrepps landsspildu á Ketilási. Það skal verða ein dagslátta að stærð 60 metrar í horn. Heimilt er félaginu að taka landið á hvorn kant sem það vill frá húsinu.
En þó skal húsgrunnurinn teljast með í þessari dagsláttu. En fremur skal ~~skal~~ þessi viðurkenning óbreitt ~~standa~~ ~~þó~~ eg selji eða leigi jörðina.
En leisist félagið upp og selji eignir sinar þá á skil eg mér forkaupsrétt að landinu.

Að öðru leiti hefur félagið fullann eignarrétt á þessu landi meðan það starfar, og ég óska það verði vel og lengi.

Stóra holti 10 Mars 1935
Þorsteinn Helgason.
vottar Guðmundur Jónsson Gunnlaugur Pálsson
Af hugasemd.

Landið skal verða mælt í vor annað hvort af mér, eða þeim sem ég set í minn stað
Þ. H.

Allir félagsmenn þökkuðu honum gjöfina

5. mál. Sjúkra samlagsmál frummælandi Hannes Hannesson
Það var heldur lítið rætt um þetta mál vegna þess að menn voru ekki búnir að hugsa sér neitt í því efni en þeir sem tóku til máls virtust skilja nauðsin þessa mikla menningar máls. og að það komist sem first í framkvæmd.
Kosnir voru tveir menn til að flitja málið á hreppsfundi og leita álits almennings þar um.
Kosnir voru Steinþór Helgason og Jón Jónsson
Félagið hefur málið á stefnuskrá sinni framvegis.

6. mál. Skemti nemdin ákvað það á fundinum að hafa Dansskemtun og bögla uppboð 16. þ. m. og voru fundar menn því sampykkir og hugðu gott til að skemta sér vel.

7. mál. a. Kosið var í ýmsar nemdir.
Sveinn Pálsson sagði af sér gjaldkera stöðunni og var kosin í hanns stað Hjalti Kristjánsson með 7. atkvæðum. Afhenti Sveinn honum 70,07. sjötíu kr. og sjö aurar. en reikningana ekki vegna þess sem áður er skirt frá.
b. Vara stjórn var kosin.
Vara formaður Guðmundur Jónsson
— gjaldkeri Petra Stefánsdóttir
— ritari Sigurjón Guðmundsson
c. Kosið var í framsögu nemd.
Björn Stefánsson
Steinþór Helgason
og Hermína Marinnófsdóttir
d. Fundar stjóri til næsta fundar Pétur Stefánsson. fundarstjóri þakkaði góðar umræður og sagði fundi slitið.
fundarstjóri) Benidikt Stefánsson ( fundar ritari) Jón Jónsson



100 Fundargjörð.

Sunnudaginn 17/11. 1935 hélt Ungmenna félag Holtshrepps. fund á Ketilási.
Mættir voru 12 félagsmenn.
Fundar stjóri Pétur Stefánsson setti hann fundinn og stirði honum og skipaði fundar ritara Jón Hermannsson.
Gjörðir fundarins voru þessar.

1. mál. Fyrstur tók til máls formaður félagsins Jón Jónsson, þakkaði hann félagsmönnum fyrir gott samstarf á liðnu sumri og hvaðst hann einnig vonast eftir góðu samstarfi á hinum komandi vetri.

Þá bar hann það upp hvort félagsmönnum sindist ekki rétt að félagið reindi að leika um jólin. Nokkrar umræður urðu um ~~félag~~ málið.
Tillaga kom frá Jóni Jónssyni svo hljóðandi. Fundurinn sampykkir að kosin verði þriggja manna nefnd, til að sjá um ~~það~~ að leikið verði um jólin og skal nefndin velja það leikrit sem hún telur heppilegast og heimilt er henni að leita til ~~þeirra~~ annara félagsmanna um þá hjálp er hún þarfnast.
Tillagan var sampykt og voru kosnir Jón Jónsson Jón Hermannsson Hjalti Kristjánsson

2. mál. Kristín Pálsdóttir gekk í félagið og bauð formaður hana vel komna.

3. mál. Elda velar mál. Frummælandi Hjalti Kristjánsson Hvað hann það nauðsinlegt fyrir félagið ef það ætlaði að hafa veitingar sölu framvegis, að kaupa elda vél.
Málið var lítið rætt og síðan visað til næsta fundar.

4. mál. Kosið í nefndir.
a. Í ritnefnd. Steingrímur Þorsteinsson Helgi Pálsson og Hermína Marinnófsdóttir.
b. Í framsögu nefnd. Gunnlaugur Pálsson Jón Hermannsson Þorbjörg Pálsdóttir.
c. Í skúringar nefnd. Einar Hallgrímsson Svanberg Pálsson Benedikt Stefánsson

d. Fundar stjóri til næsta fundar Hermína Marinósdóttir.
Fundar stjóri þakkaði góðar umræður og sagði fundi slitið.

(Fundar stjóri)
Pétur Stefánsson

(Fundar ritari.)
Jón Hermannsson

## 101. Fundargjörð.

31 janúar 1936 helt Ungmenna felag Holtshrepps fund á Ketilári.
Fundar stjóri var Steingrímur Þorsteinsson og nefndi hann til fundar skrifara Jón Jónsson
Dagskrá fundarins var sem hér segir.
1. mál. Lesin upp fundar gjörð frá síðasta fundi og samþykt.
2. mál. Lesið upp blað felagsins og voru það bæði ritgerðir og kvæði hvoru tveggja vel skrifað.
3. mál. Gjaldkeri felagsins lagði fram reikning frá Jóni Sæmundssini, að upp hæð 8.00 kr og var ~~han~~ það fyrir auglísingar á vorskemt. Gjaldkera þótti hann nokkuð hár og fanst álita mál hvort rétt væri að greiða hann allan. Samþykt var að greiða reikninginn.
4. mál. Fyrir spurn frá Hannesi Hannessyni til formans felagsins, um hvað hann hefði gert í Sjúkra samlags málinu.
Þá skírði formaður frá gjörðum sinum sem að visu voru litlar.
Ákveðið var að hreifa þessu máli ennú ný á almennum hrepps fundi.
5. mál. Ritari felagsins Jón Hermannsson fór fram á það, að blaðið komi út mánaðar-



lega, eins og lögin heimila, og kosin ný rit nefnd fyrir hvern mánuð, en fundar menn yfir leitt kærði sig víst ekki um að blaðið kæmi oftar út en að undan förnu einu sinni á ári svo þeir dráfu það niður.
6. mál. a Lesnar voru upp úr sagnir frá Jóni Arngrímssyni og Sigurjóni Guðmundssyni.
b. Í felagið gekk Skarphéðinn Pétursson, og bauð formaður hann velkominn í felagið
7. mál Kosið í nefndir.
a. í rit nefnd. Einar Hallgrímsson Benedikt Stefánsson og Pétur Stefánsson
b. Fundar stjóri til næsta fundar Jón Jónsson
Fundar stjóri þakkaði umræður og sagði fundi slitið.

(fundar stjóri.)
Steingrímur Þorsteinsson.

(fundar ritari.)
Jón Jónsson.

## 102. Fundar gjörð. Aðal fundar. 1936.

9 Febrúar 1936. helt Ungmenna felag Holtshrepps aðal fund á Ketilári.
Fundar stjóri var formaður felagsins Jón Jónsson fundar ritari var ritari felagsins Jón Hermannsson
Dagskrá fundarins var sem hér segir.
1. mál. Lesin upp fundar gjörð frá síðasta fundi og var hún samþykt óbreytt.
2. mál. Lesin upp Vísir blað felagsins og samþykt.
3. mál Lesin upp lög felagsins.
Við þriðju grein laganna, kom svo feld. breitingar tillaga frá Hannesi Hannessyni. Fundurinn samþykkir að hver sá sem kominn er yfir 12 ára aldurs megi ganga í felagið, hvaðan sem þeir eru af landi hér, án þess að fundar samþykkt þurfi til. Til lagan var samþykt með 7 atkv gegn 5.

og því næst voru lögin samþykt með á örnum breytingum.

4. mál. Lagðir fram endur skoðaðir reikningar félagsins. Ekkert þarst athuga vert við reikningana og voru þeir því samþyktir óbreittir.

5. mál. Kosið í stjórn félagsins.
Hjalti Kristjánsson var endur kosin, sem gjaldkeri félagsins með öllum greiddum at kvæðum.
Þá fór Jón Jónsson bónar veg til félags manna og bað þá að kjósa annan formann í sinn stað. Hvaðst hann ekki geta unnið sem formaður félagsins framvegis.
Flestir félags menn stóðu upp og létu óá nægju sína í ljósi yfir því að Jón skildi ekki vilja starfa áfram sem formaður félagsins.
Einnig vottuðu þeir honum þakklæti sitt, fyrir hve vel hann hefði stjórnað félaginu, hin þrjú síðustu ár.
Þá var kosið og hlaut Benedikt Stefánsson kosningu með 9 atkv.

6 mál. Kosið í vara stjórn.
Vara formaður Skarphéðinn Pétursson
Vara gjaldkeri Petra Stefánsdóttir

7. mál. Kosnir endur skoðendur.
Hannes Hannesson var kosin með öllum greiddum atkvæðum. og Jón Jónsson með 5. atkv.

8. mál. Kosið í skemti nefnd.
Það var borið fram að óþarfi væri að hafa fimm manna skemtinefnd því hún ynni ekkert meira en þó hefðir voru þrír í henni. Það var samþykt að kjósa þriggja manna skemti nefnd árlega. þannig að þeir ✗ gengu allir úr í einu á aðal fundi, og aðrir kosnir í staðinn.



Kosningu hlutu þau Skarphéðinn Pétursson með 9 at. Petra Stefánsson með 8 at., og Björn Stefánsson með 8 at. vara maður Helgi Pálsson með 7 atkv.

9. mál. Sigurður Pálsson bað það upp hvort félags menn væru því ekki samþykkir að Jón Sigurðsson á Reykjum borgaði það sem félagið átti hjá honum fyrir heyfúlguna, 130 kr inn í Spari sjóð Fljóta manna. Það var samþykt í einu hljóði.

10. mál. Framtíðar starfsemi félagsins.
Fystur tók til máls Hannes Hannesson og taldi hann að félagið myndi verða skuldlaust, eftir árið, með sömu legri stjórn.
Valgarð Kristjánsson taldi það fyrsta og nauðsinlegasta starf félagsins í framtíðinni, að gera við húsið og rækta lóðina, sem það ætti í kringum húsið. Hann kvað það afar vel til fallið: ef félagið héldi upp á tuttögu ára afmæli sitt, að lóðin væri komin í rækt og húsið sæmi lega vel út lítandi.
Næstur tók til máls Hjalti Kristjánsson Taldi hann nauðsinlegt að félagið keypti Elda vel og dálítið af leir taui.
Það mál var dálítið rætt, og síðan var stjórninni falið að athuga hvort félagið mindi geta keipt Elda vel, án þess að hleypa sér í skuldir. og ætti stjórnin að koma með álit sitt á næsta fund.
Jón Jónsson bar það upp, hvort félagsmenn væru því ekki samþykkir að félagið reyndi að hafa Kapp reiðar á hinni ✗ væntan legu aðal skemtun félagsins í vor.
Dálitlar umræður urðu um málið Sumir töldu það ómögulegt, fyrir hve Kapp reiðar völlurinn væri stuttur og jafn vel fyrir fleiri örðugleika. Málið var vísað til næsta fundar.

11. mál. Bindindis mál.
Framsögu maður Valgarð Kristjánsson
Hann taldi það vera skildu Ungmenna
félagsins, að beita sér fyrir því að
meðlimir þess neittu ekki áfengra
drikkja, eða öðru því sem spilti heilsu
þeirra, sér staklega á skemtunum
félagsins.
Hann kvað það vera leiðinlegt fyrir
félagið, þegar það spyrðist út úr
sveitinni að félagsmenn hefðu
verið fullir á skemtunum sínum.
Þá kvaðst hann vera hissa á því
að félagsmenn skuli ekki einu
sinni geta stilt sig um að reykja
á fundum félagsins.
Þá talaði hann um það að búið væri
að stofna bindindis félög í flestum
skólum landsins.
Hann sagði að Skóla stjórinn á
Laugar vatni, hefði skírt frá því
í Útvarps ræðu sinni fyrir nokkrum
dögum, að í skólanum á Laugar-
vatni væru 160. nemendur og hefðu
þeir aldrei sézt með svo mikið sem
eina síkarettu, en hefðu þó margir
af þeim verið tóbaksmenn áður.
Einnig kom hann með sögur, sem
hann sagðist hafa eftir utan sveitis
mönnum, sem hefðu verið á skemtun
hér í vetur.
Talsverðar umræður urðu um málið.
Hannes Hannesson taldi það
þýðingar laust að vera með
prédikanir um svona mál.
Hann sagði að unglingurinn
yrði bindindis maður með
því einu að hann finndi
hvöt hjá sjálfum sér til
þess.
Því næst var málið tekið út af dagskrá



12. mál. Kosið í nefndir.
a. Í Rit nefnd. Stjórnin.
b. Í Framsögu nefnd. Valgarð Kristjánsson
Sigurður Pálsson og Helgi Pálsson
c. Fundar stjóri til næsta fundar
Benedikt Stefánsson.
Fundar stjóri þakkaði góðar umræður
og sagði fundi slitið.

(Fundar stjóri.) (Fundar ritari.)
Jón Jónsson Jón Hermannsson

## 103. Fundar gjörð.

Sunnudaginn 8. Mars. 1936, hélt Ungmanna-
félag Holtshrepps, fund á Ketilási.
Fundar stjóri var Benedikt Stefánsson
og nefndi hann til fundarskrifara
Steingrím Þorsteinsson.
Dagskrá fundarins var sem hér segir.
1. mál. Lesin upp fundar gjörð frá síðasta fundi
og var hún samþykt óbreitt.
2. mál. Lesið upp blað félagsins. Vísir.
3. mál Hannes Hannesson las upp upplýsingu,
sem Jón G. Jónsson Tungu, hafði útvegað
eftir beiðni félagsmanna.
4. mál Talað um Eldavélar kaup.
Formaður félagsins, skírði frá því, að hægt
væri að fá keypta Eldavél hjá Agli Melstað
á Siglufirði, sem kostaði 150 kr.
Málið var mikið rætt. ~~og~~
Fundar mönnum fanst réttara, að reyna
fyrst að fá ódýrari Elda vél keypta, einhvers staðar
annar staðar. Einnig lísti gjaldkeri félagsins.

því yfir að félagið gæti ekki keypt svona dýra Eldavél, nema með því móti að fá gjald frest þangað til í sumar, því félagið hefði ekki fyrir liggjandi svo mikið af peningum.

5. mál. Næst var talað um greiðslu á heyi félagsins og vildu sumir félagsmenn láta taka söluna á heyinu aftur, ef Jón Sigurðs á Reykjum kaupandi að heyinu, gæti ekki greitt það nú þegar.
Margir félagsmenn sögðu að skula kaupa heyið og borga það út, þegar þeir tækju við því.

6. mál. Hannes Hannesson kom með beiðni frá félaginu Von í Stíflu um það hvort félagsmenn hérna, vildu ekki spila Knattspyrnu við þá, nú á komandi vori.
Málið var mikið rætt og síðan frestað til næsta fundar.

7. mál. Formaður félagsins kom með fyrirspurn til Jóns Jónssonar Stóra holti um, hvort ekki væri hægt að fá útmælda dagsláttuna, sem félaginu hefði verið gefin í fyrra vor.
Jón kvað það vera hægt hvenær, sem væri.
Einnig talaði formaður um það, að reynt væri að vinna þ blettinn í vor.
Málið var mikið rætt og síðan tekið út af dagskrá.

8. mál. Skemmtinefndin talaði um það, að reynt yrði að leika einhvern gamanleik og fanst öllum félagsmönnum það sjálfsagt. Samþykt var að útvega leikendurna og annan undirbúning fyrir næsta fund.

9. mál. Kosið í nefndir
a. Í framsögunefnd. Helgi Pálsson, Pétur Stefánsson og Björn Stefánsson.
b. Í Ritnefnd. Kristín Pálsdóttir Hremína Marinósdóttir og Skarphéðinn Pétursson

Fundarstjóri til næsta fundar Helgi Pálsson. Fundarstjóri þakkaði góðar umræður og sagði fundi slitið.

(fundarstjóri.) Benedikt Stefánsson) fundarritari Steingrímur Þorsteinsson



# 104. Fundargjörð.

Sunnudaginn 5 april, helt Ungmennafélag Holtshrepps fund á Ketilási.
Fundarstjóri var Helgi Pálsson og nefndi hann til fundarritara Jón Jónsson
Þetta gerðist á fundinum

1. mál. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþykt, en blað félagsins kom ekki út á þessum fundi.

2. mál. Knattspyrnu mál.
Í tilefni af því, voru mættir á fundinum tveir menn úr U.M.F. Von í Stíflu þeir Kristinn Jónasson formaður félagsins og Guðmundur Jónasson. til að ræða málið við U.M.F.H. og höfðu þeir aðallega framsögu málsins.
Þeirra tillaga var sú að öll félagin Ungmennafélag Holtshrepps, Ungmennafélagið Von og Málfundar Haganeshrepps hefðu knattleiki með sér í vor og þá á væntanlegri vorskemtun U.M.F.H. hér á Ketilási
Þeir sögðu þessa uppástungu vera komna frá þeim Sveini Þorsteinssyni á Korlstöðum og Páli Sigurðssyni á Lundi
Þeir voru bræður fóru fram á það að við sæktum málið við Málfundarfélag en því neitaði fundurinn alveg því hann taldi það þeirra verk þar sem þeir hefðu framsögu í málinu einnig tóku þeir það fram að þeir * tækju als ekki þátt í Knattspyrnu máli öðrum hringum stöðum ~~nema~~ að öll félögin gerðu það.
Málið var mikið rætt og tóku allflestir til máls, en ekki varð neitt úr samkomulagi að þessu sinni. Var þá málið borið undir atkvæ eins og vonar félagarar báru það ~~upp~~ fram. en felt með öllum greiddum atkvæðum
síðan tekið út af dagskrá.

3. mál. Um Gilslaug. Framsögumaður Björn Stefánsson.
Hann vildi að felagið taki að sér í framtíðinni að gera Gilslaug not hafa til sundsa kenslu. og helst að hún yrði gerð úr Steinsteipu. Málið fékk góðar undirtektir, en samt taldi fundurinn ekki fært að byrja á því verki á næsta vori vegna annara verka, sem byðu launnar var því málið vísað til framtíðar umræðu á fundum félagsins.

4. mál. Fundurinn ákvað það, að í framtíðinni skildu felags menn gæta sín með að skemma ekki húsið með því að kasta innan um það brotið stöfum eða öðru því sem skemdum getur valdið. er slíkt ekki sam bórið góðum felagsmönnum. og átti alls ekki að sjást.

5. mál. Kosið í nefndir.
I. rit nefnd. Jón Jónsson Svanberg Pálsson Benedikt Stefánsson
I Framsögu nefnd. Hjalti Kristjánsson Skarphéðin Pétursson Einar Hallgrímsson
Fundar stjóra til næsta fundar Einar Hallgrímsson.
Fundar stjóri þakkaði góðar umræður og sagði fundi slitið.

(Fundarstjóri) Helgi Pálsson

(Fundar ritari.) Jón Jónsson



# 105. Fundargjörð.

28./4. 1936. Hélt Ungmenna félag Holtshrepps fund að Ketilási. Fundar stjóri var Einar Hallgrímsson og nefndi til fundar ritara Svanberg Pálsson.
Dagskrá fundarins var, sem hér segir.

1 mál. Lesin upp fundar gjörð frá síðasta fundi og var hún samþykt.

2 mál. Benedikt Stefánsson lagði það fyrir fundin, hvort átti ekki að leika á Vorskemtuninni, og var því vel tekið af fundar mönnum var því svo vísað til næsta fundar.

3. mál. Skemtiferð. framsögu maður Einar Hallgrímsson. Hvað hann það mjög til hlíði lagt að felagið lifti sér eitt hvað upp í sumar. Málið var tals vert rætt. og þá var kosin 3 manna nefnd til að sjá um frekari aðgerðir. og hlutu þessir kosningu Jón Hermannsson Jón Jónsson Petra Stefánsson var svo málið tekið út af dagskrá.

4. mál. Hvað ber skemti legast. framsögu maður Skarphéðinn Pétursson. sagði hann að þetta mál hefði verið á dagskrá hjá U M F Von í Stíflu og hefðu orðið miklar umræður um það. Málið var rætt af nokkrum mönnum og sýndist sitt hvorum var það svo tekið út af dagskrá.

5 mál. Hvað þarfnaðist sveitin mest framsögu maður Jón Hermannsson fáir fóluðu í málinu og var það síðan tekið út af dagskrá.

6 mál. Kosið í nefndir. í Framsögu nefnd Steingrímur Þorsteinsson Hermína Marinósdóttir Kristín Pálsdóttir í Ritnefnd Gunnlaugur Pálsson Benedikt Stefánsson Jón Hermannsson.

7. mál. Bjarni Pétursson gekk í felagið og

baud formadur hann þ. velkomin í felagið.
Fundar stjóri til næsta fundar
Kristin Pálsdóttir.
Fundar stjóri þakkaði góðar umræður og
sagði fundi slitið.

(Fundar stjóri) (Fundar ritari)
Einar Hallgrímsson Svanberg Pálsson.

106. Fundargjörð.

10 Mai 1936 hélt Ungmenna felag Holtshrepps
fund á Ketilási.
Fundar stjóri var Kristin Pálsdóttir. og
nefndi hún til fundar ritara Jón Hermannsson
Dagskrá fundarins var sem hér segir.
1. mál. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi
og var samþykkt óbreitt.
2. mál. Lesið upp nefndar álit frá Skemti ferdar
nefnd og var það samþykkt með
7. gegn 5. atkvæðum
3. mál. Vorskemtunin.
Framsögu maður Björn Stefánsson
Málið var dálitið rætt en eingar á liktanir
gerðar að svo stöddu.
4. mál. Heiskapurinn.
Framsögu maður Jón Jónsson.
Málið var litið rætt, en þriggja manna
nefnd var kosin til að sjá um allar
frekari ráða gerðir umþað mál.
Kosningu hlutu Jón Jónsson Hjallti
Kristjánsson og Benedikt Stefánsson
5 mál. Benedikt Stefánsson mintist á það að nú
þyrfti felagið að fá út mælda dagsláttuna
sem þorsteinn Helgason í Stóra holti
gaf felaginu



Jón Jónsson sagði að það væri hægt að
mæla felaginu hana út hvar sem það vildi.
6 mál. Um viðgerð á húsinu felagsins.
framsögu maður Jón Jónsson. Hann kvað
húsið lyggja undir stór skemdum og taldi
nauðsinlegt að gert yrði við húsið í
sumar. Málið var litið rætt en síðan tekið
út af dagskrá.
7. mál. Elda velar mál.
Samþykkt var að kaupa elda vel.

Fundar stjóri þakkaði góðar
umræður og sagði fundi slitið.

Fundar stjóri Fundar ritari
Kristin Pálsdóttir. Jón Hermannsson

# 107. Fundargjörd.

28 Desember 1936. Hélt Ungmenna felag Holtshrepps fund á Ketilási. Fundar stjóri var Bjarni Pétursson og nefndi hann til fundar ritara Steingrím Þorsteinsson.

Dagskrá fundarins var.

1. mál. Vilja felagsmenn leika nú á næstunni. Framsögumaður Steingrímur Þorsteinsson. Umræður um málið urðu fremur litlar og héldu sumir því fram að of seint væri að tala um leik, þar sem væri orðið svona áliðið. og annað hélt að bráðum yrði kosin ný skemtinefnd og gæti henni þótt það ekki ef ákveðið væri handa henni verkefnið fyrir fram. Var því málinu frestað til næsta fundar

2 mál. Jóla tréð. Framsögumaður formaður felagsins Benedikt Stefánsson. formaður taldi nauðsynlegt að felagið héldi áfram að halda Börnunum Jólatrés skemtun eins og verið hefði. Því voru allir sampykkir og var kosin nefnd sem skyldi sjá um Jóla tréð og allan undirbúning þess. Kosningu hlutu Bjarni Pétursson með 7. atk. Benedikt Stefánsson með 7. atkv. Margret Bogadóttir með 8. atkv. Helgi Pálsson með 7. atkv. og Sigriður Þorsteinsdóttir með 6 atkv.

Þá spurði formaður, felagsmenn hvort þeim fyndist rétt að bjóða ~~börnum~~ á Jóla trés skemtunina börnum þeirra Sigurbjörns og Jóhönnu á Nefstöðum og Hannesar og Sigridar á Melbreið. (en þeir Sigurbjörn og Hannes eru báðir í felaginu.) En felagsmönnum fanst það ekki viðeigandi þar sem þeir voru báðir á Jólatrés Ballinu í Stiflu.

3. mál. Kosið í nefndir. Í framsögu nefnd. Guðlaugur Pálsson Jón Jónsson og Einar Hallgrímsson. Bitnefnd sú sama sem áður var.

Fundar stjóri til næsta fundar Sigriður Þorsteinsdóttir. Fundar stjóri þakkaði góðar umræður og sagði fundi slitið.

fundar stjóri. fundar ritari.

Bjarni Pétursson Steingrímur Þorsteinsson.

[illegible]



# 108. Fundargjörd. Aðalfundargjörd.

26 Janúar 1937. hélt Ungmenna felag Holtshrepps Aðalfund á Ketilási. Mættir voru 17. felagsmenn. Fundar stjóri var formaður felagsins Benedikt Stefánsson og fundar ritari var aðalritari felagsins Jón Hermannsson.

Á Dagskrá voru 16. mál.

1. mál. Lesin upp dagskrá fundarins, af fundar stjóra.

2. mál. Lesin upp fundar gjörd frá 10 Maí 1936 af Jóni Hermannssyni. en fundar gjörd frá síðasta fundi kom ekki.

3. mál. Lesið upp Blað felagsins „Vísir." af Jóni Hermannssyni.

4. mál. Lesin upp Lög felagsins af Benedikt Stefánssyni sampykkt var að kjósa nefnd til að yfir fara lögin og þó sérstaklega 3 og 5 greinir laganna sem fundurinn taldi ekki frambærilegar sem lög. Kosningu hlutu í nefndina Skarphéðinn Pétursson og Jón Jónsson. og skildu þeir vera búnir að skila áliti sínu fyrir 20. Nóvember 1937.

5 mál. Lesin upp nafna skrá felagsmanna og taldi hún felagsmenn.

6. mál. Hjálmar Jónsson gekk í felagið og bauð formaður hann velkominn í felagið.

7. mál. Lesin var upp úrsögn frá Guðmundi Jónssyni ásamt yfirlýsingu frá gjaldkera um að hann væri skuldlaus.

8 mál. Fundurinn sampykkti að strika nöfn þeirra Jóns Péturssonar og Stein þórs Helgasonar út af nafna skrá felagsins, þar sem þeir hafa ekki gert af hendi, í mörg ár þær kvaðir sem felagið hefur lagt á þá.

9. mál. Lesnir upp endur skoðaðir Reikningar felagsins af Hjalta Kristjánssyni fehirdi felagsins. Reikningunum fylgdu yfir lýsingar frá báðum endurskoðendunum, um að þeir fyndu ekkert at huga vert við þá.

Fundurinn fann ekkert að [illegible], og voru þeir því sampykktir óbreyttir.

10. mál. Kosið í stjórn félagsins.
Það átti að kjósa formann og ritara.
Þeir Benedikt Stefánsson og Jón Hermannsson
voru endur kosnir. Benedikt sem formaður með
14. atkv. Jón Hermannsson sem aðalritari með
15 atkv.
(Nú skipa stjórnina þeir Benedikt Stefánsson
sem er búin að gegna formannsstöðu í eitt ár.
Jón Hermannsson sem er búin að gegna aðal-
ritarastöðu í tvö ár og Hjalti Kristjónsson sem
er búin að gegna Gjaldkerastöðu í tvö ár.
Þá skipa ~~þau~~ vara stjórnina þau Sigurður Pálsson
sem vara formaður. Helgi Pálsson sem vara ritari
og Petra Stefánsdóttir sem vara Gjaldkeri.)

11. mál. Kosið í skemtinefnd.
Nefndin var alveg kosin að nýju, eins
og lög ákveða, og hlutu kosningu
Helgi Pálsson með 11. atkv. Sigurður Pálsson með
10 atkv. og Bjarni Pétursson með 7. atkv.
vara ~~m~~ menn voru kosnir Skarphéðin Pétursson
og Kristín Pálsdóttir.

12. mál. Kosnir endurskoðendur reikninganna.
Þeir Hannes Hannesson og Jón Jónsson voru
endur kosnir með öllum greiddum atkvæðum

13. mál. Framtíðar starfsemi félagsins.
Fyrstur talaði Hjalti Kristjónsson taldi hann nauðsyn-
legt að klárað yrði að ganga frá dagsláttunni
í kringum húsið og einnig keypti félagið að
kaupa girðingar efni, til að girða blettinn.
Hann taldi einnig að félagið þyrfti að hafa
gagn af blettinum strax í vor. með því að sá
kartöflum í hann.
Þetta var allmikið rætt og komu margar skoðanir
fram þar á meðal um, að fella niður heiskapinn
en það virtist að ~~félag~~ flestir félagsmenn
hafi ekki séð eftir þeim dagsverkum sem
þeir hafa gefið félaginu til þess að það hefi
getað heyjað, því að flestir voru andvígir, því
að fella heiskapinn niður
Eftir allmiklar umræður var málinu vísað til
næsta fundar. en Stjórninni falið að



kaupa girðingar efni fyrir næsta vor.

14 mál Samþykt var að félagið keypti fót-bolta, þar
sem fótboltinn sem félagið á nú er ónothæfur.

15. mál. Þorra blót. Framsögumaður Jón Jónsson.
Hann kvað það afar tilhlýðilegt, ef bændur í austur
Hjólum héldu þorrablót í vetur.
Hann sagðist hafa litið svo á að það væri vel við
eigandi að hreifa þessu máli hér, þar sem svo margir
bændur voru innan vébanda félagsins.
Málið fékk góðar undir tektir hjá þeim bændum
sem hér voru mættir. og einnig hjá hinum sem ekki
eru komnir svo langt að vera farnir að búa, vafalaust
hafa þeir trúað á það að þeim yrði boðið.
Þá var kosið í nefnd. sem skildi fara til allra
bænda í Holts-hreppi fyrir neðan Stíflu-hóla og fá
það upp skrifað hverjir ætluðu að verða með og
hvað þeir ætluðu að bjóða mörgum og síðar skildi
nefndin kalla þá alla á fund, sinn og ræða þar við þá
frekar um málið.
Kosningu í nefndina hlutu þau Jón Jónsson
Petra Stefánsdóttir Hjalti Kristjónsson Skarphéðin
Pétursson og Björn Stefánsson.
Samþykt var að félagið lánaði húsið sitt,
endur gjaldslaust.

16. mál Kosið í nefndir.
a Í ritnefnd. Stjórnin.
b. Í framsögunefnd. Einar Hallgrímsson Sigríður
Þorsteinsdóttir og Gunnlaugur Pálsson.
C. fundar stjóri til næsta fundar Símon Jónsson
Fundar stjóri þakkaði mönnum fyrir góðar
umræður og sagði fundi slitið

Fundar stjóri.
Benedikt Stefánsson

Fundar ritari
Jón Hermannsson

# 109. Fundargjörð.

Sunnudaginn 28/11. 1937 hélt Ungmennafélag Hallskrepps fund á Kétilsási. Fundarstjóri var Benedikt Stefánsson og fundarritari Steingrímur Þorsteinsson.

Dagskrá fundarinns var sem hér segir.

1. mál. Fyrir spurn frá Hannesi Hannessyni um hvernig afkoma félagsins væri á þessu yfir standandi ári.
Formaður félagsins skírdi svo frá að fjárhagur félagsins væri með besta móti og að félagið mindi verða skuldlaust, um næstu ára mót.
Þá talaði Hannes Hannesson um það, að slæmt væri hvað félagsmenn væru áhugalausir gagnvart félaginu. og að sárt væri til þess að vita þegar félagið væri að verða skuldlaust ef að það sofnaði þá út af. Steingrímur Þorsteinsson sagði að félagið þyrfti að hafa þau mál á dagskrá sinni, sem félagsmenn hefðu áhuga fyrir. Hannes benti aftur á að nóg verkefni væru hér við hendina, sem þyrfti að framkvæma áður en út í annað væri farið. Eins og að gera við lækinn á Mesinu og gyrða blettinn og baudst hann til að gefa svo sem 10. staura í gyrdinguna, og einnig sagði Björn Stefánsson að það mætti leita til sín með nokkra staura.
Hannes Hannesson talaði um það, í þessu sambandi að lítið hefði verið gert í laugar málinu.
Formaður félagsins sagði að hann hefði farið til Steingríms Steinþórssonar búnaðarmála stjóra, og spurt hann hvort eingin maður væri starfandi af hálfu ríkisins, til að athuga laugar stæði. og hefði Steingrímur sagt það ekki vera nema þá Vigfús á Hólum. Margir fleiri tóku til máls og var málið síðan tekið út af dagskrá.

2. mál. Talað um að hafa jólatré. Margrét Bogadóttir tók til máls og sagðist vera eindregið með því að hafa jólatré og sagðist vilja láta senda börnum þeirra Hannesar Hannessonar og Sigurbjörns Bogasonar körfur. Einnig sagðist hún vilja láta senda Guðrúnu í Hólum einnig körfu, því hún væri orðin eins og barn, en sér fyndist vera óþarfi



að láta börn á fyrsta ári vera með.
Nefnd var kosin til þess að sjá um að koma þessu í framkvæmd og hlutu kosningu, Helgi Pálsson, Hjalti Kristjánsson. Steingrímur Þorsteinsson. Jón Hermannsson og Margrét Bogadóttir.

3. mál. Fyrir spurn frá formanni.. hvað ætti að hafa til skemtunar um jólin. Málið var lítið rætt, en skemtinefndinni falið að sjá algjörlega um það, að öðru leiti en því að henni var heimilt að leita til félagsmanna um hjálp ef hún þyrfti þess með. og jafnvel að bjóða til fundar.

4. mál. Lesin upp umsögn frá Sigríði Þorsteinsdóttur ásamt yfir lýsingu frá gjaldkera um að hún væri skuldlaus. við félagið.

5. mál. Skipað í nefndir.
a. Í framsögu nefnd. Margrét Bogadóttir Jódís Snorradóttir og Guðlaugur Pálsson.
B. Í Bít nefnd. Svanberg Pálsson Hannes Hannesson og Símon Jónsson

6. fundar stjóra til næsta fundar Símon Jónsson
Fundar stjóri þakkaði góðar umræður og sagði fundi slitið.

(Fundarstjóri.)
Benedikt Stefánsson.

(Fundarritari.)
Steingrímur Þorsteinsson

## 110. Fundargjörð.

1937.

Sunnudaginn 12. Desember hélt Ungmenna félag-
Holtshrepps fund á Ketilási.
Fundarstjóri var Kristín Pétsdóttir og nefndi hún
til fundar ritara, Bjarna Al. Þorsteinsson.
Þetta var tekið fyrir á fundinum.

1 mál. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi.
2. mál. Lesið upp blað félagsins „Vísir". og voru í honum
margar vel samdar greinar.
3 mál. Málefni frá Hannesi Hannessyni, um að félags-
menn hætti að reikja á fundum og skemtunum
félagsins. Félagsmenn sáu sér ekki fært að
samþykkja þetta mál og var það því felt.
Málið var mikið rætt.
4 mál. Margrét Bogadóttir kom með það málefni, að
félagsmenn ræktuðu trjágarð fyrir sunnan
félags húsið. Þetta mál var mikið rætt, og var síðan
vísað til næsta fundar og einnig um við garð á húsinu.
5. mál. Guðlaugur Pálsson kom með það málefni að
hver félagsmaður gæfi 1,00 krónu í körfu. Hennar
Guðrúnar í Hólum, og var það samþykt af öllum
þeim félagsmönnum sem mættir voru á fundinum.
6. mál Rætt um Jólatréð og var það mál út kljáð.
7. mál. Samþykt var að leika á þrettándanum.
8 mál. Kosið í nefndir.
a. Í framsögu nefnd. Helgi Pálsson Bjarni Al Þorsteinsson
og Svanberg Pálsson.
B. Í rit nefnd. Steingrímur Þorsteinsson Bjarni Pétursson
og Benedikt Stefánsson.
C. Fundar stjóri til næsta fundar Jón Hermannsson

Fleira ekki fyrir tekið.
Fundi slitið.

Fundarstjóri.
Kristín Pétsdóttir.
Hraunum.

Fundarritari.
Bjarni Al. Þorsteinsson
Stóra holti.



## 111. Fundargjörð. Aðalfundar 1938.

23. janúar 1938. hélt Ungmannafélag
Holtshreps aðalfund sinn á Ketilási.
Mættir voru 15. félagsmenn og auk þeirra
Jón Arngrímsson bóndi á Brúnastöðum.
Fundarstjóri var formaður félagsins Benidikt
Stefánsson og fundarritari, ritari félagsins Jón
Hermansson.
Dagskrá fundarins var sem hér segir.

1. mál. Fundurinn settur og lesin upp lög félagsins.
2. mál. Lesin upp fundargjörð frá síðasta- fundi
af Bjarna. Þorsteinssyni.
3. mál. Lesið upp blað félagsins „Vísir"
af Jóni Hermanssyni. Í blaðinu voru
margar góðar greinar eftir ímsa höfunda.
4. mál Lesin upp lög félagsins af Benidikt
Stefánssyni. Við lauin urðu miklar
umræður. Samþykt var að breita eftir-
- farandi greinum. 6. gr. þannig að fundir
félagsins skyldu framvegis birja klukkan
3-4. Þá 11. gr. þannig að framvegis skuli
stjórn félagsins kosin til einsárs í senn.
Þá og 16. gr. Um þessa grein urðu miklar
umræður, meðal annara tók til máls
Jón. Arngrímsson. Hann benti félagsmönnum
á það að þessi grein væri mjög að flestuleiti
ófullkomin. Hann sagði meðal annars,
að ef félagið leistist upp gæti félagið
ekki heimtað að Hreppurinn tæki við hús-
- eign félagsins og gæti hreppurinn því neitað
því. Hannes. Hannesson. sagði að sér
fyndist að hreppurinn ekki gæti neitað
að taka við húsinu, af þeirri ástæðu að
félagið væri búinn að vinna svo mikið
fyrir hreppinn á undanförnum ára dugum.
Samþykt var að breita greininni.
Þá voru bornar upp tvær greinar, sem breitt
var á síðasda aðalfundi, sem voru 13. gr.
og 16. gr. og voru þær samþyktar með á ornum

breitingum.
5. mál. Lesin var upp úrsögn frá Þorbjörgu Pálsdóttir ásamt yfirlísingu frá gjaldkera um að hún vari skuldlaus við félagið.
6. mál. Lesnir upp endurskoðaðir reikningar félagsins af fjárhirðir félagsins Hjalta Kristjánssyni og voru þeir samþyktir óbreittir.
7. mál. Kosið í stjórn félagsins.
Úr stjórninni átti að ganga einn maður, sem var gjaldkerinn. Þeir Benidikt Stefánsson og Jón Hermansson sögðu báðir af sér stjórnarstörfum og áttu þeir báðir eftir að starfa hálft kjör-tímabil eða eitt ár.
Af þeirri ástæðu var öll stjórnin kosin.
Kosningu hlutu þeir. ~~Form~~. Hannes. Hannesson með 5. atkvæðum gjaldkeri Hjalti Kristjánsson með 12. atkv. og Bjarni Þorsteinsson ritari með 4. atkv. Endurkosinn vara formaður Bjarni. Pétursson. varagjaldk. Petra Stefánsdóttir vararitari. Steingrímur. Þorsteinsson.
8. mál. Kosið í skemtinefnd.
Kosningu hlutu Benidikt. Stefánsson. með 9 atkvæðum. Einar. Hallgrímsson með 6 atkv. og Bjarni. Pétursson. með 5 atkv. Til vara. Helgi Pálsson. Svanberg Pálsson. og Margrét. Bogadóttir.
9. mál.
Til að endurskoða reikninga félagsins voru kosnir Jón. Jónsson. Steingrímur Þorsteinsson.
10. mál. Til að breita lögum félagsins voru kosnir Hannes. Hannesson. Benidikt. Stefánsson
11. mál. Framtíðar starfssemi félagsins.
Framsögu maður Benidikt Stefánsson.
Hann kvað það eiga að vera aðal mál félagsins í framtíðinni að stækka, gera við húsið. Hann kvað það myndi vera billegast, fyrir félagið að byggja kjallara undir ~~húsið~~ suður stofu hússins, sem irði notaður fyrir borðstofu og eldhús. Hannes Hannesson benti



á tvær aðrar leiðir til stækkunar á húsinu, sem hann teldi vera bæði varanlegri og skemmtilegri. Önnur sú, að byggja saman við húsið stofu og eldhús. Og hækka upp gólfið í þeirri stofu, sem nú væri til, og gera hana að leiksvalli; en hina leiðina hvað hann vera þá að byggja norðan við húsið leiksvall og láta þá gömlu bygginguna standa óbreitta. Allar frekari umræður um málið var frestað til næsta fundar.
12. mál. Jón Jónsson bar það upp, hvort félagið vildi ekki stofna til fundar nú á næstunni og bjóða á hann félaginu „Von" í Stíflu og öllum hreppsbúum og ræða þar um innmál, sem að einhverju leiti væru þessum fremur aðilum sameigin-leg, svo sem sundlaugarmálið og fleiri. Málið fékk góðar undirtektir og var því vísað til næsta fundar.
13. mál.
Héraðs skólinn í „Varmahlíð".
Framsögu maður Jón Arngrímsson. Hann birjaði á því að lesa upp lög félagsins í „Varmahlíð." Þá spurði hann. Hvort ungmanna félagið vildi ekki stofna deild, sem gengi í félagið? Hann benti á það að með því hjálpaði félagið til að reisa grundvöll undir menningu æsku-lýðs í Skagafirði um ókomnar aldir.
Hannes. Hannesson. talaði einnig í málinu og var því afar filgjandi að félagið gengi í félagið „Varmahlíð."
14. mál. Skipað í nefndir.
a. Í ritnefnd. Stjórnin
b. Í framsögunefnd. Benidikt Stefánsson Hjalti Kristjáns. og Bjarni. Pétursson.
c. Formaður félagsins boðaði fund eftir hálfan mánuð
d. Fundarstjóri þakkaði góðar umræður og sagði fundi slitið.

(Fundarstjóri) Benidikt Stefánsson.

(Fundarritari.) Jón. Hermannsson.

## 112. Fundargjörð.

Fimtudaginn 10. febrúar 1938. Hjélt Ungmannafélag Holtshrepps fund á Ketilási.
Fundinn setti formaður félagsins Hannes Hannesson, og nefndi til fundarritara Jón Jónsson.
Gjörðir fundarins voru sem hér segir.

1. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþykt með þeirri breitingu að feldar voru út 7. og 15. grein

2. Lesið upp blað félagsins af Bjarna Þorsteinssyni ritara félagsins, var það bæði langt og skemtilegt mál og benti til þess að til eru menn innan félagsins, sem geta samið ágætar ritgerðir og vonandi að þeir láti sem oftast til sín heira.

3. Skóla — mál — Skagfirðinga.
Framsögumaður Hannes Hannesson. Ræða hans gekk út á það hvort Ungmannafélagið ætti ekki að gerast meðlimur í félaginu „Varmahlíð" í Skagafirði, og styðja á þann hátt góðan málstað, málið var mikið rætt og kom ræðumönnum öllum saman um, að sjálfsagt væri að styrkja jafn gott málefni með ráðum og dáð.
Þessir töluðu í málinu Jón Jónsson. Hjalti. Kristjánsson. Jón Hermansson og Bjarni. Þorsteinsson. Tillaga kom frá Hannesi um málið, svo hljóðandi: Ungmannafélag Holtshrepps gangi í félagið „Varmahlíð" nú þegar, og var hún samþykt og því lokið umræðum í því máli.

4. Byggingarmál. Framsögumaður Benidikt. Stefánsson.
Sagði hann að nú væri svo komið að félagið hefði ekki nó húspláss til að fullnæja þeim kröfum, sem gerðar voru. Fanst honum rétt að byggja kjallara undir stofuna, svo þar fengist pláss fyrir veitingastofu og eldhús. Taldi hann það billegusta bygginguna og færði margt því til sönnunar, svo sem það, að búið væri að grafa nokkurn hluta af kjallaranum og steypa þar undir á tvo vegu, og margt fleira taldi hann máli sínu til sönnunar.
Þá tók Hannes. Hannesson. til máls og skýrði fundinum frá því að hreppurinn mundi vilja vera í félagi við Ungmannafélagið og fá að byggja skólastofu saman við húsið ef félagið vildi byggja kjallara undir hana; og jafnvel þá svo væri ekki því það húspláss sem skólinn hafði nú væri ekki nóu stórt eða fullkomið á



neinn hátt. Út frá þessu spunnust langar og fjörugar umræður og syndist sitt hverjum eins og nærri má geta um svona stór mál. Var því engin ákvörðun gerð að sinni, en samþykt var að bjóða hreppsnefndinni á næsta fund til skrafs og ráðagerða.
Þessir tóku til máls Benidikt Stefánsson. H. Hannesson. Hjalti. Kristjánsson Jón. Jónsson Jón Hermansson og Bjarni. Þorsteinsson.

5. Það kom til mála á fundinum að bjóða Ungmannafélaginu „Von" í Stíflu á næsta fund og var það samþykt í einu hljóði.

6. Kosið í nefndir.
a. Í ritnefnd Helgi. Pálsson Bjarni Pétursson og Jón Jónsson.
b. Í málefnanefnd Margrét. Bogadóttir Bjarni. Þorsteinsson og Jón. Hermansson.
c. Fundarstjóri til næsta fundar. Jón Jónsson.
Fleira gerðist ekki á fundinum. Fundarstjóri þakkaði mönnum fyrir góðar umræður og sagði fundi slitið.

Hér með tilkinnist! Sökum vangáanings átti ekki fundargjörð frá 6. m. 1938. að koma næst fundarg. frá 10. feb. 1938 heldur fundarg. frá
(Ritstjórinn.)

## 113. Fundar-gjörð.

Sunnudaginn 6. mars 1938 hélt Ungmannafélag Holtshrepps fund á Ketilási.
Fundarstjóri var Jón Jónsson og fundarritari Steingrímur Þorsteinsson.
Firsta mál. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og var hún samþykt í einu hljóði.
2. mál Lesið upp blað félagsins af ritara; Bjarna Þorsteinssyni
3. — Byggingar mál framsögumaður Hannes Hannesson og byrjaði hann að skýra málið. Hann sagði að þetta hefði komið til umræðu fyr og hefði verið mjög skiftar skoðanir um hvernig haga skyldi byggingunni. Næstur tók til máls Hartmann. Guðmundsson. og sagði að allir hreppsbúar væru með að byggja skólastofu ef samkomulag tækist við félagið. Þá tók Jón Jónsson til máls og sagðist ekki sjá

neina ástæðu til fyrir félagið að byggja ef hreppurinn byggði saman við húsið, því að félagið hefði nóg pláss ef að það fengi að nota stofuna þegar því lagi á.

Hjalti Kristjánsson sagði að sér fyndist húsið húsið vera of lítið og þætti sér of lítið að byggja undir stofu félagsins, sem nú er og einnig það að ef ekki yrði byggður kjallari undir stofuna, sem hreppurinn ætlaði að byggja, þá vildi hann helst ekki láta byggja neitt saman við.

Jón á Móafelli sagðist sjá að mjög væru skiftar skoðanir um hvernig ætti að byggja og sagðist vilja fá að vita hvort félagsmenn vildu lofa hreppnum að byggja saman við húsið eða ekki.

Valgarður Kristjánsson sagðist vera eindregið með að lofa hreppnum að byggja saman við húsið.

Jóna Guðmundsdóttir, sagðist segja fyrir sig að sér fyndist ekki betra að byggja skólastofuna hér á Ásnum, en annarsstaðar og sagði að sér fyndist eins gott að hafa hana þar sem hægt væri að nota hana fyrir hreppsfundi og annað slíkt svo ekki þyrfti að borga húsaleigu fyrir það annars-staðar.

Margir fleiri tóku til máls og að lokum voru samdar tvær tillögur í málinu.

Sú fyrri frá Valgarði Kristjánssyni og er svona

Fundurinn samþykkir, að leifa hreppnum að byggja saman við húsið.

Og var hún samþykt í einu hljóði.

Hin tillagan var frá Hannesi Hannessyni.

Fundurinn samþykkir að byggja kellara saman við húsið.

Þessi tillaga var einnig samþykt með meirihluta atkvæða. Síðan var málinu frestað til næsta fundar.

4. — Laugar-mál. Framsögumaður Jón Jónsson. og tók hann fyrstur til máls og sagði að þetta mál hefði komið til umræðu áður og hefði verið kosnar nefndir í báðum félögunum til að athuga málið og þætti sér ekki legt að heyra hvað þeim



hefði orðið ágengt.

Þá tók til máls Kristinn Jónasson og sagði að þessu hefði verið þrengvað inn á félögum á hreppsfundi og sagðist ekki sjá að félögin gætu lagt fram neinn fjárstirk að svo stöddu til framkvæmdar í málinu.

Næstur tók til máls Benidikt Stefánsson og sagði hann að nefndin hefði lítið gert í þessu máli enda hefði verið gengið út frá að hún bara reyndi að útvega mann til að athuga hvar hyggilegast væri að reisa laugina. Hann sagði, það hefði verið farið til Steingríms búnaðarmálastjóra og hann spurður hvort ekki væri einhver sem ætti að athuga svonalagað, en hann hefði sagt að það væri ekki, nema þá helst Vigfús á Hólum. En eins og menn vissu hefði hann verið á svo hraðri ferð þegar hann kom í sumar að ekki hefði verið hægt að ná tali af honum.

Margir fleiri tóku til máls, en af því að fleiri mál voru fyrir hendi kom svohljóðandi tillaga.

Fundurinn samþykkir að vísa sundlaugarmálinu til næsta fundar. Og var hún samþykt.

5. — Sameiginleg skemmtiferð. Framsögumaður Hannes Hannesson. Skýrði hann málið þannig að bæði félögin, Ungmannafélagið „Von" í Stíflu og félagið hérna færu í sameiginlega skemmti-ferð á komandi sumri. Þetta mál var mikið rætt, og kom öllum saman um að þetta væri mikið skemmtilegra heldur en að félögin ferðuðust sitt í hvoru lagi.

Menn komu sér saman um að athuga hvort best væri að fara og koma svo með álit sitt á sameiginlegan fund, þar sem ferðalagið yrði svo fast ákveðið. Vegna þess að fundurinn var orðinn langur fanst öllum bezt að fresta ~~frekari~~ frekari aðgjörð til næsta fundar.

6. mál. Skipað í nefndir. Framsögunefnd Guðlaugur Pálsson Bjarni Þorsteinsson. Margrét Bogadóttir.

Ritnefnd. Jón Jónsson. Helgi Pálsson. Bjarni Pétursson.

Fundarstjóri til næsta fundar.

Gunnlaugur Pálsson. Fundarstjóri þakkaði góðar umræður og sagði fundi slitið.

Fundargjörð.

Sunnudaginn 13-3. 1938. Hélt U.M.F.H. fund að Kidilási, fundarstjóri var Hannes Hannesson og nefndi hann til fundarritara Benidikt Stefánsson.
Á fundinum voru mættir 16 menn.
1. mál
Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi af Steingrími Þorsteinssyni þegar því var lokið gaf fundarstjóri orðið laust og tók þá til máls Jón Hermansson og sagði að sér fyndist vanta í fundargjörðina, að þess væri ekki getið að gestir hefðu setið á fundinum hjá okkur.
Þá stóð fundarstjóri upp og sagði að það væri sjálfsagt að bæta þessu inní fundargjörðina- þegar hún yrði færð inn í fundargjörðarbók ef fundarritari hefði ekki á móti því, og svaraði hann því að það mætti sinvegna, og var svo fundargjörðin borin undir atkvæði og sampkt í einu hljóði.
2. mál.
Húsmálið. Framsögumaður Hannes. Hannesson
Hann skýrði málið fyrir félagsmönnum og sagði að nú lægi það næst fyrir að ráða um húsbygginguna. Þá tók til máls Hjalti. Kristjánsson og sagði að sér fyndist ekki vera hægt að ráða þetta mál meira en búið væri Jón Hermansson sagði að það væri búið að sampykkja að byggja kellara og eins að hreppurinn fengi að byggja við húsið. Þá tók til máls Steingrímur Þorsteinsson og spurði! Hvernig er það, þurfum við Ung.M.F. að byggja til gólfið ~~húsið~~, og svaraði Hannes Hannesson því að það kæmi ekki til mála. Hjalti Kristjánsson spurði félagsmenn hvort það væri ekki bezt að reyna til að komast í félag við Hreppinn með lán og efniskaup og var það talið sjálfsagt svo kom tillaga frá Hannesi. H. svo. hljóðandi.
Fundurinn sampykkir að Ungmannafélagið reyni að komast að samkomu lagi við hreppinn með lán og efniskaup. Tillagan var sampykkt með



öllum greiddum atkvæðum:
Hannes Hannesson spurði félagsmenn eftir hvort að nefnd sé er kosin yrði til að semja við hreppsnefndina, ætti ekki að ~~semja við~~ fara fram á það að Ungmannafélagið fengi ~~ekki~~ að hafa uppboðkaða senu í skólastofu hreppsins.
Um þetta mál urðu all skiftar skoðanir, og fór Benidikt. Stefánsson, fram á það að þetta mál yrði látið ganga til atkvæða og var það borið upp og var það fellt með 12. atkvæðum gegn 2. Sömuleiðis spurði H. H. hvort ætti að kjósa 3. ja manna nefnd eða 5 manna, og var það talið heppilegra að kjósa 5 manna nefnd, og hlutu þessir kosningu.

| | |
|---|---|
| Benidikt. Stefánsson. | 11 atk. |
| Steingrímur. Þorsteinsson. | 11 atk. |
| Hannes. Hannesson. | 10 — |
| Hjalti. Kristjánsson. | 10 — |
| Helgi. Pálsson. | 9 — |

Til vara. Björn. Stefánsson. Jón. Hermansson.
Hannes. H. sagði að nefndin vildi helst ekki semja um önnur mál við hreppsnefndina nema það væri eindreginn vilji fundarins, en þá gæti komið einhver þau mál fram, sem maður ekki gæti áhveðið nú hver yrðu.
Að því búnu var málið tekið út af dagskrá
3. mál.
Kosin nefnd til að undirbúa skemmtiferð á komandi sumri og hlutu þessir kosningu Björn. Stefánsson með 9 atk. Hjalti Kristjánsson — 7 —
Til vara. Hannes. H. og Bjarni. P.
4. mál. Lagður fram reykningur frá Benidikt Stefánsyni við-víkjandi boðsskemmtun sem haldin var. Reykningurinn var lesinn upp lyð fyrir lyð og síðan borinn undir atkvæði og var hann sampyktur í einu hljóði.

5. mál. Kosið í nefndir. Framsögunefnd.
Gunnlaugur. Pálsson. Bjarni Þorsteinsson.
Margrét. Bogadóttir. Ritnefnd.
Jón. Jónsson. Bjarni. Pétursson.
Helgi Pálsson.
Fleira kom ekki til umræðu á fundinum.
Fundarstjóri þakkaði góðar umræður og
sagði fundi slitið.
(Fundarstjóri) Hannes. Hannesson.
(Fundarritari) Benidikt. Stefánsson.

115 Fundargjörð.

115 Sunnudaginn 13. nóvember 1938.
Hélt Ungmannafélag Holtshrepps fund að
Ketilási. Fundinn setti Hannes. Hannesson og
nefndi til fundarritara Jón Jónsson.
Gjörðir fundarins voru sem hér segir.
1. mál. Hannes talaði á við og dreif um innri
mál félagsins, en mest þó um aðgerðir á húsinu
og hvernig koma skyldi í framkvæmd því nauð-
-synlegasta, sem gera þyrfti; hann las upp
reikning yfir efniskaup í hinn ný byggða
kjallara og var sú upphæð 301 kr. (þrjú hundruð
og ein króna) Einnig las hann upp reikning, sem
gjörðar var milli félagsins og hreppsins og skýrði
hann með fylgjandi tölum.
2. —
Benidikt Stefánsson skýrði fundinum frá, hvernig
borðviður sá, sem félagið á hefði verið notaður,
bæði fyrir félagið og hreppinn, sagði hann að
þurft hefði að skella sundur annað hvert borð
vegna þess að borðin hefðu ekki passað. Nú er
hreppurinn búinn að nota mikið af við félagsins,
og kom þá fundinum saman um að láta hrepp-
-inn hafa það sem eftir er, og fá nýjan við með
20% afslætti; en gæti það ekki gengið var ákveðið



hvernig farið skyldi að.
3. mál. Jón Jónsson lagði fyrir fundinn, til
~~við~~ umræðu við bætir á bögum félagsins um það
var lítið rætt en vísað til aðalfundar.
4. mál. Hjalti Kristjánsson keypti hey félagsins
fyrir 50 kr.
5. mál. Gefin vinna til að klára kjallarann
Jón Hermansson. 3 daga
Jón Jónsson 2 —
H. Hannesson 2 —
Benidikt Stefánsson. 1 —
Steingrímur Þorsteins. 2 —
Hjalti Kristjánsson. 1 —
6. mál. Kosið í nefndir.
Í framsögunefnd.
Steingrímur. Þorsteinsson, Jón Hermansson,
Hjalti Kristjánsson. Stjórnin átti að
koma út blaðinu.
Fundarstjóri til næsta fundar Benidikt. Stefánsson
Einnig ákvað fundurinn að bjóða Þorláki
Stefánssyni á Sauðastöðum á næsta fund til
skraf og ráða gerða um Þörf.
Fundi slitið.

116. Fundargjörð.
Ungmannafélagsfundur var haldinn 12. jan.
1939 í húsi félagsins að Ketilási.
Á fundinum voru mættir 11, efu félagsmenn.
Skipaður fundarstjóri var ekki mættur, en
skipaði í hans stað formaður félagsins Hannes
Hannesson fundarstjóra Guðlaug Pálsson og
skipaði hann fundarritara Bjarna Þorsteinsson.
Þessi mál voru tekin fyrir á fundinum.
1. mál. Jón Jónsson las upp fundargjörð frá síðasta
fundi og var hún samþykt lítið breitt.
2. —
Lesið upp blað félagsins af Bjarna Þorstei-
-nssyni. Í blaðinu voru margar góðar greinar
eftir ýmsa höfunda.
3. — Rætt um fyrir hugaðann 20 ára ammælis

fagnað félagsins. Framsögumaður í málinu, var formaður fj. Hannes Hannesson. Gerði hann grein fyrir sinni afstöðu í málinu með stuttri framsögu ræðu. Eftir það tóku margir til máls og sýndist sitt hverj-um, en allir voru þeir þó sammála með það að halda uppi á tuttugu ára starfsafmæli félagsins. Komu félagsmenn sér saman um að kjósa nefnd til að gramsa í málinu og gera sínar ákvarðanir, telja saman gamla og nýja félaga, sem ætti að bjóða og þess háttar. Hlutu þessi kosningu í nefndina. Petrína. Stefánsdóttir Björn Stefánsson Jón Jónsson Steingrímur Þorsteinsson og Hannes Hannesson.

4. mál. Skíðamál. Mál þetta hafði áður komið til umræðu en fengið litlar undirtektir. Þó hefði verið kosin nefnd til að athuga málið og þessir hefðu hlotið kosningu eins og kunnugt ~~er~~ var: Bjarni. Þ. Jón. Hermansson. Steingrímur. Þ.

Frummælandi í málinu var á þessum fundi Jón. H.. Rakti hann feril málsins að nokkru leiti og hjélt því fram að ~~deildin~~ hin fyrirhugaða deild innan Ungmennafélagsins ætti að vera sjálfstæð fjárhagslega. Næstur tók til máls Bjarni. Þ. Talaði hann lítið um fjárhagslegt sjálfstæði félagsins deildarinnar, en sagðist þó vilja að deild yrði stofnuð út úr félaginu, sem svo sæji um allar framkvæmdir í skíðamálinu og héldi uppi skíða-mótum og skíðakenslu með til styrk ungmennafélagsins. Sagðist hann hafa fengið lög hjá „Skíðafélagi Siglufjarðar" til hliðsjónar undirbúnings uppkasts af lögum fyrir hina fyrirhuguðu deild ef hún yrði stofnuð og hefðu þeir Jón. Hermansson og hann gert uppkast af lögunum sem hann hefði hér hjá sér ef þurfa þætti. Sagði hann einnig að þriðji nefndar maður hefði ekki verið viðstaddur er Jón og hann hefðu gert uppkastið. Jón Jónsson tók næst til máls og sagði meðal annars hversu mikil nauðsyn væri á að þetta mál, sem önnur íþróttamál yrði samþykt, ~~var~~ Þarnæst fór hann heim til sín að gegna verkum sínum.

Hannes Hannesson bauð fyrir hönd félagsins að styrkja deildina um 200 kr. á ári ef hún yrði stofnuð.



Tillaga kom síðan frá Hannesi Hannessyni eftir mjög snarpar umræður, sem leiddu það af sér að deild var ekki stofnuð. Fundurinn samþykkir að ungmennafélagið styrki meðlimi félagsins til að kosta skíðakennara og skíðanám-skeið það sem það sér sér fært á veturna yfir mánaðar tíma eða svo. En utan félagsmenn, sem kynnu að vera á námskeiðinu borguðu viss gjald, sem félagið ákvæði. Síðan var tillagan borin undir atkvæði og var hún sam-þykkt með meiri hluta atkvæða.

Fleiri mál voru ekki fyrirtekin.

Fundarstjóri var rétt að segja búinn að gleima að slíta fundi, en kallaði þó inn um dyragættina að ég teld Fundi slitið! Ekki þekkti hann góðar fundar-reglur.

Fundarstjóri. Fundarritari.
Gunnlaugur. Pálsson. Bjarni. M. Þorsteinsson.

117. Fundargjörð.

23. janúar 1939 hélt Ungmennafélag Hofshrepps fund á Ketilási. Hannes Hannesson setti fundinn og stírði honum. Fundar ritara nefndi hann Jón Hermansson.

Dagskrá fundarins var.

1. mál. Hannes. Hannesson kvaddi frá því að nefnd sú er kosin hefði verið á síðasta fundi félagsins til að undirbúa 20 ára afmælisfagnað félagsins, hefði komið saman og ákveðið að boða almennan fund innan félagsins og ræða málið þar.

2. mál. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi af Bjarna Þorsteinssyni. Hannes. Hannesson tók til máls og bað B. Þ. vinsamlega að strika út af fundargjörðinni nokkur stóryrði, sem ættu þar ekki vel heima og leggja fundargjörðina síðan fyrir næsta fund til samþykktar. B. Þ. lofaði að gjöra svo

3. mál. Lesið upp nefndar álit frá afmælisnefndinni af Jóni Jónssyni. Þar var tekið fram að nefndin hafði talið saman gamla og nýja félagsmenn og ef hver félags-maður biði einum með sér yrðu boðsgestir als 121. Þess var einnig getið að þeim gömlum félagsmönnum sem byggju utan Skagafjarðar og Eyjafjarðarsýsla væri slept, vegna þess að þeir mundu ekki hafa ástæðu

til þess að koma. Þá er Jón hafði lokið lestri sínum
var nefndar álitið og málið í heild lagt fyrir fundinn til
umræðu. Fyrstur tók til máls Benidikt Stefánsson.
Hann hvatst vilja að félaginu „Von" í Stíflu yrði
boðið á afmælið. Jón Jónsson svaraði því og hvatst
vera því meðmæltur. Gunnlaugur Pálsson hvatst
hafa borið það upp, á síðasta fundi, að tilhlíðilegt væri að bjóða félaginu „Von"
í Stíflu og hvatst vera því enn fylgjandi. Hannes Hann-
esson talaði um það að ekki væri hægt að hafa fleiri gesti
en 120 vegna til þess að hægt sé að skemmta þeim vel.
Einnig taldi hann að félagsmenn „Vonar" væru 13-14
sem líklegt þætti að kæmu. Hann hvatst einnig vilja
að félagið byði Tungukjörnunum Jóni F. Jónssyni og
Sigurlínu Hjálmarsdóttur. Þá taldi hann saman
það unga fólk á félagssvæðinu ásamt hjónum og
taldist það til að vera 37 manns. Þá bar Hannes
Hannesson það upp hvort félagsmenn væru því
ekki samþykkir að bjóða því fólki, sem fyr
er talið og var það samþykkt.
Boðsgestir voru þá orðnir um 160 eða manns
og var búist við að eitt hvað myndi ef til vill
bætast við.
4. mál. Hannes Hannesson talaði um það að mikið
þyrfti að gera fyrir afmælið og gerði fyrirspurn
til Valgarðs Kristjánssonar hvort hann vildi ekki vera
félaginu hjálplegur við það að setja Kjallarann og fleira
í stand. Einnig var Hermann Jónsson á Hamri, sem
sat fundinn beðinn að rétta hjálpar hönd og lofuðu
þeir því báðir. Þá var talað um það að félagsmenn
þyrftu að gefa rjóma og smjör og fleira og lofuðu marg-
ir að gefa eins og ástæður leyfðu. Því næst var
afmælisnefndinni fengið málið til framkvæmdar.
5 mál. Stofnun skíðadeildar.
Vegna þess að sumir af félagsmönnum komu eftir
eftir það að fundargjörðin, frá síðasta fundi, var lesin upp, var ákveðið
að lesa hana aftur upp vegna þess að skíðamálið kom
fram á þeim fundi og var þar mikið rætt, sem þótti
rétt koma fram við þessa umræðu málsins.
Hannes Hannesson lýsti sínu áliti. Meðal annars hvatst
hann sér vera meinilla við það að deildin yrði fjár-



hagslega sjálfstæð. Hann hvatst vilja að félagið taki málið
á stefnuskrá sína, og styrkti það fjárhagslega eftir
bestu getu. Steingrímur Þorsteinsson hvatst vilja að
deild yrði stofnuð til þess að sjá um málið og sú deild
yrði fjárhagslega sjálfstæð og benti í því sambandi
á mörg áþreifanleg atriði.
Jón Hermannsson tók í sama streng.
Jón Jónsson vildi ekki að deildin yrði fjárhagslega
sjálfstæð og taldi fram önnur atriði, sem studdu mál
hans. Valgarð Kristjánsson vildi láta félagið taka
málið inn á stefnuskrá sína, án þess að stofna skíða
deild. Bjarni Þorsteinsson bar það undir fundinn
hvort hann vildi vera í félagi við félagið „Von" í
Stíflu, með það að fá sér skíðakennara og að félögin
skiftu síðan tímanum með sér.
Hannes Hannesson bar fram svo hljóðandi tillögu.
Í fyrsta lagi) Fundurinn samþykkir að Ungmennafélag Holtshrepps
taki nú með áhuga og dugnaði skíðaíþróttina á sína arma og
styrki meðlimi sína fjárhagslega með kenslu.
Í öðru lagi) Að verja fé því, sem inn kemur á einni einhverri
skemtun skíðaíþróttinni sérstaklega til framdráttar.
Tillagan var samþykkt með 6 atkvæðum gegn 4.
Fundarstjóri þakkaði góðar umræður og sagði fundi slitið.

(Fundarstjóri.) | (Fundarritari)
Hannes Hannesson. | Jón Hermannsson.

118. Aðalfundargjörð — 1939.

Aðalfundur U.M.F.H. var haldinn sunnudaginn
19. febrúar 1939 í húsi félagsins á Ketilási.
Fundarstjóri var formaður félagsins Hannes Hannesson
og fundarritari ritari félagsins Bjarni M. Þorstein-
son. Þessi mál voru tekin fyrir á fundinum.
1. mál Settur fundur.
Formaður setti fundinn og bauð alla félagsmenn velkomna
og þá bændur er þar voru einnig mættir, en það voru nokkrir.
Síðan bauð hann félagsmönnum að minnast látins félaga
Guðmundar Guðbrandssonar með því að rísa hljóðlega úr
sætum sínum og var svo gjört.
2. mál. Formaður bauð Jóni Hermannssyni að lesa upp
fundargjörð frá síðasta fundi. Jón Hermannsson bað fund-

velvirðingar á því að hann hefði glatað fundargjörðinni og gæti því eigi lesið hana upp. (Þessi fundargjörð kom svo aftur fram á næsta fundi)
3. mál. Formaður bauð þarnæst Bjarna Þorsteinssyni að lesa upp fundargjörð frá 12. janúar 1939 því hún hefði eigi verið samþykkt. Bjarni M. Þ. kvaðst ekki hafa fundargjörðina á sér og væri hún heima, svo eigi var hægt að samþykkja hana og var henni vísað til næsta fundar til samþykktar.
4. mál. Lesið upp blaðið „Vísir" af ritstjóra.
Í sambandi við það bar Valgarð Kristjánsson upp hljóðandi tillögu. Fundurinn samþykkir að taka upp þá nýbreytni að birta alltaf þegar félagsblaðið kemur út greinarkorn sem það látur heita „Daglegir viðburðir" og félagsmenn allir sem einn skrifi í þennan greina dálk Daglega viðburði sem gerast á heimilum þeirra eða í nánd við þau.
Jón Jónsson tók næstur til máls kvaðst hann ekki geta fallist algjörlega á tillögu Valgarðs, bar hann upp þá breytingu við tillöguna að einn maður skyldi skrifa um hver ára-mót nokkurskonar annál yfir hið liðna ár, sagði hann að ef að margir ættu að fara að skrifa í þennann greina dálk yrði það svo mjög erfitt fyrir ritara blaðsins að vinna úr öllum þeim greinum. sem kynnu að berast í greinadálkinn „Daglegir viðburðir" ef hann ætti að heita svo. Næstur tók til máls Hannes Hannesson, kvaðst hann eindregið vera með því að inn í blaðið yrði tekinn þessi greinadálkur. Hann kvaðst hafa skrifað í „Vísir" og þó meira í „Máninn" U.m.f. h. í Stíflu annála í meir en 20 ár og kvaðst hann að hitt yrði heppilegra að einn maður inni úr þeim greinum, sem kynnu að berast inn í þennann greinadálk áður, en þær væru færðar ritstjóra til birtingar í blaðið, og sagði hann að í þessu sambandi, sæi hann engann hentugri, en Þorstein Helgason í Stór-Holti þó hann væri utanfélagsmaður.
Fundarmenn samþykktu að biðja Þorstein þessa og var það gert þar á fundi, því hann var þar viðstaddur. Þorsteinn lýsti því yfir að hann skyldi taka þetta að sér ef hann hefði fleiri sér til hjálpar. Stakk þá fundurinn upp á því að hann kysi sér hjálparmenn og gerði hann svo og nefndi þessa sér til hjálpar. Hannes Hannesson. Jón Hermannsson Valgarð. Kristjánsson og þar með



var tillagan samþykkt með áorðnum breytingum.
Hannes Hannesson las upp grein frá einum velunnara félagsins Hermanni Jónssyni á Ysta-mói og þar sem að félagsmönnum þótti hún svo góð sem raun varð á, varð samþykkt að birta hana í blaðinu.
5. mál. Reikningar fyrir árið 1938.
Gjaldkeri Hjalti Kristjánsson spurði félagsmenn eftir því hvort hann ætti að lesa upp reikningana, því þeir voru óendurskoðaðir. Kvaðst hann hafa farið út í Siglufjörð um daginn og því eigi getað komið með þá til endurskoðanda. Félagsmenn ákváðu að hann læsi upp reikningana og gerði hann svo. Félagið var skuldlaust um áramótin og átti þá í sjóði 41. kr. 67 aura og kváðust formaður og gjaldkeri nærri ábirgjast að þessar tölur breyttust (~~lítið eða~~) ekki neitt eftir endurskoðun.
6. mál. Formaður lýsti því yfir hann hefði ekki lögbók félagsins með sér, en hefði gleymt henni heima og gæti hann því eigi lesið lögin upp úr henni á þessum fundi, en gerði það á næsta fundi.
Jón Jónsson bar upp viðauka við lög félagsins þess efnis sem hér segir.
Fundurinn samþykkir að á hverjum aðalfundi skulu félagsmenn kjósa umsjónarmann. Hann skal sjá um allar eignir félagsins innanhúss sem utan og laga það sem aflaga fer, einnig sjá um að hús félagsins sé hirt og vel um ~~gan~~ gengið. Allar aðgerðir sem koma til útgjalda fyrir félagið skal hann gera í samráði við stjórnina og eftir efnahag félagsins á hverjum tíma. Heimilt skal umsjónarmanni að lána húsið ef ekki næst í stjórnina og fyrir það gjald sem hann ákveður, þá má hann ekki gera þetta hafi stjórnin eða einhver einn úr henni áður neitað því. Umsjónarmaður skal geyma tækla félagsins að hverju og sjá um að þá vanti ekki þegar þarf á þeim að halda.
Aðalfundur skal ákveða laun umsjónarmanns fyrir starfið. Skilt er umsjónar-manni að hlíða boðum og banni stjórnarinnar, sem öðrum félagsmönnum.
Margir tóku til máls út af viðaukanum og voru þeir allir sammála um það að kjósa umsjónarmanninn og breyta ekki greininni, var hún því samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

7. mál. Þrent gékk í félagið. Þau Sigurbjörg Björnsdóttir
Steindór Hermansson og Guðmundur Antonsson. Tvo þeirra
voru búin að greiða inntökugjald sitt í félagið þau Sigur-
-björg og Steindór og var það geimt hjá formanni.
Formaður bauð þau öll velkomin í félagið.
8. mál. Starfið á liðna árinu
Formaður tók fyrstur til máls og skýrði frá starfi félagsins
á liðna árinu með stuttri ræðu. Hann skýrði frá húsbyggin-
-gunni sem aðal máli ungmannafélagsins og sagði einsog
við vitum öll að viðaukinn við bygginguna væri mikið [illegible]
Hann þakkaði öllum þeim sem þar hefðu verið að verki
en sérstaklega þakkaði hann þó Jóni Jónssyni fyrir alla
hans miklu hjálp við keirsluna með mölina fyrir
afmælishátíðina.
9. mál. Kosin stjórn. Jón Jónsson bar það upp hvort
fyrverandi stjórn vildi ekki sitja ein við völd
og var hún treg til þess, en lét þó tilleiðast, var þó ákveðið
að kosning skyldi fara fram. Í stjórn voru þá kosin.
Hannes Hannesson formaður með 16 atk. Bjarni Þorsteinsson.
ritari með 11. atkvæðum og Hjalti Kristjánsson með 15 atk.
B. liður, í vara stjórn. Steingrímur Þorsteinsson vara formaður
vara ritari Símon Jónsson vara gjaldkeri Petrína Stefánsdóttir
10. mál. Kosinir ~~vara~~ endurskoðendur fyrir árið 1939.
Kosningu hlutu Steingrímur Þorsteinsson og Jón Jónsson
11. mál. Kosið í skemtinefnd og umsjónarmaður með
eignum félagsins. Hlutu þessir kosningu Steingrímur
Þ. Einar Hallgrímsson og Helgi Pálsson.
Umsjónarmaður var kosinn Jón Jónsson Helgustöðum.
12. mál. Skíðanefnd. Fundurinn ákvað að kjósa skíða-
-nefnd, sem sæji um framkvæmdir í skíðamálinu í
sambandi við stjórn Ungmannafélagsins. Hannes H.
stakk upp á Jóni Hermanssyni til að vera í nefndinni
og samþykkti fundurinn það. Jón Hermansson sagðist
helst vilja vera laus við að vera í skíðanefndinni og bar
fram ástæður fyrir því. en eftir að búið var að ítreka
þetta við hann um stund félst hann á að vera í nefndinni
og stakk hann upp á Steingrími Þ. sem öðrum manni
í nefndina Steingrímur stakk upp á Bjarna Þor-
-steinssyni sem þriðja manni í nefndina og Jóni
Jónssyni til vara. Í sambandi við þetta bar Hannes



Hannesson upp fyrirspurn frá Steini Jónssyni á Hring í
Stíflu þess efnis hvort nokkrir vildu vera með í fyrirhugaðri
skíðakenslu sem „Von" í Stíflu ætlaði að hafa og félagið
hér borgaði í sameiningu við félagið „Von" kensluna.
Hannes Hannesson lýsti því yfir að félagið myndi borga
kensluna fyrir þá sem vildu taka þátt í kenslunni. Sex menn
ætluðu að vera með í kenslunni. Ákveðið var að gera Steini
aðvart og segja honum frá málalokum og einnig það að
þessir sex menn óski þess að skíðaiðkunin fari fram í
Stífluhólum, eða þar sem næst.
13. mál. Framtíðarstarfsemin.
Þorsteinn Helgason bar það upp við fundinn hvort
félagsmenn vildu ekki beita sér fyrir því að einn eða
fleiri ungir menn úr félaginu færu á Garðyrkjuskólann
í Ölfusi til að læra þar garðyrkjustörf og segja svo til
með garðyrkjustörf hér heima í Fljótunum. Einnig spurði
hann félagsmenn hvort þeir vildu eða félagið sem slíkt
styrkja peningalega að nokkru leiti þennann mann eða
þessa menn hvort sem þeir verða einn eða fleiri.
Málinu var vísað til næsta fundar samhljóða.
Einnig bauð Þorsteinn félaginu að lána þeim „blett
upp í fjalli" til heyskapar næsta sumar og var það
þegið með þökkum. Hannes Hannesson spurði félaga um
það hvort ekki ætti að þakka þeim sem sendi okkur
heillaskeiti á afmæli félagsins með því að senda þakka-
-skeiti í útvarpið og var það samþykkt einróma einnig
bað hann félagsmenn að votta þessum mönnum þakklæti
sitt með því að rísa úr sætum sínum og var svo gjört
14. mál. „Önnur mál. Þau komu ekki til umræðu
15. mál. Skipað í nefndir
Í ritnefnd. Stjórnin.
Í framsögunefnd. Benidikt Stefánsson Helgi Pálsson
Jón Jónsson
16. mál. Fundarstjóri til næsta fundar Bjarni M. Þ.
17 mál. Fleira kom ekki til umræðu. Formaður
sagði fundi slitið og þakkaði góðar umræður og
fundarreglur.
Fundarstjóri. Formaður Hannes Hannesson.
Fundarritari. Ritari Bjarni M. Þorsteinsson.

(Fundargjörð.)

119 Sunnudaginn 12. mars 1939.

hélt U.M.F.H. fund á heimili sínu Ketilási
1. mál var að fundarstjóri Bjarni Þorsteinsson setti fundinn og bað fundarmenn velkomna. Fundar ritara setti setti hann Símon Jónsson.
2. mál Jón Hermannsson las upp fundargjörð er vantaði á aðalfundi Hún var samþykkt óbreitt.
3. mál Ritari félagsins las upp fundargjörð frá síðasta -fundi, var hún bæði löng og ítarleg Hún var samþykt óbreitt.
4. mál Bjarni Þorsteinsson æsti eftir lagaupplestri en það var ekki gert, þar að lögin voru óbreitt síðan á fyrra ári og að aðeins einn nýr félagsmaður á fund- -inum, sem ekki óskaði eftir upplestri á lögunum
5. mál. ~~D~~ Lesið upp blað félagsins af Bjarna Þorsteins- syni Formaður þakkaði þeim er skrifað hefðu í blaðið
6. — Formaður las upp samning er gerður var milli hre- -ppsnefndar Holtshrepps og U.M.F.H. um stofu þá er hreppurinn hefur látið byggja yfir kjallara U.m.f.h. á Ketilási. Jón Hermannsson bar upp svo hljóðandi tillögu Fundurinn samþykkir að fresta umræðum um samninginn til næsta fundar, vegna þess hve fáir eru mættir á þessum fundi. Tillagan var samþykt síðan var málið tekið út af dagskrá
7. mál. Formaður hóf máls á því að reynt yrði að fá skíða -kennara fyrir hönd U.M.F.H. í málinu töluðu Jón H. Steingrímur Þ. og fleiri. ~~S~~ Steingrímur Þ. kvaðst skyldað vegna að fá fyrir kennara Kristján Einarsson. Framhaldi við þessa skíðakenslu minntist formaður á að reina að fá leikfimiskennara, og nefndi þar til Stein Jónsson.
8. mál. Formaður stakk upp á að reynt yrði að fá Þorlák Stefánsson til að kenna söng, þar um voru daufar umræður.
9. mál. Fundarstjóri gat þess að reint yrði að girða af lóð félagsins á Ketilási og planta þar út trjám.
10. mál. Kosið í nefndir. Ritnefnd. Símon Jónsson Steingrímur Þorsteinsson og Jón Hermannsson.
Framsögunefnd var sú sama og kosin var á aðalfundi
Fundarstjóri til næsta fundar Einar Hallgrímsson
Fundarstjóri þakkaði góðar umræður og sleit fundinum



120. Fundargjörð.

Sunnudaginn 10. des. 1939.

Var fundur haldinn í U.M.F.H. á „Ketilási“
Fundinn setti formaður félagsins og nefndi ritara, Jón Jónsson
Gjörðir fundarins voru, sem hér segir.
1. mál: Lesið upp blað félagsins.
2. mál: Rætt um sölu á heyi félagsins, og var Valgarði Kristjánssyni í Lambanesi selt heyið fyrir 150,00 kr. Þar, sem það nú stendur, og greiði hann það eftir hentugleikum á næsta ári.
3. mál: Rætt um jólatré, og aðrar skemtanir um jólin. Valgarður Kristjánsson ætlar að smíða jólatré, fyrir Ungmennafélagið; að öðruleyti var þessum málum vísað til skemtinefndar, til frekari framkvæmda.
4. mál: Steingrímur Þorsteinsson ræddi um hvort ekki ætti að halda áfram við að koma í rækt lóð félagsins fyrir sunnan húsið, girða hann og búa hann undir ræktun að svo miklu leyti, sem ~~ætti~~ ástæður leifa. Fundurinn var því samþykkur að gera það, sem hægt er í þessu máli.
5. mál: Félagið lánaði þeim Hannesi Hannessyni og Jóni Jónssyni sement Hannesi Hannessyni 1½ tunnu, Jóni Jónssyni 1½ tunnu og skulu þeir greiða það í sömu mynd aftur.
6. mál: Petra Stefánsdóttir á Hami sagði sig úr félaginu, og þakkaði formaður henni góða starfsemi í þágu félagsins.
7. mál: Kosinn vara gjaldkeri Jón Jónsson.
8. mál: Kosið í nefndir. Í ritnefnd Símon Jónsson, Steingrímur Þorsteinsson og Hannes Hannesson. Í framsögunefnd Björn Stefánsson, Jón Jónsson og Símon Jónsson. Fundarstjóri til næsta fundar Jón Jónsson. Fundarstjóri þakkaði góðar umræður og sagði fundi slitið.

121. Aðalfundargjörð 1940.

Fimtudaginn 8. febr. 1940.

Hélt Ur.M.F.H. aðalfund sinn á Ketilási. Fundinn setti formaður félagsins, Hannes Hannesson, og nefndi til fundarritara Jón Jónsson. Gjörðir fundarins voru þessar.
1. mál: Lesin upp dagskrá fundarins.
2. mál: Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi, og samþikt óbreitt.
3. mál: Gefið yfirlit yfir starfsárið af formanni félagsins; voru umræður minni en búast mátti við um, þau málefni. Flestir voru á því að vel hefði verið unnið að málum félagsins á liðna árinu.
4. mál. Lesið upp nafnaskrá og lög félagsins. Lögin voru sam-

þikt með þeim viðauka, að kjósa umsjónarmann, með eignum félagsins á hverju ári

5. mál: Kosið í stjórn félagsins. Kosningu hlutu þessir.
Formaður. Steingrímur Þorsteinsson. Til vara. Hannes Hannesson.
Gjaldkeri. Hjálti Kristjánsson. Til vara. Guðmundur Antonsson.
Ritari. Bjarni M. Þorsteinsson. Til vara. Símon G. Jónsson.
Endurskoðendur á reikningum félagsins. Jón Jónsson og Hannes Hannesson. Umsjónarmaður félagsins Jón Jónsson.

6. mál: Kosið í skemtinefnd. Kosningu hlutu þessi. Guðmundur Antonsson, Ásvaldur Hjálmarsson og Sigurbjörg Björnsdóttir.

7. mál: Framtíðarstarfsemi félagsins. Framsögumaður Steingrímur Þorsteinsson. Þar kom margt til sögunnar, sem snerti framtíðina, svo sem að rækta og girða í kringum lóð félagsins fyrir sunnan húsið, gera við húsið sjálft, fara skemtiferð á næsta sumri og margt fleira. Um alt þetta urðu miklar umræður, sem von var. Samt varð ekkert úr neinu, og öllu vísað til framhaldsumræðu.

8. mál: Skólabörnunum var lánað húsið fyrir skemtun á næsta vori, og samþykt að hjálpa þeim með allan undirbúning, svo sem hægt er. Ekki var kosið í framsögunefnd, þar sem svo mörg mál biða lausnar, og ekki heldur í ritnefnd því stjórnin sér vanalega um útgáfu blaðsins næst eftir aðalfundinn. ~~...~~ fundarstjóri til næsta fundar Steindór Hermansson.

Fundarstjóri þakkaði fyrir umræðurnar og sagði fundinum slitið

122 Fundargjörð

Sunnudaginn 1 Desember 1940
Var fundur haldinn í Ungmennafélagi Holtshrepps að Ketilási. Fundarstjóri var Steingr. Þorsteinsson og fundarritari Valgarð Kristjánsson. Á fundinum voru mættir 14 félagsmenn

1 mál formaður félagsins las upp bréf frá sambandi Íslenskra Ungmennafélaga þess efnis að sambandið óskar eftir upptöku Ungmennafélagsins í Sambandið og telur upp hlunnindi þau sem sambandið hefur að bjóða. Jafnframt sendi sambandsstjórnin lög sambandsins, og las formaður þau upp á fundinum. Um ~~x~~ málið urðu litlar umræður vegna tíma leisis og var því vísað til næsta fundar

2 mál Formaður bar upp þá tillögu hvort félagið vildi ekki hafa jólatré og var það samþykt í einu hljóði. Um málið urðu nokkrar umræður og nefnd kosin í málið þessi voru kosin St. Þorsteinss. Hjalti Kristjánss. Sigurlaug Bogadóttir.

3 málefni Jóla skemtun. Talað var um að hafa skemtun um jólin um málið urðu nokkrar umræður og var skemtinefnd falið að koma málinu í framkvæmd. Fleira kom ekki til umræðu fundi slitið

ritari V. Kristjánsson

123 Fundargjörð

Sunnudaginn 16 febrúar 1941 Var Aðalfundur Ungmennafélags Holtshrepps haldinn á Ketilási. Fundinn setti formaður félagsins Steingrím Þorsteinss. og ritari var Jón Jónsson í fjarveru aðalritara sem var Bjarni Þorsteinsson.

Á fundinum voru mættir nokkrir gestir sem boðnir voru auk félagsmanna sjálfra. Áður en fundarstörf byrjuðu bauð formaður gestina velkomna með nokkrum vel völdum orðum, og svo var sungið Eg vil elska mitt land, og var þá tekið til fundarstarfa

1 Lesin upp dagskrá fundarins
2 Lesið upp blað félagsins Vísir af Hannesi Hannessyni voru þar góðar greinar og betur að svo væri á hverjum fundi
3 Lesnir upp. Reikningar félagsins fyrir árið 1940 las Hannes Hannesson þá upp, í stað aðalgjaldkera Hjalta Kristjánssonar sem var fjarverandi reikningarnir voru samþiktir í einu hljóði án nokkurra umræðu.
4 Formaður skýrði frá störfum félagsins á liðna árinu Hvað hann störfin vera heldur lítil, aðeins þær skemtanir því nú var ekki heyað vegna þess að síðan var svo slæmt þá var byrjað á heyskap og unnu nokkrir félagsmenn sér dagsverk, sem ekki urðu að neinu gagni; samþikti því fundurinn að þeir sem ekki unnu skildu vera lausir við að greiða dagsverk í þetta sinn, bara að vera duglegir næst enda vonar maður að betur takist með heyskapinn næst

5 Kosið í stjórn félagsins kostninga hlutu þessir
Form Steingrímur Þorsteinsson til vara Hannes Hannesson
Ritari Jón Jónsson til vara Hjálmar Jónsson
Gjaldkeri Björn Stefánsson til vara Sigurbjörn Bogason
Skemti nefndar kostninga hlutu þessir
Sigurbjörn Bogason til vara Sigurður Pálsson
Sigurlaug Bogadóttir til vara Valgarð Kristjánsson
Hjálmar Jónsson til vara Alfred Hallgrímsson

6 Lesin upp lög félagsins og nafna skrá félaga í félaginu en nú starfaði 31 maður.
7 Skipað í framsögunefnd það eru Valgarð Kristjánsson Hjálmar Jónsson og Alfred Hallgrímsson

8 Áður en fundi var slitið voru frjálsar umræður fyrir alla fundarmenn
Fyrstur tók til máls Guðmundur ~~[illegible]~~ formaður úr félaginu Von. Þakkaði hann boð félagsins fyrir hönd félaga sinna; Gekk ræða hans mest útá ~~[illegible]~~ samstarf milli félaganna í framtíðinni og fórust honum prýðilega orð um félagsskapinn yfir höfuð og var mjög bjartsýnn um framtíðina annars var þetta löng ræða og því ekki hægt að skrifa hana hér.
Næstur tók til máls Guðm Antonsson ræddi hann einig um sameiningu milli félaganna sérstaklega þó um Íþrótta mál og bindindismál hvatti hann Ungmennafélagið til að ganga í Héraðssambandið til þess að geta með betri kjörum fengið Íþrótta-kennara og ýmsar önnur þæindi sem sambandið hefur að bjóða. Líka benti hann á að félaginu ætti að beita sér fyrir því að áfengisnautn færi ekki vaxandi og væri af alefli að útrýma áfengi með öllu til heilla og blessunar í framtíðinni;
Þá tók til máls Kristinn Jónasson var ræða hans svipuð og hinna taldi hann samvinnu milli félaganna æskilega í ýmsum greinum. Ræddi hann aðallega um Íþrótta mál og hvatti menn til dáða í þeirri grein
Og nú tók til máls Hannes Hannesson gekk ræða hans í svipaða átt og hinna um Íþrótta mál í þessu sambandi líka bað hann athuga það að reyna að halda

Íslenskska málinu svo hreinu og rétti sem hægt er vegna þess að því er mikil hætta búin nú sem stendur vegna þeirra útlendinga sem hér dvelja nú,
Og er tók til máls Steingrímur Þorsteinsson og þakkaði ræðu mönnum sínar ræður og fór sjálfur í ræðu sinni út í ýms mál svo sem Íþrótta mál bindindismál og fleira, en ett var þó undarlegast af öllu og það var að þessir menn sem töluðu voru allir sammála um hlutina eins og þeir virtust liggja fyrir. Jæ svona er nú högtt í Strákunum hvenær sem smérið kemur.
Eftir þessu öllu saman var sungið kvæði svo glatt að því búnu sagði fundar stjóri fundi slitið og þakkaði góðar umræður
fundar stjóri síðasta fund Sig Pálsson

fundar stjóri Steingrímur Þorsteinsson
fundarritari Jón Jónsson

124 Fundargjörð

3/3 1941 Var fundur haldinn í U.M.F.H. að Kirkjuhúsi. Fundinn setti Steingrímur Þorsteinsson og fundarritari var Hjálmar Jónsson
Fyrst var lesin upp fundargjörð frá síðasta fund og samþikt. Þá var lesið upp úr blaðinu af Jóni Jónssyni. Voru í því margar góðar greinar sem fjölluðu um málefni sem þörf væri á að félagsmenn veittu athygli.
Talað var um að hafa skemtun um Páskana eða eftir ef tök væru á, en þó var ekki tekin nein föst ákvörðun í því efni sökum þess að fundurinn var svo fámennur var málinu vísað til næsta fundar ásamt fleira sem drepið var á.
Var samt skemtinefnd falin framkvæmdi málinu ef hún hefði tök á að framkvæma það fyrir næsta fund
fleira kom ekki til umræðu.
Fundi slitið

125 Fundargjörð

Fimmtudaginn 17 April 1941
Hélt Ungmennafélag fund á Ketilás
Fundarstjóri Steingrímur Þorsteinsson / fundinn sátu 17 félagsm
Skrifari Gunnlaugur Kristjánsson. og 2 utan félags
Dagskrá fundarins var
1 lesin upp fundargjörð frá 3 mars og samþykt
2 Húsmál. Talað var um standsetninga á Húsinu,
um mál þetta urðu nokkrar umræður og var það álit
félagsmanna að. Húsið lægi undir stór skemdum eins og
það væri núna og einnig illa útlítandi að mörgu leiti.
Tóku margir til máls og í sambandi við þessar umræður
var því haldið að Hirst hafði að Siglfirðingar hefðu það í
huga að fá Húsið á Ketilás fyrir Sumarbústað handa
konum og börnum var um þetta mikið rætt og
komu fundarmenn sér saman um að ekki mundi
félagið vera skaðlaust af að leigja Húsið fyrir minna en
500,00 fimm hundruð krónur þar sem hin Árlega
vorskemtun yrði ef til vill að falla niður af þeirri ástæðu
var svo málið tekið út af dagskrá

og 3ja mál fyrir tekið sem var um skemtun hjá
Ungmennafélaginu en þar sem búið var að ákveða
skemtun á Sumardaginn fyrsta hjá stíflu félaginu
eins höfðu skólabörnin ákveðið að hafa skemtun 3ja
mál þá gat fundurinn ekki tekið neina ákveðna afstöðu
til málsins, nema vísa því til skemtinefndarinnar
í fylsta trausti til frekari úrlausnar
4 mál Var um hina Árlegu vorskemtun. Tók Steinn Jónsson
á Hring til máls með langri ræðu og óskaði eftir að
samvinna gæti tekist milli félaganna ef um
vorskemtun yrði að ræða og gat þess líka að strákarnir
sem voru á Hólum, vildu helst fá Sauðkræklinga til að
spila boltann við okkur, en taldi vafa samt að Hóla-
strákar fengust til að spila með okkur ef engin
félagsskapur yrði milli félaganna með skemtunina, en
þegar svona var komið málum þurfti fundarstjóri
Steingrímur Þorsteinsson að hverfa af fundi og kaus hann
Valgarð Kristjánsson til aðstjórna fundinum sem eftir var
Einnig tók til máls hinn utanfélagsmaðurinn
Guðm Antonsson Um mál þetta urðu
miklar umræður og upplístist meðal annars að Ungmenn-
-afélagið í Stíflu hafði verið boðin þáttaka við síðustu
vorskemtun en formaður Stíflufélagsins ekki gjört
meira með það tilboð en að stinga því í vasann.
voru fundarmenn því fylgjandi að samvinna yrði milli
félaganna þó svo tækist til. þar sem yrði um mikið
fullkomnari og betri skemtun að ræða ef félögin
legðu krafta sína saman, en gátu þess að um vorskemt-
un yrði ekki að ræða ef félagið leigði Siglfirðingum Húsið
fyrir þann tíma

5 mál Valgarður Kristjánsson stakk uppá því að ef
félögin gætu ekki haft vorskemtun að þau hefðu
þá sameiginlega skemtun úti í sumar. Tóku félagsmen
vel í það og gat Guðm Antonsson þess að búið væri
að kjósa nefnd til að undirbúa skemti ferði þeirra
félagi og væri ákveðinn fundur hjá þeim Sunnudaginn
27 apríl og væri það ein mitt gott að fá nefnd frá
þessu félagi til við tals. var svo málið tekið út af dagskrá

6 mál Ákveðið var að hafa Ungmenna félags fund
26 apríl. sagði fundarstjóri svo fundi slitið
og þakkaði góðar umræður
Gunnl Kristjánsson

126 Fundargjörð

Sunnudaginn 8/6 1941
Var haldinn fundur í Ungmennafélagi Holtshrepps
að Ketilási Fundarstjóri var formaður félagsins Steingrí
Þorsteinsson og skipaði hann fundarritara Bjarna Þ son
Fundinn sóttu flestir félagsmenn og einnig
Vilberg Hannesson Melbreið Sigurður Sigurðsson Lundi
og Steinn Jónsson Hring, en þeir komu á fundinn sem
fulltrúar félagsins Von í Stíflu til að tala um sameigin
lega vorskemtun félaganna
Mál þau er tekin voru fyrir á fundinum voru þessi
1 Vorskemtunin framsögumaður Steingrímur Þorsteinsson
Talaði hann um fyrirkomulag skemtunarinnar

og nauðsyn þess að halda hana, þar sem hún gæfi af sér mestar sekjur félagsins árs árlega. Hann ræddi og um það að Ungmennafél. Vor. fengi að vera með í skemtuninni og sagði hann fyrir sitt leiti að það væri sjálfsagt. ef Vor. tæki að sér helming kostnaðarins við skemtunina og sæi um alla fyrirhöfn hennar á móts við Ungmennafél. Holtshrepps. Hann talaði einnig um skemti atriði og sjálsagt væri að reyna að hafa hana sem fjölbreyttasta. Næstur tók til máls Stein Jónsson, með eldmóði ákugans eins og honum er lagið hann fjalst algjörleg á það að fá Vor. sæi um skemtunina jafnt og U.M.F.H. og bæri helming kostnaðar og ágóðanum yrði svo skift jafnt á milli félaganna. Margir fleiri tóku til máls og skýrðu sína afstöðu til málsins s. v. s. Jón Jónsson, Helgast Hjalti Kristjánsson, St. Rekkten og margir fleiri. Allir voru þeir á eitt sáttir með að halda skemtunina og var það og einnig úr að bæði félögin slægju saman og heldu skemtunina í félagi. Stein Jónsson stakk uppá því að kosin yrði nefnd til að sjá um skemti atriði í skemtuninni og var það samþykt. Stungið var uppá í nefndina. Valberg Hermannsson Bjarni Þorsteinsson, Sigurður Sigurðsson og Jón Hermannsson.

Að því búnu sagði fundarstjóri fundi slitið og þakkaði góðar umræður. Í nefndina var ekki kosið.

B. Þorsteinsson ritari
S. [signature] fundarstjóri

127 Fundargjörð

Sunnudaginn 23 nóvember 1941.
Var fundur haldinn í Ungmennafélagi Holtshrepps að Ketilási. Fundarstjóri var Svanberg Pálsson en fundarritari Valgarð Kristjánsson.
Á fundinum voru mættir alls 13 félagsmenn.
Fundurinn hófst með því að Bjarni Þorsteinsson las upp kafla úr sögu sem heitir Kristalsklá. Þá hófst fundurinn. Formaður félagsins St. Þorsteinsson gat þess að honum og Jóni Hermannssyni hefði verið falið að út vega leikrit og hafðu þeir von um að fá það innan skams. Fundargjörð frá síðasta fundi var ekki lesin upp og engin sérstök mál lögð fyrir fundinn. Þá bar Bjarni Þorsteinsson fram spurningu fyrir fundinn hvort ekki

mundi vera hægt að fá Ternis í sal gólfið. Þá var og rætt um aðra en dar bátur á Húsinu og stjórninni falið að útvega það sem til, undir bátana þarf svo framarlega sem það er fáanlegt.
Þá var kosin skemtinefnd til að sjá um jólaskemtun félagsins. Kosningu hlutu þeir Bjarni Þorsteinsson Jón Hermannsson og Helgi Pálsson.
Því næst var rætt um að tekin yrði upp sú regla að 2 menn yrðu kosnir á hverjum fundi til þess að lesa upp eða skemta á annan hátt á fundum félagsins kosnir voru Jón Hermannsson Valgarð Kristjánsson.
Þá var kosið í nefndir; Í Framsögunefnd Jón Guðbjörnsson, Steindór Hermannsson og Alfred Hallgrímsson.
Í ritnefnd Hjalti Kristjánsson Hjálmar Jónsson og Svanberg Pálsson.

Fundarstjóri til næsta fundar
Gunnlögur Kristjánsson
Fundi slitið
Vg. Kristjánsson

128 Fundargjörð

9-11-1941 var fundur haldinn í Ungmennafélagi Holtshrepps að Ketilási. Fundarstjóri var formaður félagsins Steingrímur Þorsteinsson og nefndi til fundarritara Jón Hermannsson.

Dagskrá fundarins.

1 mál Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi af Bjarna Þorsteins og var hún samþykt án breytinga.
2 mál Lesið upp blað félagsins Vísir. Ritari félagsins Jón Jónsson var ekki mættur á fundinum en í hans stað las upp blaðið Bjarni Þorsteinsson. Blaðið flutti góðar og efttir tektar verðar greinar og var að öllu leiti hið ágætasta bæði að efni og frá gangi. Blaðið var ekki rætt
3 mál Formaður félagsins talaði og benti á mörg störf sem félagið þyrfti að vinna í náinni framtíð Þetta var aðal efni ræðu hans. Hús félagsins á Ketilási hvað hann vera í ~~miklu~~ mjög slæmu standi og sagði það liggja undir stór skemdum en hvað það mál varða að

bíða eftir tíma til skrafs og gera gerða. Þá minntist hann á það að félagið ætti ekkert nóthæft hjá [illegible] og væri ólukkust í [illegible] og hvað hann nauðsynlegt að bætt yrði úr þessum byrjendum sem allra fyrst. Þá kvaðst hann ætla að snúa sér að því málinu sem fundarins yrði að hvað og taka ákvarðanir um, en það væri að félagið héldi skemtun nú á næstunni. Hann talaði um alla þá örðugleika sem því væru sem fara að halda skemtun nú. en tíðræddast varð um Kvennfélagshúsið. Hann sagði meðalannars að væri síns og og traust lagði hann til þeirra hverra sem um væru hjá okkur í ~~félaginu~~ um að þær í væntanlegum skemtunum í vetur yrðu ekki áberandi mannanna í dansinum heldur dönsuðu við háa sem láa með alúð og skilningi. Hann benti á að heppilegt myndi vera að fara nú þegar að hugsa fyrir leik um jólin og tók hann að sér að út vega leikrit með aðstoð Jóns Hermannssonar. Að því búnu vísaði hann skemtimálunum þessum til skemtinefndar. Skemtinefndin svaraði með því að biðjast lausnar frá störfum og neitaði að starfa til aðalfundar. Eftir þóf mikið varð það að samkomulagi að skemtinefndin lofaði að starfa framað næstu skemtun, en hins vegar sem þykkti fundarins. Að þar eftir skyldi skemtinefnd kosin fyrir hverja skemtun til aðalfundar, en þá skildi út því skorið hvort framvegis skyldi kosinn skemtinefnd til eins árs eða til einnar skemtunar.

4 mál Samþykt var að fund~~ir~~ félagsins skyldu framvegis hefjast kl. 14. Svo hljóðandi tillaga kom frá Jóni Hermannssyni. Fundurinn samþikkir að fundir félagsins verði framvegis haldnir á hálfsmánaðar fresti. Og kosnir verði á hverjum fundi þrír menn til að skemta á næsta fundi. Tillagan var samþykt.

5 mál Boð lán fyrir fundinum frá Kvennfélaginu Framtíð í Holtshreppi að það bað Ungmennafélagið að lána sér húsþæ[illegible] í kötlu[illegible] til skemtisamkomu 1 desember. Samþykt var að Kvennfélaginu Framtíð yrði lánað húsið.

6 mál Féhirðir félagsins Björn Stefánsson skýrði frá því að Víglundur Arnljótsson hefði neitað að greiða ársgjald sitt hefði hann sagst eiga hjá félaginu fyrir torfristu. Einnig sagði hann að ósamkomulag hefði komið upp milli sín og Sigríðar í Hólum þá er hann hefði verið að greiða Sigríði undir hey það er sem félagið heyaði í Hóla landi.

Hann sagðist hafa að heyaðir hefðu verið 4 ½ hestburðir og hafði borgað 4 kr. eða 1,00 kr. fyrir hvern hestburð. En Sigríður sagði að heyið hefði verið 4 6 hestar og vill fá 4,6 krónur. Hann spurði fundinn hvort það væri rétt að Víglundur ætti hjá félaginu og var því þannig svarað að rétt væri að félagið hefði fengið torfristu hjá Víglundi Arnljótssyni í Hólum. Þá spurði Björn að því hvort rétt væri að hey félagsins hefði verið 4 ½ hestburðir og sagðu þeir sem talið höfðu af bindingsmönnunum að heyið hefði verið 4 ½ hestburðir. Einnig var rætt fram og aftur um sölu á heyinu en engin ákvörðun tekin.

7 mál Kosið nefndir.
Til að skemta á næsta fundi Jón Hermannsson og Björn Þorsteinsson. Í framboðsnefnd Alfreð Hallgríms[son] Sindór Hermannsson og Jón Guðbjörnsson. Í ritnefnd Hjálmar Jónsson, Svanberg Pálsson og Kjartan Kristjánsson. Fundarstjóri til næsta funda Björn Stefánsson. Fleira ekki rætt fundi slitið

fundarstjóri
Steingrímur Þorsteins[son]

fundarritari
Jón Hermannsson

Sunnudaginn 11/1 1942

Var haldinn fundur í Ungmennafélagi Holtshrepps. Formaður félagsins Steingrímur Þorst[einsson] [illegible] fundinn og stjórnaði honum og nefndi til fundarritara Alfreð Jónsson.

I Í upphafi fundarins ávarpaði Steingrí[mur] þá félagsmenn sem saman voru komnir og þakkaði þeim fyrir gott samstarf í þágu ungmennafélagsins á liðna árinu.

II Jón Jónsson, las upp blað félagsins Vísir.

III Steingrímur lýsti því yfir að þessi fundur hefði átt að vera undirbúnings fundur undir Aðalfund en vegna veikinda og samkomubanns komu fundarmenn sér saman um að ekki yrði hægt að hafa neina skemtun

í aðalfundi eins og venja hefði verið. og var því ákveðið að hafa aðalfund án nokkurs tilstands eftir hálfan -mánuð

IIII Að endingu las Jón Hermannsson upp smásögu eftir Gunnar Gunnarsson Síðan var fundi slitið

Sunnudaginn 24 janúar 1942

Var ~~á~~ Aðalfundur ungmennafélags Holtshrepps haldin að Ketilás Fundinn setti formaður félagsins Steingrímur Þorsteinsson og bauð hann félagsmenn velkomna
Fundar skrifari var Jón Jónsson
Mættir voru á fundinum 18 félagsmenn
Þá eru gjörðir fundarins sem hér segir
1 Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi af Alfred Jónssyni og samþikt í breitt
2 Lesið upp blað félagsins Vísir af Jóni Jónssyni mátti blaðið heita sæmilega gott ensamt ætti menn að skrifa meira alment því þá yrði blaðið fjölbreittara og skemtilegra
3 Lesnir upp reikningar félagsins af gjaldkera Birni Stefánssyni. undirskrift endurskoðenda filgdi reikningunum og voru þeir samþiktir óbreitinga og hlaut gjaldkeri verðugt þakklæti fyrir starf sitt
4 Lesin upp Lög félagsins af formanni rætt var um breitingu á 6 grein laganna en varð þó ekki af að þessu sinni þá var og rætt mikið um 16 grein laganna og voru menn ekki á eitt sátta hvernig hún skildi vera sumir vildu láta hana standa óbreitta en aðrir vildu gjör breita henni. þá kom svo hljóðandi tillaga frá Jóni Jónssyni Fundurinn samþikki að 16 grein laganna standi óbreitt eins og hún nú ~~er~~ tillagan var samþikt
Þá las formaður upp nafna skrá félaga og úrsagnir þeirra Margrétar Bogadóttur og Sigurbjargar Björnsdóttur eru nú starfs menn félagsins 33
4 Rætt var um að framvegis þirfti að gánda betur um húsið ~~framvegis~~ en hingað til hefði verið gert og var hreppurinn talinn eiga mikla sök á þeirri óhirðu sem þar nú er. í því máli kom tillaga frá V. Kristjónss. og var hún svo hljóðandi

Aðalfundar Ungmennafélags Holtshrepps haldin að Ketilás 24 janúar 1942
Samþiktir, að salur hússins verði ekki framvegis lánaður til barnaskólans nema því aðeins að hann verði gerður hreinn vikulega. og vel við haldið að öðru leiti sem hvanst áður gjörðum samningi
Tillagan var samþykt með öllum greiddum atkvæðum
5 Kosið í stjórn félagsins og ýmsar nefndir

| | | |
|---|---|---|
| Formaður | Steingrímur Þorsteinsson | með 12 atkvæðum |
| Ritari | Jón Jónsson | með 11 atkvæðum |
| Gjaldkeri | Björn Stefánsson | með 12 atkvæðum |
| Vara stjórn | | |
| Formaður | Alfred Jónsson | með 9 atkvæðum |
| Ritari | Jón Hermannsson | með 5 atkvæðum |
| Gjaldkeri | Valgarð Kristjónsson | með 2 atkvæðum |

6 Fundurinn samþykti að kjósa skyldi skemtinefnd til einnar skemtunar í einu og skifta svo um menn til næstu skemtunar og svo koll af kolli þá skal víkja úr af þessari reglu þegar um vor skemtun er að ræða
3 nefnd til næstu skemtunar voru kosnir Alfred Jónsson með 11 atkv. Valgarður Kristjónsson með 7 atkvæðum og Óstvaldur Hjálmarsson með 5 —
Þá voru kosnir í málefna nefnd Helgi Pálsson Hjálmar Jónsson og Gunnl Kristjónsson
Endurskoðendur reikninganna eru Hannes Hermesson og Jón Hermannsson og umsjónarmaður með eignum félagsins er Alfred Jónsson á Molastöðum.
7 Um framtíðar starfsemi félagsins
Formaður skýrði fundinum frá störfum félagsins á liðna árinu, og svo mintist hann framtíðarinnar og þeirra mörgu mála sem þar bíða úrlausnar svo sem að gera á húsinu og blettinum þar í kring og margt og margt fleira um þetta urðu nokkrar umræður og kom öllum saman um að verja skyldi tekjum næsta árs til aðgerðar á húsinu verður það mál á dagskrá framvegis.
8 Hannes Hermesson talaði um Þegnskyldu vinnu þá sem nú er víða efst á dagskrá. benti hann á að það væri framtíðar mál fyrir ungmennafélagið um þetta mál urðu engar umræður að þessu sinni;
9 Hjalti Kristjánsson í Stórubrekku keypti hey félagsins sem félagið á í Hólaengi að vöxtum 45 hesta og fyrir 300 krónur og á að vera búinn að greiða það fyrir septemberlok næstkomandi

10 mál Steingrímur Þorsteinsson. Minntist á væntanlegan
skemtifund sem félagið ætlar að halda við tækifæri
talað var um að bjóða félaginu Von í Stíflu og fleirum ungu
fólki, skal stjórnin sjá um undirbúning þess fundar
í nefnd til þess fundar voru kosnir Jón Hermannsson
Jón Jónsson og Hannes Hannesson og í ritnefnd til sama fundar
Valgarð Kristjánsson Alfred Jónsson Hjálmar Jónsson
og Benedikt Stefánsson
11 Valgarð Kristjánsson spurði fundinn hvort félagið ætti
ekki að leggja einhverja fjárupphæð til Orgelskaupa
sem verið er að safna til með frjálsum samskotum
fundurinn taldi líklegt að félagið gerði það þegar til
kæmi ef ástæður leyfðu
12 Björn Stefánsson sagðist vera að hugsa um að kaupa
gasljós fyrir félagið og spurði hvort fundurinn væri því
ekki samþykkur og var það talið sjálfsagt einnig spurði
hann hvort 1 menn vildu ekki leggja í að keyra möl
á stéttina framan við húsið og það væna bráðlega ef
veður leyfði og var því sömuleiðis vel tekið
13 fundarstjóri til næsta fundar Benedikt Stefánsson
Fleiri mál komu ekki fram á fundinum og sagði
fundarstjóri honum slitið og þakkaði góðar um-
-ræður þess skal getið að fundurinn stóð yfir í rúma
6 klukkustundi

131 Fundargjörð

20. febrúar hélt Ungmennafélag Holtshrepps
fund að Ketilás. Fundinn setti Steingrímur Þorsteinsson
og nefndi fundarritara Hjálmar Jónsson.
1 Lesin upp fundargjörð frá Aðalfundi og samþikt
óbreitt.
2 Lesið upp blað félagsins og samþikt. Í blaðinu voru
sæmilega góðar greinar.
3 Því næst var tekið til umræðu þau málefni sem lágu
fyrir fundinum. og tók fyrstur til máls Steingrímur Þorsteins
Sagði hann að félagið þirfti að hafa skemtun á næstunni
einnig mintist hann á Boðskemtun sem félagið ætti eftir að
og væri þar boðnir Ungmennafélögum úr Stíflu og fleira
fólk úr Sveitinni sem ekki væri í félaginu Lýsti hann
því yfir að heppilegra væri að innitekta skemtunar
væri first. Því næst tók til máls Alfred Jónsson Lýsti
hann því yfir að Stíflufélagið hefði óskað eftir að fá að
vera í félagi um næstu skemtun, þar sem þeir
ætluðu að sína leikfimi og safna bögglum og sjá fyrir
spilara skifta svo ágóðanum jafnt milli félaganna
enn þeir vildu að okkar félag sæi um veitingarnar
og að það sem inn kæmi fyrir þær kæmi ekki til
skifta. Þá talaði Valgarður Kristjánsson. Sagði hann að
Skemtinefndin hefði verið búin að undirbúa skemtun
og vildi því ekki hafa neitt félag við þá framvegis að
þar sem þeir skemti liðir sem þeir höfðu ætlað að
hafa væru þarna með öllu óþarfir. Málið var rætt
af fundarmönnum og bar öllum saman um að félagið
mundi fremur tapa en græða á að hafa skemtun með þessu
fyrirkomulagi, en þó fanst flestum að það gerði svo að vera
í þetta skifti, en þó með því eina móti að Stíflufélagið
greiddi húsaleigu að hálfu á móti okkar félagi Var málið
borið upp og samþikt af meirihluta fundarmanna
þá var rætt um hvernig haga skildi Boðsskemtuninni
og var sú ákvörðun tekin að Vonarfélögum yrði boðið
og að hver félagsmaður mætti bjóða 2 þar að auki
Að endingu bar H Hannesson það undir fundinn hvort
félagsmenn vildu leggja verki í að gera við. Gilslaug
svo að hægt yrði að kenna þar sund að vori.
Benti hann á að breinandi hefði að þessu máli
yrði hrint í framkvæmd þar sem að sundnám
orðið skildu fag í hverjum Skóla Taldi hann að
unglingar hér úr Austurfljótum gætu ekki notið
sundkenslu í Barði vegna þrengsla þar
Steingrímur lýsti því yfir félagið væri ekki svo statt
fjárhagslega að það gæti sint þessu máli ásamt öðru
sem það þirfti að koma í framkvæmd
Vona að félagsmenn vildu vinna að endurreisn
laugarinnar endurgjaldslaust. Málið var ekki rætt
frekar og sagði fundarstjóri fundi slitið.

Fundarstjóri
Steingr. Þorsteinsson Hjálmar Jónsson fundarritari

 Fundargjörð

18-3 - 1942 Var fundur haldinn í Ungmennafélagi Holtshrepps. Fundinn sóttu auk félagsmanna, margir gestir, þar á meðal Ungmennafélagið Von í Stíflu. Fundinn setti formaður félagsins og bauð gestina velkomna og las upp dagskrá fundarins sem var svo hljóðandi: 1. mál Lesið upp blað félagsins. Vísir
2 mál Sameining félaganna framsögumaður Jón Jónsson.
3 mál Framtíðar verkefni félaganna framsögum. Jón Hermannsson
4 mál Þegnskylduvinna. framsögum. Hannes Hannesson
5 mál Önnur mál sem fram kunna að koma
6 mál Kosið í nefndir. Að svo búnu bað formaður félagsins Alfred Jónsson að taka við fundarstjórn og stýrði hann fundinum þar eftir. Fundarskrifarar voru Jón Hermannsson og Hjálmar Jónsson

Þá var gengið til dagskrár
1 mál Lesið upp blað félagsins Vísir af ritara félagsins Jóni Jónssyni og vararitara Jóni Hermannssyni. Blaðið flutti að þessu sinni 4 lengri og að mörgu leyti góðar greinar
2 mál Sameining félaganna framsögum. Jón Jónsson. Hann ræddi aðallega um aukna samvinnu milli Ungmennafélaganna í Holtshreppi og um möguleika fyrir því að sameina bæði félögin í eitt félag sem ætti heimili sitt við Gilslaug. Hann sagði meðal annars að sá dagur myndi koma eftir 100 ár ef hann ekki yrði kominn fyr, að félögin sameinuðust í félag þrátt fyrir alla þá örðugleika sem nú virtust vera fyrir slíku. Næstur talaði Hannes Hannesson. Hann ræddi einnig um meiri samvinnu milli félaganna, og ennfremur skýrði hann frá þeim tilraunum sem Snorri Snorrason hefði gert til þess að reyna að sameina félögin í eitt félag skömmu eftir að félögin voru stofnuð en sem hefðu engan árangur borið. Þá talaði formaður Ungmennafélagsins Von Kristinn Jónasson. Hann ræddi einnig um aukna samvinnu félaganna, og sagði meðal annars að félögin gætu starfað meira saman en þau hefðu gert, þó að þau ekki sameinuðust í eitt félag. Þessir töluðu í málinu:

Jón Jónsson: 1 sinni.
Hannes Hannesson: 1 — " —.
Kristinn Jónasson: 1, — " —.
Steingr. Þorsteinsson: 1 — " —.
Steinn Jónsson: 1 — " —.

3. mál: Framtíðarverkefni félaganna. Framsögum. Jón Hermannsson. Hann ræddi um þau verkefni, sem biðu félaganna í framtíðinni, ef þau tækju upp meiri samvinnu en verið hefði. Þau mál, sem hann taldi að félögin þyrftu að beita sér fyrir voru þessi: Menningarmál sveitanna, Íþróttamálin, Skemtiferðamál félaganna, Bindindismálið, Verndun Íslenskrar tungu og flótti æskulýðsins úr sveitunum í kaupstaðina.

Þegar hann hafði lokið máli sínu þá hentu hann fundarstjóra tillögu, sem var þegar lesin upp og lögð fyrir fundinn til umræðu samhliða málinu. Tillagan var svohljóðandi:

Fundurinn samþykkir að kosin verði á sameiginlegum fundi félaganna ár hvert 5 manna nefnd, sem skuli vinna að undirbúningi á framkvæmd sameiginlegra málefna félaganna. Nefndin skal vera þannig kosin að bæði félögin kjósi alla mennina, en þó þannig að félögin ~~þ~~ hafi til skiftis annað hvert ár 3 menn í nefndinni.

Næstur á eftir framsögumanni talaði Hannes Hannesson. Hann ræddi aðallega um sundlaugarbygginguna við Gilslaug og vildi láta félögin í sameiningu taka það mál að sér. Þá tók til máls Steinn Jónsson. Hann talaði fyrst um Menningar- og Íþróttamálin og kvað nauðsyn á að félögin beittust (~~einkum~~) einbeittlega fyrir þeim málum. Þá sneri hann sér að sundlaugarmálinu, og lýsti því yfir að hreppsnefndinni ~~þ~~ hefði verið falið á miðsvetrarfundi, að sjá um framkvæmd ~~og~~ á sundlaugarmálinu, og vildi því ekki að félögin beittu sér fyrir því. Þessir tóku til máls:

Jón Hermannsson: 1 sinni.
Hannes Hannesson: 4 — " —.
Steinn Jónsson: 2 — " —.
Steingr. Þorsteinsson: 1 — " —.
Kristinn Jónasson: 1 — " —.

Að loknum umræðum um málið ~~þ~~ bar fundarstjóri upp tillöguna, og var hún samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða.

Það varð að samkomulagi að nefndin skyldi kosin á þessum fundi; þannig að stungið yrði upp á mönnunum og einnig að U. M. F. H. hefði 3 nefndarmenna þetta ár. Þessir hlutu kosningu af hálfu U. M. F. H:

Jón Hermannsson.
Jón Jónsson.
Helgi Pálsson.

Af hálfu U. M. F. Von:
Valberg Hannesson.
Bjarni Pétursson.

Þar eð þótti ~~(...)~~ var farið að leiðast að sitja á fundinum, og fundurinn orðinn langur var 4. mál: tekið út af dagskrá.

5. mál: Kosið í nefndir: Í Skemmtinefnd.
Steindór Hermannsson
Jón Guðbjörnsson.
Hjalti Kristjánsson.

Í Ritnefnd: ~~Gunn~~
Gunnlaugur Kristjánsson.
Jón Hermannsson.

Önnur mál. Helgi Pálsson.

6. mál: Steinn Jónsson tók til máls og ræddi um það hversu mikil ástund-vísi væri nú orðin ríkjandi hér í sveitinni, og hvað Ungmennafélögin eiga að [illegible] bæta úr þeim vandræðum, er slíkt leiddi af sér.

Þessir töluðu í málinu:
Steinn Jónsson 1. sinni.
Steingr. Þorsteinsson 1 —"— .

Fundarstjóri til næsta fundar var skipaður Hannes Hannesson.
Fundarstjóri þakkaði góðar umræður og sagði fundi slitið. Að fundi loknum skemmtu menn sér við kaffidrykkju og dans fram á bjartan og heiðríkan næsta dag.

Fundarstjóri
Steingr. Þorsteinsson

Fundarritari
Símon Jónsson.